

*Úrskurðarnefnd um viðskipti við  
fjármálafyrirtæki*

*Samantekt úrskurða*

*2002*

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, fimmtudaginn 18. apríl, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Gunnar Viðar, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 28. janúar 2002 með kvörtun umboðsmanns sóknaraðila, dagsettri 23. janúar 2002. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. janúar 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 20. febrúar 2002 með bréfi hans, dagsettu 19. febrúar 2002. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. febrúar 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins dagsettu 27. febrúar 2002. Þá óskaði nefndin eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 18. mars 2002. Svar barst með bréfi varnaraðila, dagsettu 21. mars 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. og 23. mars, 11. og 18. apríl 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Samkvæmt upplýsingum sóknaraðila gerði hann fyrri hluta árs 2000 samning við varnaraðila um vörslu verðbréfa. Samningurinn er nr. XXXXX. Það afrit sem nefndinni hefur borist er ódagsett og óundirritað af hálfu sóknaraðila. Ekki er þó deilt um að samist hafi svo um með aðilum sem þar greinir. Samkvæmt samningi þessum skyldi varnaraðili hafa með höndum vörslu verðbréfa fyrir sóknaraðila og fjárfesta fyrir þau bréf sem óskað væri eftir hverju sinni eða leggja andvirðið inn á reikning sóknaraðila. Samhliða samningnum veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til að innleysa og innheimta afborganir, verðbætur og vexti af verðbréfum í vörslu varnaraðila. Náði umboðið og til að stofna sparifjárreikning í nafni sóknaraðila og leggja inn fé á reikninginn og taka út. Í 4. gr. samnings aðila var mælt fyrir um að sóknaraðili gæti sent fyrirmæli sín um verðbréfakaup skriflega með símbréfi eða tölvupósti. Jafnframt gæti sóknaraðili gefið fyrirmæli í síma til starfsmanna varnaraðila um einstök verðbréfakaup. Sagði í samningnum að beiðni um verðbréfakaup sem bærst með þessum hætti væru á ábyrgð vörsluþega. Jafnframt var kveðið á um að sóknaraðila væri kunnugt um að öll

símtöl væru hljóðrituð á segulband. Voru aðilar sammála um að gögn eða skrifleg fyrirmæli sem bærust til varnaraðila skyldu lögð til grundvallar ef ágreiningur risi um einstök verðbréfa kaup.

Samkvæmt viðskiptayfirliti, dagsettu 30. júní 2000, var verðmæti verðbréfa í vörslu varnaraðila kr. 2.952.571,- Samkvæmt viðskiptayfirliti, dagsettu 30. desember 2000, sem barst sóknaraðila með bréfi varnaraðila, dagsettu 1. mars 2001, var markaðsvirði verðbréfa hans kr. 223.168,- Það yfirlit var þó rangt í fjölmörgum atriðum.

Hinn 4. maí 2000 gerðu aðilar með sér skiptasamning nr. XXXXXXXX um annars vegar hlutabréf í A miðað við viðmiðunargengið 73,868 og hins vegar kr. 5.023.024,- í íslenskum krónum. Var gildistími samningsins frá 4. maí - 4. júlí 2000. Þann dag var gerð skilmálabreyting á samningnum þess efnis m.a. að gildistími samningsins skyldi vera til 27. febrúar 2001. Undir samninginn og skilmálabreytinguna ritaði fyrir hönd sóknaraðila sá starfsmaður varnaraðila sem hafði ritað undir vörslusamning aðila fyrir hönd varnaraðila.

Áður en til þessa samnings kom höfðu aðilar gert með sér skiptasamning, dagsettan 8. október 1999, sem gerður var upp 5. nóvember 1999 og fékk sóknaraðili greiddar kr. 235.162,55 í hagnað við uppgjörið. Undir samninginn ritaði sóknaraðili sjálfur. Hinn 7. janúar 2000 gerðu aðilar með sér skiptasamning, sem gerður var upp 11. apríl 2000 og nam hagnaður sóknaraðila af honum kr. 376.867,18. Þá gerðu aðilar enn fremur með sér skiptasamning 27. janúar 2000 sem gerður var upp 25. febrúar 2000 og hagnaðist sóknaraðili þá um kr. 85.197,60. Síðastnefndu tvo samninganna ritaði áður greindur starfsmaður varnaraðila undir fyrir hönd sóknaraðila og er ekki ágreiningur um að það hafi verið í samræmi við fyrirmæli sóknaraðila. Hann kveðst hins vegar ekki hafa mælt fyrir um gerð samnings nr. XXXXXXXX.

Með bréfi varnaraðila til sóknaraðila, dagsettu 7. maí 2001, var sóknaraðili krafinn um frekari tryggingar að andvirði 2.698.398,- ella áskildi varnaraðili sér rétt til að loka samningi aðila. Umræddur skiptasamningur nr. XXXXXXXX var gerður upp hinn 20. ágúst 2001 og nam tap sóknaraðila af samningnum kr. 3.455.341,- Ritaði sóknaraðili sjálfur undir uppgjörið. Hinn 31. ágúst 2001 gerðu aðilar máls þessa með sér lánasamning þar sem sóknaraðili tók að láni hjá varnaraðila kr. 2.821.000,- sem greiðast skyldi 30. október 2001. Sagði að lánið væri veitt til greiðslu skiptasamninga hjá varnaraðila. Síðastgreindan dag gerðu aðilar málsins með sér nýjan lánasamning þar sem sóknaraðili viðurkenndi að skulda varnaraðila kr. 2.896.227,- Var umsaminnt gjalddagi 26. nóvember 2001. Enn var lánið framlengt og nú með gjalddaga 28. desember 2001. Skyldi sóknaraðili þá greiða kr. 2.972.665,05.

Í nóvember og desember 2001 og janúar 2002 spurðist sóknaraðili fyrir um mál sín hjá varnaraðila og óskaði m.a. með rafpósti eftir afriti af vörslusamningi sínum. Með rafpósti til sóknaraðila, dagsettu 8. janúar 2000, kvaðst varnaraðili ekki sjá að gerð hafi verið mistök af hálfu varnaraðila eða gefnar misvísandi upplýsingar. Segir í rafpóstinum að samkvæmt „tölvupósti og símtölum“ virðist sóknaraðili ávallt hafa verið vel upplýstur um það sem hafi verið að gerast varðandi viðskipti hans.

Á árinu 2000 voru keypt og seld í nafni sóknaraðila hlutabréf í ýmsum erlendum hlutafélögum. Um var að ræða svokölluðuð „*daytrade-viðskipti*“ sem alls áttu sér stað 23 sinnum á árinu. Hinn 13. desember 2000 voru keypt í nafni sóknaraðila hlutabréf í B fyrir kr. 5.374.309,- á genginu 81,58. Bréfin voru seld 18. desember 2000 fyrir kr. 4.609.410,- á genginu 71,53. Nam tapið á viðskiptunum kr. 764.899,-.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðili greiði honum kr. 4.220.240,- auk vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987 af kr. 764.899,- frá 18. desember 2000 til 1. júlí 2001 en með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 frá 1. júlí 2001 til 20. ágúst 2001, en með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 af kr. 4.220.240,- frá 20. ágúst 2001 til greiðsludags. Til vara er þess krafist að vaxtakrafa miðist við 16% vexti sem varnaraðili hafi áskilið sér í samningnum við sóknaraðila. Til þrautavara er þess krafist að vaxtakrafa miðist við almenna vexti en dráttarvexti frá 23. janúar 2002. Loks er þess krafist að varnaraðili greiði sóknaraðila meintan kostnað vegna lögfræðiaðstoðar sem síðastgreindan dag hafi numið kr. 187.000,- að viðbættum virðisaukaskatti kr. 45.815,-.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að hann hafi fengið óskýrar og villandi upplýsingar frá varnaraðila um verðbréfaeign sína hverju sinni. Hafi þetta gert það að verkum að hann hafi ekki gert athugasemdir við þær upplýsingar sem hann fékk sendar og hafi talið sér skylt að ganga til samninga við varnaraðila um skuld sem varnaraðili hafi talið sig eiga hjá honum. Sóknaraðili kveður varnaraðila ítrekað hafa farið langt út fyrir heimildir þær sem félagið hafi haft til ráðstafana í nafni sóknaraðila. Eigi það bæði við um val á fjárfestingum og fjárhæð samninga. Hafi varnaraðili m.a. ráðist í fjárfestingar og samningagerð án samþykkis sóknaraðila, þrátt fyrir að skriflegt samþykki sóknaraðila hafi sérstaklega verið áskilið í fjárvörslusamningi aðila.

Þá kveður sóknaraðili að sér hafi ekki verið veittar nægjanlegar upplýsingar um eðli þeirra viðskipta sem varnaraðili gerði í hans nafni, sér í lagi um þá áhættu sem í þeim var fölgín. Eigi þetta sérstaklega við um gerð skiptasamninga sem hafi í för með sér verulega áhættu. Hafi varnaraðili því algerlega brugðist ráðgjafarhlutverki sínu. Bendir sóknaraðili sérstaklega á að varnaraðili hafi ítrekað gert samninga sem hafi verið verulega hærri en andvirði þeirra verðbréfa sem sóknaraðili hafði í vörslu hjá varnaraðila.

Sóknaraðili telur að skiptisamningur sem gerður var í hans nafni um bréf í A sé ekki skuldbindandi fyrir hann þar sem samningurinn hafi ekki verið gerður með samþykki sóknaraðila í samræmi við ákvæði vörslusamnings aðila. Þá hafi hvorki vörslusamningur aðila né verðbréf þau sem varnaraðili var með í vörslu sinni, gefið forsendur til að ráðast í slíka samningsgerð í nafni sóknaraðila. Þá hafi sóknaraðila ekki verið gerð grein fyrir áhættu þeirri sem fælist í skiptisamningum af þessu tagi.

Sóknaraðili kveður enn fremur að varnaraðili hafi við uppgjör aðila sumarið 2001 beitt yfirburðastöðu sinni gagnvart sóknaraðila með þeim afleiðingum að sóknaraðili hafi skrifað undir lánsamninga vegna þeirrar viðskiptaskuldar sem varnaraðili hafi krafist hann um. Telur sóknaraðili þá samninga ekki getað verið grundvöll greiðsluskyldu hans gagnvart varnaraðila með hliðsjón af tilurð þeirra.

Kröfu sína sundurliðar sóknaraðili svo að annars vegar sé gerð krafa um að varnaraðili bæti honum það tjón sem félagið hafi valdið honum með því að gera í hans nafni án heimildar hinn 4. maí 2000 skiptasamning um hlutabréf í A, en samkvæmt uppgjöri, dagsettu 20. ágúst 2001, hafi tapið á þeim samningi numið kr. 3.455.341,-. Hins vegar krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum skaðabætur vegna þess tjóns sem félagið hafi valdið honum með því að kaupa hinn 13. desember 2000 í nafni sóknaraðila hlutabréf í B að verðmæti kr. 5.374.309,- sem síðar voru seld fyrir kr.

4.609.410,- eða með tapi upp á kr. 764.899,-. Nemur bótakrafa sóknaraðila því alls kr. 4.220.240,- auk vaxta og kostnaðar eins og fyrr er rakið.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili hafnar því alfarið að félagið beri bótaábyrgð á viðskiptum sóknaraðila og krefst þess að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum sóknaraðila.

Varnaraðili kveður viðskipti aðila mega rekja til vináttu sóknaraðila við fyrrum starfsmann varnaraðila. Hafi þeir verið fyrrum vinnufélagar og í miklum samskiptum, m.a. vegna viðskipta aðila á meðan umræddur starfsmaður vann hjá varnaraðila, þ.e. til áramóta 2000 og 2001.

Varnaraðili telur undirritað eintak samnings aðila um vörslu verðbréfa annað hvort hafa glatast eða það ekki hafa borist varnaraðila. Hins vegar liggi fyrir að vörslureikningur sóknaraðila hjá varnaraðila hafi verið stofnaður 28. apríl 1999 og megi ætla að vörslusamningurinn hafi verið gerður um það leyti.

Varnaraðili heldur því fram að kaup og sala sóknaraðila á verðbréfum hafi aðeins farið fram samkvæmt fyrirráðum sóknaraðila sjálfs. Hafi fyrrum vinnufélagi sóknaraðila og þáverandi starfsmaður varnaraðila annast verðbréfavíðskipti sóknaraðila eftir því sem sóknaraðili og viðkomandi starfsmaður höfðu ákveðið. Hafi sóknaraðili fengið reglulega yfirlit yfir viðskipti sín og að auki verið í stöðugu símasambandi við þáverandi starfsmann varnaraðila um stöðu mála.

Varnaraðili kveður allar upplýsingar um viðskipti þau sem sóknaraðili kvartar yfir koma fram á heilsársyfirliti fyrir árið 2000. Varnaraðili vekur þó athygli á ýsmum villum í yfirlitinu. Þá segir varnaraðili að margoft hafi verið rætt við sóknaraðila um samninginn, m.a. vegna slæmrar stöðu og síðar vöntunar á tryggingum, sem raun hafi orðið á vorið 2001. Hafi sú vöntun leitt til þess að sóknaraðili hafi ákveðið að gera upp samninginn hinn 20. ágúst 2001. Hafi uppgjörsblaðið verið undirritað og samþykkt af báðum aðilum. Hafi sóknaraðili aldrei gert athugasemdir við samninginn, hvorki í upphafi né þegar honum var lokað og hann gerður upp.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi áður gert þrjú samskonar samninga og hagnast á þeim um samtals kr. 700.000,-. Hafi þeir allir verið uppgerðir þegar umþrættur samningur var gerður í maí 2000. Hafi sóknaraðili því þekkt vel til þessa samninga og m.a. lýst því yfir að hann hafi kynnt sér eðli skiptasamninga og aflað sér sérfræðiráðgjafar þriðja aðila áður en hann undirritaði þá samninga. Kveður varnaraðili umþrættan samning hafa verið undirritaðan af þáverandi starfsmanni varnaraðila samkvæmt beiðni sóknaraðila. Hafi sami háttur áður verið hafður á með gerð skiptasamnings af hálfu sóknaraðila. Ennfremur hafi það komið fram í samtölum sóknaraðila við starfsmenn varnaraðila að honum hafi verið kunnugt um gerð samningsins og stöðu hans. Hafi hann og skrifað athugasemdarlaust undir uppgjör á samningnum og gert tvo lánessamninga við varnaraðila til viðurkenningar á greiðsluskyldu sinni.

Varnaraðili telur að um viðskipti með hlutabréf í B gildi sömu sjónarmið og um önnur sambærileg viðskipti sóknaraðila en þar hafi hann hagnast samanlagt um kr. 425.475,53 að meðtöldum þeim viðskiptum sem sóknaraðili geri athugasemdir við. Sé ekki unnt að taka þessi sérstöku viðskipti út úr og bæta sóknaraðila það tap sem af þeim hlaut.

**V.****Niðurstaða.**

Mál þetta snýst annars vegar um gerð skiptasamnings nr. XXXXXXXX hinn 4. maí 2000 og hins vegar um kaup á hlutabréfum í B hinn 13. desember 2000 og sölu þeirra bréfa hinn 18. sama mánaðar. Er með aðilum ágreiningur um hvort fyrir hafi legið samþykki sóknaraðila til umræddra viðskipta og þá eftir atvikum hvort hann hafi síðar samþykkt gerð umrædds skiptasamnings með undirritun sinni á uppgjör samningsins hinn 20. ágúst 2001 og síðar með gerð lánasamninga við varnaraðila.

Í 4. gr. vörslusamnings aðila nr. XXXXX var skýrlega kveðið á um að sóknaraðili gæti sent fyrirmæli sín um verðbréfakaup skriflega með símbréfi eða tölvupósti. Jafnframt gæti sóknaraðili gefið fyrirmæli í síma til starfsmanna varnaraðila um einstök verðbréfakaup. Sagði í samningnum að beiðni um verðbréfakaup sem bærist með þessum hætti væru á ábyrgð vörsluþega. Jafnframt var kveðið á um að sóknaraðila væri kunnugt um að öll símtöl væru hljóðrituð á segulband. Voru aðilar sammála um að gögn eða skrifleg fyrirmæli sem bærust til varnaraðila skyldu lögð til grundvallar ef ágreiningur rís um einstök verðbréfakaup, sbr. 2. mgr. 4. gr. Í 3. gr. samningsins var enn fremur mælt fyrir um umboð til kaupa og sölu á verðbréfum samkvæmt fyrirmælum sóknaraðila.

Með bréfi úrskurðarnefndarinnar til varnaraðila, dagsettu 18. mars 2002, var í ljósi ákvæða samnings aðila óskað eftir því við varnaraðila að hann legði fram gögn er hefðu að geyma fyrirmæli sóknaraðila um gerð skiptasamnings nr. XXXXXXXX svo og um kaup á hlutabréfum í B hinn 13. desember 2000 og eftir atvikum önnur viðskipti aðila. Hefur varnaraðili engin gögn getað lagt fram þar að lútandi og hefur borið fyrir sig ýmsum ástæðum, m.a. meinta vináttu sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila.

Varnaraðila hefur þannig samkvæmt framansögðu hvorki tekist að sýna fram á að sóknaraðili hafi gefið fyrirmæli um gerð skiptasamnings nr. XXXX hinn 4. maí 2000 né um kaup og sölu á hlutabréfum í B í desember sama ár. Snýr kvörtun sóknaraðila að þessum viðskiptum og því tjóni sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna þeirra. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki annað ráðið en að varnaraðili hafi ekki haft umboð sóknaraðila til fyrrgreindra viðskipta. Verður hann að bera ábyrgð á því og breytir þá engu hvernig tengslum sóknaraðila við einstaka starfsmenn varnaraðila kann að hafa verið háttað. Geta þau tengsl ekki réttlætt frávik varnaraðila frá skýrum ákvæðum vörslusamnings aðila.

Hinn 13. desember 2000 voru keypt í nafni sóknaraðila hlutabréf í B fyrir kr. 5.374.309,- á genginu 81,58. Bréfin voru seld 18. desember 2000 fyrir kr. 4.609.410,- á genginu 71,53. Nam tapið á viðskiptunum kr. 764.899,-. Samkvæmt framansögðu liggur ekki annað fyrir en að kaup og sala bréfanna hafi farið fram án þess að fyrir lægju fyrirmæli eða samþykki sóknaraðila. Verður varnaraðili að bera ábyrgð á því gagnvart sóknaraðila að hafa ekki tekist að sýna fram á umboð sitt til þessara lögskipta fyrir hans hönd. Verður félaginu því gert að greiða sóknaraðila kr. 764.899,- í þessum þætti málsins. Eftir atvikum þykir rétt að fallast á kröfu sóknaraðila um dráttarvexti frá 18. desember 2000. Ekki kemur að mati úrskurðarnefndarinnar til álita að meta varnaraðila hér til hagsbóta þann hagnað sem sóknaraðili hafði í heild sinni af sambærilegum viðskiptum í 22 önnur skipti sem fram fóru í nafni sóknaraðila á árinu 2000, að því er virðist án fyrirmæla hans.

Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að skiptasamningur nr. XXXXXXXX hefði verið gerður í nafni sóknaraðila án þess að fyrir lægi fullnægjandi umboð af hans

hálfu. Kemur þá næst til skoðunar hvort sóknaraðili hafi síðar samþykkt gerð samningsins fyrir sína hönd. Fyrir liggur að sóknaraðili var kunnugur skiptasamningum og hafði sjálfur gert slíkan samning þar sem hann staðfesti að hafa kynnt sér eðli slíkra samninga og aflað sér sérfræðiráðgjafar þriðja aðila. Ekki verður heldur fram hjá því litið að sóknaraðili ritaði sjálfur undir uppgjör samningsins án athugasemda eða fyrirvara. Þá hefur hann ítrekað tekið að láni fjárhæðir hjá varnaraðila til greiðslu skiptasamninga eins og segir í fyrirliggjandi lánasamningum. Með vísan til þessa verður ekki hjá því komist að álykta á þann veg að sóknaraðili hafi fyrir sitt leyti samþykkt að gera upp viðkomandi skiptasamning. Er að mati nefndarinnar ekki alveg nægjanlegt tilefni til að líta með öllu framhjá síðastgreindum gerningum. Eftir sem áður þykir með vísan til þess hversu hörmulega var staðið að málum af hálfu varnaraðila og með hliðsjón af atvikum máls í heild sinni rétt að mælast til þess við varnaraðila að hann endurgreiði sóknaraðila tap það er varð á skiptasamningnum, alls kr. 3.455.341,- ásamt vöxtum frá uppgjörstegi.

Engin gögn hafa verið lögð fram um meintan kostnað sóknaraðila vegna lögfræðiaðstoðar og verður henni því þegar af þeirri ástæðu vísað frá nefndinni.

Við meðferð máls þessa hefur verið leitt í ljós að vörslu varnaraðila á fé sóknaraðila hefur á margan hátt verið stórlega áfátt. Félagið hefur ekki í vörslu sinni undirritaðan og dagsettan samning við sóknaraðila og er ekki að fullu ljóst hvenær hann var gerður. Þá hefur félagið ekki getað sýnt fram á að sóknaraðili hafi veitt umboð sitt til ýmissa viðskipta í hans nafni. Virðist varnaraðili því ítrekað hafa farið á svig við skýr ákvæði vörslusamnings aðila um að fyrirmæli sóknaraðila þyrfti til verðbréfaviðskipta í hans nafni. Ennfremur er viðurkennt af hálfu varnaraðila að viðskiptayfirlit þau sem sóknaraðila voru send hafi verið röng í verulegum atriðum. Er varsla og meðferð varnaraðila á fé sóknaraðila svo sérlega ámælisverð að ekki verður hjá því komist að vekja athygli Fjármálaeftirlitisins á máli þessu, en stofnunin fer með lögbundið eftirlit með starfsemi varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r - o g á l y k t u n a r o r ð :

Varnaraðili fjármálafyrirtækið F, greiði sóknaraðila, M, kr. 764.899,- ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987 frá 18. desember 2000 til 1. júlí 2001 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Mælst er til þess að varnaraðili, fjármálafyrirtækið F greiði sóknaraðila, M, kr. 3.455.341,- ásamt vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 20. ágúst 2001 til greiðsludags.

Kröfu sóknaraðila um kostnað vegna lögfræðiaðstoðar, kr. 187.000,- að viðbættum virðisaukaskatti kr. 45.815,- er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 18. apríl 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaltdóttir

Gunnar Viðar

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi

Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, fimmtudaginn 13. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2002**:

**M**

**gegn**

**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. febrúar 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. febrúar 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 19. mars 2002 með bréfi hans, dagsettu 15. sama mánaðar. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. mars 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar til varnaraðila, dagsettu 4. apríl 2002, var óskað eftir frekari gögnum frá varnaraðila. Svar barst frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 10. apríl 2002. Þá hafa nefndinni borist alls níu símbréf frá sóknaraðila, dagsett 27. mars 2002, 8., 9., 10. (tvö bréf), 12., 13. og 14. apríl 2000 en eitt var ódagsett og barst það nefndinni 3. apríl 2002. Með bréfi lögmanns, dagsettu 16. apríl 2002, óskaði sóknaraðili eftir fresti til að skila nefndinni frekari greinargerð og rökstuðningi. Frekari sjónarmið sóknaraðila bárust með bréfi lögmanns hans, dagsettu 13. maí 2002. Bréfið var sent til varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. maí 2002, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi varnaraðila, dagsettu 10. júní 2002. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 4., 11. og 18. apríl, 14. og 30. maí og 13. júní 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi allt frá því í september 1998 keypt og selt verðbréf fyrir milligöngu varnaraðila. Á árunum 2000 og 2001 mun sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila hafa keypt og síðar selt með nokkru tapi hlutabréf í erlendum fyrirtækjum, einkum sænskum. Ekki þykir eins og málið liggur fyrir ástæða til að rekja þau viðskipti frekar. Ágreiningur er með aðilum um hvort sóknaraðili hafi haft vitneskju um kaup og sölu bréfa, svo og um önnur atriði tengd viðskiptunum.



### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst í kvörtun sinni kr. 2.700.000 úr hendi varnaraðila. Ekki er frekar vikið að kröfum sóknaraðila í greinargerð lögmanns hans en þær málsástæður sóknaraðila sem hér eru reifaðar er að finna í umræddri greinargerð.

Sóknaraðili kveðst haustið 1998 hafa hafið viðskipti við varnaraðila. Hafi hann þá lagt fram kr. 1.200.000 - 1.300.000 sem varnaraðili hafi átt að ráðstafa. Síðar hafi hann lagt fram frekara fé. Kveðst sóknaraðili oftast en einu sinni hafa óskað eftir því að gerður yrði fjárvörslusamningur við hann en varnaraðili jafnharðan neitað því. Segist sóknaraðili og engar kvittanir hafa fengið vegna viðskipta sinna.

Sóknaraðili kveður varnaraðila í október 2000 hafa keypt bréf í A fyrir u.þ.b. 3.400.000 á genginu 88 og hafi aðilar komið sér saman um að bréfin yrðu seld ef þau lækkuðu umfram 10%, þ.e. ef gengið þeirra lækkaði niður í 79. Bréfin hafi lækkað og varnaraðili selt þau með 15% afföllum, þ.e. á genginu 74. Þá segir sóknaraðili varnaraðila hafa keypt aftur bréf í greindu fyrirtæki í nóvember 2000 og þá á genginu 68,5. Sóknaraðili kveðst í mars 2001 hafa óskað eftir því að kaupin gengju til baka og að varnaraðili keypti af honum bréfin á kaupgengi.

Sóknaraðili byggir á því að á varnaraðila hafi hvílt skylda til að gera fjárvörslusamning við hann og vísar í því skyni til 10. tölul. 2. gr. og 17. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Bendir sóknaraðili á að ekki hafi verið um að ræða einstök tilfallandi samskipti með milligöngu um kaup og sölu verðbréfa, heldur umfangsmikil viðskipti, sérstaklega þar sem um einstakling var að ræða. Þá hafi sóknaraðili engin yfirlit fengið yfir viðskipti sem varnaraðili hafi átt í nafni sóknaraðila án umboðs eða samráðs við hann.

Sóknaraðili hafnar því alfarið að hann hafi tekið ákvarðanir um kaup og sölu verðbréfa í sínu nafni og bendir á að ekki liggi fyrir neinar sannanir þar um. Vísar sóknaraðili m.a. til 3. mgr. 6. gr. siðareglna fyrir aðila að Verðbréfaþingi Íslands hf. máli sínu til stuðnings. Telur sóknaraðili að byggja verði á því að varnaraðili beri hallann af sönnunarskorti þar sem það hafi staðið félaginu nær að tryggja sönnun fyrir því að framkvæmd viðskiptanna hafi verið með þeim hætti sem það heldur fram.

Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki uppfyllt upplýsingaskyldu þá sem á félaginu hvíli samkvæmt 15. gr. laga um verðbréfavíðskipti. Hafi varnaraðili aldrei sóst fyrirfram eftir samþykki fyrir kaupum á verðbréfum. Þá hafi upplýsingaskyldan verið enn ríkari sökum þess að frumkvæði að kaupunum hafi verið starfsmanna varnaraðila. Ennfremur getur sóknaraðili þess að vitneskja hans um bréf þau sem honum voru boðin til kaups hafi verið mjög takmörkuð og hann ekki sérfræðingur um verðbréfavíðskipti.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila aldrei hafa verið í fjárvörslu hjá félaginu. Hann hafi verið almennur viðskiptavinur varnaraðila frá því í september 1998 og hafi varnaraðili haft milligöngu um kaup og sölu sóknaraðila á erlendum hlutabréfum. Varnaraðili kveður starfsmenn sína aldrei taka ákvarðanir um kaup eða sölu hlutabréfa

almennra viðskiptavina sinna heldur séu þær ákvarðanir teknar af viðskiptavininum sjálfum. Sé nýjum viðskiptavinum í upphafi gerð grein fyrir því að að fjárfesting í einstökum hlutabréfum sé í eðli sínu áhættufjárfesting, að gengi hlutabréfa geti ýmist hækkað eða lækkað og að miklar sveiflur geti verið á erlendum mörkuðum. Þá fái viðskiptavinir sendar kvittanir um kaup eða sölu verðbréfa.

Varnaraðili kveður fjármunum sóknaraðila hafa verið ráðstafað samkvæmt fyrirmælum hans. Hafi þeir numið kr. 2.447.000 en ekki 1.200.000 - 1.300.000 kr. eins og sóknaraðili haldi fram. Segir varnaraðili sóknaraðila upphaflega hafa fjárfest í erlendum hlutabréfasjóði og hafi fjárfestingin skilað rúmlega 700.000 kr. hagnaði á sex mánuðum.

Varnaraðili vísar fullyrðingum sóknaraðila um að hann hafi verið í fjárvörslu hjá varnaraðila á bug. Hafi ekkert slíkt samningssamband verið milli aðila sem gæfi tilefni til að ætla það. Varnaraðili kveður sér óskýlt að verða við óskum um fjárvörslu. Komi og skýrt fram í málatalbúnaði sóknaraðila að varnaraðili hafi neitað beiðnum hans þar að lútandi.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa leitað til félagsins í október 2000 og óskað eftir að kaupa bréf í A, en hafi haft utanaðkomandi upplýsingar um að þau væru álitlegur fjárfestingarkostur. Hafi sóknaraðili átt allt frumkvæði að þeim viðskiptum. Hafi honum verið gerð ítarleg grein fyrir áhættu sem væru kaupunum samfara. Þá hafi sóknaraðili verið í nær daglegu símasambandi við varnaraðila og loks tekið ákvörðun um að selja bréfin þegar gengi þeirra hafði lækkað nokkuð. Eftir þetta hafi sóknaraðili borið sig aumlega og spurst fyrir um frekari fjárfestingarkosti. Hafi honum þá verið bent á B sem væri á leið á markað. Hafi sóknaraðili ákveðið að taka þátt í útboðinu og síðar selt bréf í félaginu á fyrsta skráningardegi með liðlega 24% hagnaði.

Varnaraðili segir að sóknaraðili hafi í janúar 2001 leitað eftir því við varnaraðila hvort félagið væri tilbúið til að létta á því tapi sem sóknaraðili hafði orðið fyrir. Hafi honum þá verið ráðlagt að setja fjármuni sína í blandaðan hlutabréfasjóð sem stýrt væri af fagmönnum. Hafi aldrei komið til greina að varnaraðili keypti umrædd bréf á kaupgengi. Hafi sóknaraðili þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar ekki viljað selja hin erlendu hlutabréf sín fyrr en í september 2001 að hann seldi meginþorra þeirra. Hafi hann þá notað féð til nýrra fjárfestinga fyrir milligöngu varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa frá því september 1998 og fram í maí 2002 átt 28 sinnum í viðskiptum við varnaraðila og sé heildarfjöldi viðskipta 39. Viðskiptin hafi verið með þeim hætti að sóknaraðili hafi haft samband og falið varnaraðila að kaupa eða selja ákveðin hlutabréf. Fyrir það hafi hann greitt þóknun í hlutfalli af verðmæti viðskiptanna. Hafi sóknaraðili fylgst reglulega með viðskiptum sínum og ávallt vitað hver staða hans í geymslusafni hafi verið. Hafi enginn ágreiningur verið milli aðila meðan sóknaraðili hagnaðist á viðskiptunum. Hann hafi fengið kvittanir sendar í pósti og upplýsingar símleiðis. Hafi hann heldur aldrei gert neinar athugasemdir og ávallt greitt kaupverð og tekið við söluandvirði án athugasemda.

## V.

### Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykka fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé

samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Í skjölum frá sóknaraðila er gerð krafa um kr. 2.700.000. Af kvörtun sóknaraðila verður ekki séð hvernig tilgreind fjárhæð kröfu hans á hendur varnaraðila er fundin og er hún ekki rökstudd sérstaklega. Ekki er heldur fullljóst um kaup og/eða sölu hvaða verðbréfa kvörtun sóknaraðila lýtur að en aðilar hafa á liðnum árum margoft átt í viðskiptum. Þrátt fyrir að sóknaraðili hafi notið aðstoðar lögmanns við málarekstur sinn og hann lagast nokkuð frá því að kvörtun var lögð fram er málatilbúnaður hans af framangreindum ástæðum svo óljós og óskýr að málið telst ekki tækt til úrskurðar. Verður af þessum sökum ekki hjá því komist að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Unnt er að taka málið til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð, sbr. 2. másl. e-liðar 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefndina.

Meðferð málsins hefur dregist nokkuð hjá úrskurðarnefndinni vegna aðkomu lögmanns sóknaraðila að málinu nokkru eftir að kvörtun barst og margumbeðinna fresta aðila til að skila nefndinni greinargerðum, athugasemdum og gögnum.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 13. júní 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, þriðjudaginn 14. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjalbsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. mars 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. mars 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 27. mars 2002 með bréfi hans, dagsettu 26. sama mánaðar. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. apríl 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 7. apríl 2002. Óskað var eftir frekari upplýsingum varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. apríl 2002. Bárust þær hinn 30. apríl 2002 með bréfi varnaraðila, dagsettu 24. sama mánaðar.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 11. og 18. apríl og 8. og 14 maí 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Þann 23. júlí 1998 gerðu aðilar máls þessa með sér samning nr. XXXXX um ávöxtun og vörslu eigna sóknaraðila. Samningnum fylgdi sérstakt skjal með fjárfestingarstefnu sóknaraðila og var það hluti samningsins. Samkvæmt 14. tölul. umræddrar fjárfestingarstefnu, sem dagsett er sama dag, skyldi 0-20% vörslufjárins varið til kaupa á erlendum hlutabréfum. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. samnings aðila skyldu allar breytingar á fjárfestingarstefnu staðfesta skriflega með bréfi, símbréfi eða tölvupósti. Væru breytingar sem bárust varnaraðila með þessum hætti á ábyrgð sóknaraðila.

Hinn 18. apríl 2000 voru keypt í nafni sóknaraðila hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðnum G fyrir kr. 3.300.000. Mun sjóðurinn fjárfesta í tæknifyrirtækjum. Ekki er ágreiningur um að sóknaraðili hafi samþykkt kaupin en ágreiningur er með aðilum um hvort hann hafi sett það sem skilyrði fyrir kaupunum að bréfin yrðu innleyst ef gengi þeirra lækkaði. Markaðsvirði bréfanna er nú verulegra lægra en þá er kaup gerðust.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðili kaupi bréf hans í G og greiði honum upphaflegt andvirði þeirra, kr. 3.300.000, ásamt vöxtum og verðbótum til greiðsludags.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa staðið við samning aðila um að „*taka heim fjármuni*“ úr ofangreindum sjóði „*ef sjóðurinn færi að fara niður*“. Hafi umræddir fjármunir átt að vera komnir hingað til lands eigi síðar en um áramótin 2000 og 2001. Kveðst sóknaraðili hafa sett ofangreint skilyrði fyrir kaupum í umræddum sjóði og skyldi sjóðurinn vaktaður af varnaraðila. Hafi starfsmaður varnaraðila lofað þessu margsinis.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að úrskurðarnefndin hafni öllum kröfum sóknaraðila. Er því alfarið vísað á bug að þau skilyrði, sem sóknaraðili haldi fram að hafi verið sett fyrir kaupum á bréfum í G, hafi í raun komið fram. Hafi sóknaraðili ekki gert grein fyrir hvert efni meintra fyrirmæla hafi verið en hafi þau verið jafn óskýr og ónákvæm og sóknaraðili haldi fram sé ljóst að ekki hafi verið hægt að taka við þeim og þaðan af síður að vinna eftir þeim. Liggi til dæmis ekkert fyrir um það hversu mikið gengi sjóðsins hafi mátt lækka án þess að til innlausnar kæmi.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi sjálfur samþykkt að innleysa ekki bréfin í sjóðnum fyrir áramótin 2000 og 2001. Kveður varnaraðili að umrædd hlutdeildarskírteini hafi mátt innleysa samdægurs og hafi andvirði þeirra því verið til reiðu hvenær sem er ekki eingöngu um fyrrgreind áramót.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi samþykkt kaup á umræddum bréfum. Er því alfarið mótmælt að félagið hafi brotið gegn meintum fyrirmælum sóknaraðila vegna viðskiptanna eða eftirfylgni þeirra. Hafnar varnaraðili því með öllu að bera nokkra bótaábyrgð á umræddum viðskiptum sóknaraðila.

### V.

#### Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um hvort sóknaraðili hafi sett einhver skilyrði fyrir kaupum á hlutdeildarskírteini í G þess efnis að bréfin skyldu innleyst ef gengi þeirra lækkaði. Ekki er ágreiningur um að kaupin sem slík hafi farið fram með samþykki sóknaraðila. Jafnframt virðist ekki fara á milli mála að aðilum hafi verið ljós sú áhætta sem í kaupunum fólst.

Samkvæmt 14. tölul. fjárfestingarstefnu aðila, dagsettrar 23. júlí 1998, skyldi fjárfesting í verðbréfasjóðum, sem fjárfestu í erlendum hlutabréfum, ekki fara yfir 20% af heildarfjárfestingum og samanlagðar fjárfestingar í slíkum sjóðum, innlendum og erlendum hlutabréfum, valréttarbréfum og afleiðu- og skiptasamningum ekki fara yfir sama hlutfall, sbr. 17. tölul. stefnunnar. Umrædd fjárfesting í G mun hafa numið um 32% af því fé sem varnaraðili hafði í vörslu sinni. Með kaupum á bréfum í fyrrgreindum sjóði var því gengið lengra en heimilt var samkvæmt fjárfestingarstefnu aðila. Allar breytingar á fjárfestingarstefnu skyldi staðfesta skriflega með bréfi, símbréfi eða tölvupósti, sbr. 2. mgr. 5. gr. samnings aðila nr. XXXXX, dagsetts 23. júlí 1998. Ekki verður séð að varnaraðili hafi aflað sér tilskilinnar skriflegrar staðfestingar sóknaraðila til breytinga á

fjárvörslustefnu aðila. Breytir hér engu þótt sóknaraðili hafi samþykkt umrædd kaup á hlutdeildarskírteinum í títtnefndum sjóði. Er þetta aðfinnsluvert.

Varnaraðili hefur alfarið hafnað þeirri fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi sett einhver skilyrði fyrir kaupum sínum á umræddum hlutdeildarskírteinum. Slíkt verður heldur ekki ráðið afdráttarlaust af skriflegum gögnum málsins. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því gegn eindreginni neitun varnaraðila ekki talin komin fram nægileg sönnun fyrir því að sóknaraðili hafi sett þau skilyrði fyrir kaupunum sem hann heldur fram. Verður því eins og mál þetta liggur fyrir ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 14. maí 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, fimmtudaginn 30. maí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 3. apríl 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. apríl 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 15. maí 2002 með bréfi hans, dagsettu 14. sama mánaðar. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. maí 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 17. maí 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. og 30. maí 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili mun ásamt þáverandi eiginkonu sinni og öðrum hjónum hafa átt og séð um rekstur einkahlutafélagsins A. Hinn 26. júní 1996 mun félagið hafa gefið út skuldabréf nr. XXXXXX til stefnda að fjárhæð kr. 3.000.000.-. Skyldi bréfið greiðast með 120 afborgunum á mánaðarfresti. Til tryggingar voru sett að veði fjögur tryggingarbréf, hvert að fjárhæð kr. 750.000, og voru tvö þeirra tryggð með veði í íbúð sóknaraðila og þáverandi eiginkonu hans en hin tvö í íbúð hinna hjónanna. Í október 1996 slitu fyrrgreind tvenn hjón samstarfi sínu og mun sóknaraðili ásamt öðrum manni hafa tekið við rekstri félagsins. Mun þá hafa risið ágreiningur með sóknaraðila og fyrrum meðeigendum hans og fyrrverandi eiginkonu hans um greiðslu ofangreinds skuldabréfs. Var af þessum sökum hætt að greiða af bréfinu í júnímánuði 1999. Fyrrverandi eiginkona sóknaraðila mun með bréfi til varnaraðila, dagsettu 26. júlí 1999, hafa lýst því yfir að helmingur lánsins yrði greiddur með andvirði húsbrefta og þá jafnframt ætlast til að hin hjónin myndu greiða hinn helming lánsins. Því munu þau hins vegar hafa hafnað.

Sóknaraðili og fyrrverandi eiginkona hans óskuðu eftir fyrirgreiðslu bankans við uppgjör skulda A með bréfi, dagsettu 14. janúar 2000. Var að beiðni þeirra létt af íbúð þeirra tveimur tryggingarbréfum sem sett höfðu verið að veði til tryggingar skuld A við

varnaraðila. Í stað þess setti sóknaraðili hinn 16. febrúar 2000 varnaraðila að handveði reikning nr. XXXXXX hjá varnaraðila til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á fyrrnefndu skuldarbréfi. Inn á reikninginn voru lagðar kr. 1.500.000. Náði handveðsréttur varnaraðila samkvæmt handveðsbréfi til allrar innistæðu reikningsins, hvort sem um væri að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur eða annað. Í handveðsbréfi var varnaraðila veitt heimild til að krefjast nauðungarsölu á veðinu, sbr. 3. tölul. 6. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90, 1991, yrðu vanskil á þeim skuldum sem handveðið ætti að tryggja.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 8. maí 2000, fóru sóknaraðili og fyrrverandi eiginkona hans fram á að skuldabréfið bæri sömu vexti og áður nefndur reikningur til þess er bréfið yrði gert upp, svo og að lögfræðikostnaður yrði felldur niður.

Varnaraðili mun hafa gengið að handveðinu hinn 18. september 2000 og látið það ganga upp í gjaldfallnar afborganir og höfuðstól margnefnds skuldabréfs. Mun varnaraðili þá hafa litið svo á að ekki yrðu gerðar frekari kröfur á hendur sóknaraðila. Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 10. september 2001, óskaði sóknaraðili eftir kvittunum eða upplýsingum frá F um ráðstöfun fjármuna á ofangreindum reikningi. Kvaðst hann hinn 18. september 2000 hafa verið látinn greiða kr. 1.575.493,48, sem mun hafa verið þáverandi innistæða á reikningnum. Kveður sóknaraðili eftirstöðvar bréfsins þá hafa verið kr. 1.189.282. Hafi hann því verið látinn greiða aukalega kr. 193.105 miðað við meint munnlegt samkomulag varnaraðila, ábyrgðarmanna og skuldara bréfsins við lántökuna um að hvor ábyrgðarmannanna um sig bæri aldrei ábyrgð á nema helmingi skuldarinnar á hverjum tíma.

Með bréfi til formanns stjórnar varnaraðila, dagsettu 2. nóvember 2001, kvartaði sóknaraðili undan samskiptum sínum við útibússtjóra varnaraðila. Kvaðst sóknaraðili hvorki hafa fengið tilkynningu frá varnaraðila áður en gengið var að umræddu handveði né kvittanir um hvernig veðinu hefði verið ráðstafað. Ennfremur gerði sóknaraðili athugasemdir við að ekki skyldi hafa verið leitað atbeina Héraðsdóms Reykjavíkur áður en gengið var að veðinu. Sóknaraðili ítrekaði beiðni sína um afrit kvittana með bréfi sínu til varnaraðila, dagsettu 6. mars 2002.

Með bréfi sínu, dagsettu 13. október 2000, leitaði sóknaraðili til FME vegna máls þessa. Stofnunin óskaði eftir sjónarmiðum varnaraðila með bréfi, dagsettu 30. nóvember 2000. Var sérstaklega óskað upplýsinga um þær verklagsreglur sem í gildi væru hjá varnaraðila um aðgang að handveði og hvernig uppgjöri í máli þessu hefði verið háttað. Erindi FME var ítrekað með bréfum stofnunarinnar til varnaraðila, dagsettum 17. janúar og 19. mars 2001.

Varnaraðili svaraði FME loks með bréfi, dagsettu 27. mars 2001. Þar kemur fram að sóknaraðili hafi „*staðið við sinn hluta*“, og verði hann að eiga það við fyrrum meðeigendur sína hvern veg þeir jafna það sem kunnir að hafa hallast í viðskiptum þeirra. Sé ekki við varnaraðila að sakast í þeim efnunum.

FME spurðist frekar fyrir um málið og óskaði eftir gögnum frá varnaraðila með rafpósti 23. apríl 2001. Varnaraðili sendi stofnuninni frekari skýringar og gögn með bréfi sínu, dagsettu 6. júlí 2001. Urðu og frekari samskipti milli varnaraðila og stofnunarinnar á næstu mánuðum vegna máls þessa án þess að efni séu til að rekja þau sérstaklega.

Með bréfi FME til varnaraðila, dagsettu 28. desember 2001, lét stofnunin í ljós það álit sitt að framkvæmd sú sem viðhöfð hefði verið þegar gengið var að hinum handveðsetta reikningi fengi ekki viðhlítandi stoð í handveðssamningi aðila. Hafi



varnaraðila borið að tilkynna sóknaraðila það með hæfilegum fyrirvara að gengið yrði að handveðinu til fullnustu þeirri kröfu sem veðið tryggði.

Eftir frekari samskipti aðila var máli þessu skotið til nefndarinnar með kvörtun, dagsettri 26. mars 2002.

Umrætt lán til A mun nú að fullu uppgert.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili telur óeðlilegt að varnaraðili hafi látið hann greiða tæpar 1.600.000 krónur í stað 1.125.000 króna þar sem fyrir hafi legið að sóknaraðili hafi einungis borið ábyrgð á helmingi skuldarinnar. Byggir sóknaraðili það á því að skuldin samkvæmt margnefndu skuldabréfi hafi verið kr. 2.250.000 þegar A lagði niður starfsemi sína sumarið 1999. Kveður sóknaraðili það eðlilegt að varnaraðili endurgreiði mismuninn ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 18. september 2000. Þá finnst sóknaraðila óeðlilegt að varnaraðili skuli í engu hafa sinnt beiðni hans um að ganga að veði hins ábyrgðarmannsins.

Sóknaraðili segir að umræddur handveðsreikningur hafi verið tæmdur af varnaraðila án þess að tilkynnt hafi verið um það fyrirfram og sér gefinn kostur á að semja um og greiða kröfuna.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess í fyrsta lagi (sic) að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni með vísan til e-liðar 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Í öðru lagi (sic) kveðst varnaraðili þess að öllum kröfum kvartanda verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að kröfugerð sóknaraðila sé sett fram með óskýrum hætti og virðist kvörtun hans einkum snúa að því að varnaraðili hafi ekki svarað beiðni sóknaraðila um að fá „að ganga inn í veð hins ábyrgðarmannsins“. Því hafnar varnaraðili og kveður veðið hafa verið sett til tryggingar skuldum A við varnaraðila. Hafi varnaraðili því ekki getað annað en aflétt veðinu af viðkomandi eign þegar skuldabréfið var að fullu greitt.

Varnaraðili mótmælir því að samningur hafi verið um að sóknaraðili bæri eingöngu ábyrgð á helmingi skuldarinnar. Kveður varnaraðili engan fyrirvara gerðan í handveðssamningi aðila um að F geti ekki fullnustað veðrétt sinn fyrir skuldinni að fullu.

### V.

#### Niðurstaða.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann geri kröfu um að varnaraðili greiði honum kr. 475.000 ásamt dráttarvöxtum frá 18. september 2000. Þá verður og að skilja kröfugerð varnaraðila svo að hann geri aðallega þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Ekki þykja slíkir annmarkar á málatilbúnaði sóknaraðila að leiði til frávísunar. Er frávísunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Af gögnum málsins virðist mega ráða að sóknaraðili telji að fyrir hendi hafi verið munnlegt samkomulag milli varnaraðila, A og beggja ábyrgðarmanna umrædds skuldabréfs um að hvor þeirra um sig bæri aldrei ábyrgð nema á helmingi skuldarinnar á

hverjum tíma, þ.e. að um hafi verið að ræða hlutfallslega ábyrgð, svokallaða pro rata ábyrgð, sóknaraðila. Engin gögn hafa verið lögð fram þessu til stuðnings. Margumræddur handveðssamningur aðila verður heldur ekki skilinn á annan veg en að veðsetning reiknings sóknaraðila sé til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu af heildarskuld samkvæmt skuldabréfi nr. XXXXXX hverju sinni. Hins vegar mun varnaraðili, eftir að gengið hafði verið að margumræddu handveði, hafa lýst því yfir að ekki yrðu gerðar frekari kröfur á hendur sóknaraðila vegna skuldabréfsins.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið FME að varnaraðila hafi borið að tilkynna sóknaraðila það með hæfilegum fyrirvara að gengið yrði að innistæðu reiknings þess er varnaraðili hafði að handveði. Það var hins vegar ekki gert og er aðfinnsluvert. Eftir sem áður hefur sóknaraðili, einkum þegar litið er til ákvæða handveðssamnings aðila, hvorki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að gengið var að veðinu með þeim hætti sem gert var né vegna annarra atvika sem varnaraðili kunni að bera ábyrgð á. Getur sóknaraðili í samræmi við almennar reglur haft uppi endurgreiðslukröfu á hendur samábyrgðarmanni sínum vegna þeirra greiðslna sem hann hefur þurft að inna af hendi sem ábyrgðarmaður.

Samkvæmt framansögðu verður eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 30. maí 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaltdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, föstudaginn 28. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2002**:

**M**  
**og**  
**N**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 26. apríl 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 24. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. apríl 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 21. maí 2002. Bréfið var sent sóknaraðilum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23.5 2002 og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila dagsettu 3. júní 2002. Þær voru sendar varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júní 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréf varnaraðila, dagsettu 12. júní 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 30. maí og 13. og 28. júní 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Með yfirlýsingu, dagsettri 1. nóvember 2001, seldi og framseldi sóknaraðili M til A, húsbref að nafnvirði kr. 2.421.000. Voru bréfin gefin út rafrænt hjá Verðbrefaskráningu Íslands hf. og því lýst yfir af hálfu seljanda að hann hefði með áritun á yfirlýsinguna framselt öll réttindi sín til húsbrefanna. Í samræmi við ofangreinda yfirlýsingu voru kr. 2.421.000 færðar út af vörslureikningi sóknaraðila M.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 15. mars 2002, kröfðust sóknaraðilar þess að varnaraðili bætti þeim fjártjón sem þau kváðust hafa orðið fyrir sökum vankunnáttu starfsmanns varnaraðila. Kváðust þau hafa margítrekað að virði nefndra húsbrefa skyldi vera kr. 2.400.000 og skyldu afföll og annar kostnaður greiddast af kaupanda húsbrefanna. Hafí greindur starfsmaður sagst þurfa frekari tíma til útreiknings og því óskað eftir því að sóknaraðili M ritaði nafn sitt undir áður nefnda yfirlýsingu en upphæðin yrði færð inn

síðar. Sóknaraðilar kváðust síðar hafa fengið upplýsingar um að markaðsvirði umræddra húsbréfa að nafnvirði kr. 2.421.000 hafi hinn 5. nóvember 2001 verið kr. 2.673.255 miðað við gengið 1,10419433. Hafi nafnverð bréfanna sem sóknaraðili M framseldi til nefnds A því átt að vera kr. 2.173.530 en ekki 2.421.000. Gerðu sóknaraðilar kröfu til þess að varnaraðili greiddi þeim kr. 273.255, sem var mismunurinn á sögðu markaðsvirði bréfanna sem framseld voru samkvæmt yfirlýsingunni, kr. 2.673.254, og nafnvirði þeirra bréfa, sem sóknaraðilar telja að varnaraðili hafi átt að millifæra, kr. 2.173.530, margfaldaður með gengi bréfanna á millifærsludegi, 5. nóvember 2001, þ.e. kr. 247.470 x 1,10419433 = kr. 273.255. Þá gerðu sóknaraðilar kröfu um vexti frá 5. nóvember 2001, þ.e. frá þeim degi sem kr. 2.421.000 voru færðar af reikningi sóknaraðila M.

Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila með bréfi til þeirra, dagsettu 9. apríl 2002. Sagði þar að sóknaraðilar hefðu óskað eftir því að millifært yrði af vörslureikningi húsbref að markaðsvirði kr. 2.400.000. Hafi markaðsgengi bréfanna hinn 1. nóvember 2001 verið 0,9911 og nafnverð bréfanna því kr. 2.421.000.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 24. apríl 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar gera kröfu til þess að varnaraðili greiði þeim kr. 273.255 auk vaxta frá 5. nóvember 2001 til greiðsludags og kærumálskostnaðar (sic). Um sundurliðun fjárkröfu sóknaraðila vísast til fyrri umfjöllunar.

Sóknaraðilar segjast hafa óskað eftir því við varnaraðila að hann hlutaðist til um að millifæra kr. 2.400.000 að frádregnum afföllum og kostnaði út af vörslureikningi sóknaraðila M inn á reikning áður nefnds A, kaupanda bréfanna. Hafi þetta verið margítrekað og varnaraðili engar athugasemdir gert. Sóknaraðili M hafi að beiðni varnaraðila ritað undir yfirlýsingu um framsal án þess að upphæð nafnverðs húsbréfa, sem framselja skyldi, væri tilgreind í henni. Hafi varnaraðili fyllt út yfirlýsinguna að þessu leyti.

Sóknaraðilar kveða kröfu sína byggjast á því að varnaraðili hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart þeim. Hafi þau leitað til varnaraðila sem sérfræðings á þessu sviði og mátt treysta því að svo væri. Hafi varnaraðili enga athugasemd haft við beiðni þeirra. Hafi rangur útreikningur leitt til þess að hærri fjárhæð var færð út af vörslureikningi sóknaraðila M en óskað var eftir.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess í fyrsta lagi (sic) að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktta fyrir nefndina. Í öðru lagi (sic) krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili segir sóknaraðila hafa hinn 1. nóvember 2001 óskað eftir því að millifært yrði af vörslureikningi sóknaraðila M húsbref að markaðsvirði kr. 2.400.000. Hafi markaðsgengi bréfanna þann dag verið 0,9911, uppreiknað gengi 1,1042 og afföll því um 11%. Hafi samkvæmt þessu verið framseld húsbref að nafnvirði kr. 2.421.000.

Hafi framsalið átt sér stað hinn 5. nóvember 2001 en miðað við kaupgengi þess dags hafi markaðsvirði bréfanna verið kr. 2.384.370. Varnaraðili kveður framsalið því hafa verið framkvæmt samkvæmt fyrirmælum sóknaraðila.

Varnaraðili segir það venju að við framsal á eignarrétti húsbréfa milli tveggja einstaklinga sé miðað við markaðsgengi hvers tíma. Þar sem varnaraðili hafi þurft tíma til að finna út markaðsvirði bréfanna hafi orðið að samkomulagi að hann lyki við að fylla út skjalið. Það geri varnaraðila þó ekki ábyrgan fyrir efni þess.

Varnaraðili kveðst ekki hafa haft vitneskju um að framsalshafi bréfanna hafi átt að taka á sig afföll þeirra. Telur varnaraðili að sóknaraðilar verði að bera hallann af óskýrum fyrirmælum til varnaraðila. Jafnframt kveður varnaraðili sóknaraðila verða að krefja framsalshafa um greiðslu þess mismunar sem framsalshafi hafi fengið ofgreitt.

## V.

### Niðurstaða.

Skilja verður kröfugerð varnaraðila svo að hann geri aðallega kröfu um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Krafa varnaraðila um að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er með öllu órökstudd. Eru engir þeir annmarkar á málalíbúnaði sóknaraðila að leitt geti til frávisunar málsins. Er kröfu varnaraðila þess efnis því hafnað.

Mál þetta snýst um framsal sóknaraðila M á húsbrefum til þriðja manns fyrir milligöngu varnaraðila og millifærslu af vörslureikningi hans. Umþrætt framsal er sóknaraðila M eingöngu, og er hann einn eigandi umrædds vörslureiknings. Sóknaraðili N er ekki tilgreindur seljandi bréfanna og ekki verður heldur séð að N sé eigandi vörslureiknings þess sem millifært var út af. Getur sóknaraðili N því enga aðild átt að máli þessu. Verður því þegar af framangreindri ástæðu að hafna öllum kröfum N á hendur varnaraðila. Breytir þar engu þótt varnaraðili hafi ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir við aðild N að málinu.

Óumdeilt er í málinu að sóknaraðili M ritaði undir yfirlýsingu um framsal húsbréfa án þess að tilgreind væri fjárhæð nafnverðs bréfanna og veitti varnaraðila umboð til að fylla út yfirlýsinguna að þessu leyti. Aðila greinir hins vegar á um hvort og þá við hvaða skilyrði sóknaraðili M hafi bundið umboðið. Kveðst hann hafa mælt svo fyrir að við útfyllingu yfirlýsingarinnar yrði þess gætt að framsalshafi tæki á sig afföll og tilfallandi kostnað. Varnaraðili kveður hins vegar engin slík skilyrði hafa verið sett. Um þetta eru ekki fyrirliggjandi nein skrifleg gögn. Samkvæmt almennri venju er það seljandi húsbréfa sem tekur á sig afföll við sölu þeirra nema um annað sé samið sérstaklega. Ekki liggur fyrir að um annað hafi verið samið í þessu tilviki. Með hliðsjón af því og atvikum máls að öðru leyti verður ekki talið að sóknaraðila M hafi tekist að sýna fram á að hann hafi gefið varnaraðila þau fyrirmæli um útfyllingu yfirlýsingar um framsal húsbréfa sem hann heldur fram. Verður því ekki hjá því komist að hafna sömuleiðis kröfum sóknaraðila M á hendur varnaraðila.

Samkvæmt framansögðu er öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila hafnað.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 28. júní 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, miðvikudaginn 3. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 21. maí 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. maí 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 10. júní 2002. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. júní og 3. júlí.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili kveðst hafa byrjað viðskipti sín við varnaraðila í lok árs 1996. Hinn 18. september 1998 gerðu aðilar málsins með sér fjárvörslusamning. Kemur þar fram að varnaraðili skyldi verja fé sóknaraðila til kaupa í „*Verðbréfasj. KPI*“, „*Hlutabr.sj. Norðurl*“, „*Sjávarút.v.sj. Ísl.*“, „*Lux-Alþjóðl.*“ hlutabréfum og skuldabréfum, bankavíxlum, ríkisvíxlum, víxlum sveitarfélaga og fyrirtækja og í öðrum skráðum hlutafélögum. Á afriti því sem varnaraðili hefur sent úrskurðarnefndinni hefur eftirfarandi verið handskrifað á samninginn: „*Nýta sérstök tækifæri í hlutabréfum.*“ Ekki hafa aðilar sett stafi sína við þessa viðbót sérstaklega en hana er ekki að finna í því eintaki samningsins sem fylgdi kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar.

Í gögnum málsins kemur fram að fjármunir sóknaraðila í vörslu varnaraðila hafi að markaðsvirði numið um 8,5 milljónum króna í febrúar 1997, 8,7 milljónum í ársbyrjun 1999, 10,5 milljónum í árslok 1999, 7,9 milljónum í árslok 2000, 6,9 milljónum króna í árslok 2001 og 6,3 milljónum um miðjan maí 2002.

Hinn 23. mars 2000 voru keypt hlutabréf í nafni sóknaraðila í Decode Genetics að nafnvirði 200 bandaríkjadalir á genginu 42,5 fyrir alls kr. 634.032,- að meðtöldum kostnaði. Umrætt félag var þá óskráð. Hinn 13. ágúst 2001 voru sömuleiðis keypt

hlutabréf í öðru óskráðu félagi, Karen Millen, að nafnvirði 140 sterlingspund á genginu 25,11 fyrir alls kr. 498.198,- að meðtöldum kostnaði.

Sóknaraðili kveðst margsinnis hafa lýst yfir áhyggjum sínum og óánægju við varnaraðila um þróun mála. Í rafpósti til varnaraðila, dagsettum 6. maí 2002, segir sóknaraðili lækkun höfuðstóls óviðunandi með öllu. Er þar sérstaklega fundið að kaupum á hlutabréfum í óskráðum félögum. Eftir frekari tölvusamskipti aðila óskaði sóknaraðili þess með rafpósti 17. maí 2002 að varnaraðili bætti honum með einhverjum hætti þá rýrnun sem orðið hefði á eignum hans í vörslu varnaraðila. Því var hafnað af varnaraðila sama dag. Málinu var þá skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 17. maí 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður upphaflegan höfuðstól hafa numið 8,5 milljónum króna en hann sé nú kr. 6,5 milljónir króna. Að frádreginni eigin úttekt að fjárhæð kr. 580.000,- hafi tapast kr. 1.420.000,- af höfuðstól í vörslu varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst í upphafi hafa tekið fram við varnaraðila að ekki gæti orðið um áhættufjárfestingar eða bindandi (sic) fjárfestingar að ræða þar sem hann gæti þurft á fénu að halda með stuttum fyrirvara til húsnæðiskaupa. Sóknaraðili kveður fjárfestingar varnaraðila fyrir hans hönd í vaxandi mæli hafa þróast yfir í hlutabréfakaup og hinn 8. maí 2002 hafi svo verið komið að langstærstur hluti safnsins hafi verið í hlutabréfum.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að samsetning eigna sóknaraðila hafi breyst í kjölfar fjárvörslusamnings aðila. Í upphafi árs 1999 hafi 75% eigna verið í verðbréfasjóðum en í lok þess árs um 60%. Hafi sóknaraðili verið óánægður með ávöxtun sem þeir gáfu og viljað auka vægi hlutabréfa í safninu. Hafi það verið gert á árinu 2000. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir að fjárfestingastefnunni yrði breytt og hann hafi ekki hirt um að skila undirrituðu eintaki af nýjum fjárvörslusamningi sem honum hafi verið sent í lok árs 2000 þar sem fjárfestingastefnan hafi verið afmörkuð nánar.

Varnaraðili kveður erfitt að átta sig á að hverju kvörtun sóknaraðila beinist öðru en því að eignir sóknaraðila hafi ekki verið ávaxtaðar í samræmi við væntingar hans. Þó megi ef til vill segja að gagnrýni sóknaraðila beinist að því að of mikið hafi verið fjárfest í hlutabréfum og síðan að of mikið hafi verið fjárfest í óskráðum hlutabréfum.

Varnaraðili segir sóknaraðila hafa fengið sent yfirlit á sex mánaða fresti auk þess sem kaupnótur (sic) hafi verið sendar í hvert sinn sem breyting varð á eignasafninu. Hafi sóknaraðili ekki gert athugasemdir við kaup í einstökum félögum eða þær breytingar sem urðu á fjárfestingastefnunni fyrr en gerð var athugasemd við kaup á bréfum í Karen Millen.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við kaup í Decode Genetics á þeim tíma sem þau áttu sér stað þó svo að hann hafi fylgst vel með samsetningu eigna sinna. Varnaraðili vísar til þess að félagið hafi nú verið skráð á markað. Þá kveður varnaraðili að óverulegur hluti eigna sóknaraðila sé nú í óskráðum hlutabréfum. Segir varnaraðili að sóknaraðili hafi fengið sendar upplýsingar um Karen



Millen eftir að hann gerði athugasemdir við kaup á bréfum í félaginu. Hafi sóknaraðili síðan ekki kvartað sérstaklega yfir kaupunum eða óskað eftir því að þau yrðu seld.

Varnaraðili telur að öll viðskipti sem hann hafi gert á grundvelli fjárvörslusamnings við sóknaraðila hafi verið í samræmi við efni hans.

## V.

### Niðurstaða.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann geri kröfu til þess að varnaraðili greiði honum kr. 1.420.000,-. Þá verður málatilbúnaður varnaraðila ekki skilinn öðru vísi en svo að hann geri kröfu um að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Málatilbúnaður sóknaraðila er ekki svo skýr sem vera skyldi. Af honum verður þó ekki annað skilið en að sóknaraðili telji sig hafa orðið fyrir fjártjóni vegna athafna og/eða athafnaleysis varnaraðila við vörslu fjár sóknaraðila. Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili hefur sérstaklega gert athugasemdir við kaup á hlutabréfum í óskráðum hlutafélögum.

Hinn 23. mars 2000 voru keypt hlutabréf í nafni sóknaraðila í Decode Genetics að nafnvirði 200 bandaríkjadalir á genginu 42,5 fyrir alls kr. 634.032,- að meðtöldum kostnaði. Umrætt félag var þá óskráð. Hinn 13. ágúst 2001 voru sömuleiðis keypt hlutabréf í öðru óskráðu félagi, Karen Millen, að nafnvirði 140 sterlingspund á genginu 25,11 fyrir alls kr. 498.198,- að meðtöldum kostnaði. Umrædd bréf eru enn í eigu sóknaraðila.

Í fjárvörslusamningi aðila er ekki að finna heimild til handa varnaraðila til að kaupa í nafni sóknaraðila hlutabréf í óskráðum félögum. Handskrifuð viðbót á samning aðila hefur hér enga þýðingu. Þá getur varnaraðili í engu byggt rétt sinn á drögum að fjárvörslusamningi sem sóknaraðili hefur ekki samþykkt eða ritað undir. Hefur varnaraðili heldur ekki getað sýnt fram á að sóknaraðili hafi veitt samþykki fyrir kaupum á bréfum í óskráðum félögum, hvorki áður en kaup gerðust né síðar. Stóð það varnaraðila þó nær að tryggja sér sönnun þess. Engu breytir þótt annað hinna óskráðu félaga hafi síðar verið skráð á markað. Samkvæmt þessu hefur varnaraðili farið út fyrir það umboð sem hann hafði til kaupa í verðbréfum í nafni sóknaraðila. Er háttsemi varnaraðila í andstöðu við skyldur hans samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 13, 1996 um verðbréfavíðskipti, en þar er að finna ákvæði um réttindi og skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Varnaraðila ber að bæta sóknaraðila það tjón sem hann hefur orðið fyrir sökum þessa.

Að öðru leyti en að framan greinir verður ekki annað séð en að fjárvarsla varnaraðila hafi verið í samræmi við fjárvörslusamning aðila og er ekkert það fram komið sem bendir til saknæmrar vanrækslu varnaraðila við vörslu fjár sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu hafa alls kr. 1.132.230,- verið notaðar til kaupa í hlutabréfum í óskráðum félögum. Þykir rétt að sóknaraðili verði eins staddur og að umrædd kaup hefðu aldrei átt sér stað. Ber varnaraðila því að greiða sóknaraðila kr. 1.132.130,- að frádregnu andvirði hlutabréfa að nafnvirði 200 bandaríkjadalir í Decode Genetics og gegn innlausn hlutabréfa að nafnvirði 140 sterlingspund í Karen Millen á uppgjörsdegi, en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er ekki til skráð markaðsverð bréfa í síðarnefnda félaginu. Þykir því rétt að varnaraðili leysi til sín bréfin á kaupverði. Eins og málatilbúnaði sóknaraðila er hátað er ekki unnt að mæla fyrir um vaxtagreiðslur honum til handa.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, fjármálafyrirtækið F, greiði sóknaraðila, M, kr. 1.132.130,- að frádregnu andvirði hlutabréfa að nafnvirði 200 bandaríkjadalir í Decode Genetics og gegn innlausn hlutabréfa að nafnvirði 140 sterlingspund í Karen Millen á uppgjörstegi.

Reykjavík, 3. júlí 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, fimmtudaginn 1. ágúst, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 27. maí 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 22. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. maí 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 28. júní 2002. Bréfið var sent umboðsmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júlí 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfum lögmanns sóknaraðila, dagsettum 8. og 30. júlí 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 3. júlí og 1. ágúst 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 18. ágúst 2000 gerðu aðilar máls þessa með sér fjárvörslusamning þar sem varnaraðili tók að sér vörslu og ávöxtun fjármuna sóknaraðila. Veitti sóknaraðili samkvæmt A-lið samningsins varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til að annast kaup og sölu fyrir hans hönd. Stofnframlag sóknaraðila nam kr. 16.606.613. Samkvæmt 10. tölul. D-liðar samnings aðila var varnaraðila m.a. heimilt að kaupa fyrir hönd sóknaraðila víxla „*traustra fyrirtækja með a.m.k. einum traustum ábyrgðarmanni*“. Samkvæmt 2. gr. almennra samningsskilmála varnaraðila sem voru hluti af fjárvörslusamningi aðila skyldi varnaraðili taka ákvörðun um hvaða verðbréf væru keypt eða hvernig fjármunum skyldi á annan hátt varið innan þeirra marka sem ákveðin væru í liðum A og D í samningi aðila.

Hinn 31. júlí 2001 mun varnaraðili f.h. sóknaraðila hafa keypt víxil útgefinn af B. Nam kaupverðið kr. 2.422.700. Víxillinn var innlestur í október 2001 og fékk sóknaraðili í sinn hlut kr. 2.491.649.

Hinn 10. október 2001 keypti varnaraðili að nýju f.h. sóknaraðila víxil útgefinn af B en félagið hafði þá óskað eftir framlengingu áður útgefinna víxla. Var víxillinn að fjárhæð kr. 2.500.000, útgefinn sama dag en með gjalddaga 5. janúar 2002. Kaupverð var kr. 2.399.399.

B var úrskurðað gjaldþrota hinn 28. nóvember 2001. Sóknaraðili kvartaði yfir kaupum á vixlum félagsins með bréfi til varnaraðila, dagsettu 18. mars 2002, og krafðist þess að varnaraðili greiddi honum þá fjárhæð sem hann hafði tapað á viðskiptunum. Varnaraðili kvaðst í bréfi til sóknaraðila, dagsettu 8. apríl 2002, telja að hann hefði ekki brotið gegn ákvæðum í fjárvörslusamningi aðila, en kvaðst jafnframt tilbúinn til að skoða málið að nýju varðandi tjón sóknaraðila þá er ljóst væri hvað kæmi til skipta úr þrotabúi B. Sóknaraðili ítrekaði kröfur sínar í bréfi til varnaraðila, dagsettu 15. apríl 2002. Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 22. maí 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðili greiði honum kr. 2.399.399 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga (sic) nr. 38, 2001 frá 31. júlí 2001 til greiðsludags.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi farið út fyrir heimild sína samkvæmt fjárvörslusamningi með kaupum á vixlum af B, þar sem félagið hafi annars vegar ekki verið traust fyrirtæki í skilningi D-liðar samningsins og hins vegar hafi skilyrði um a.m.k. einn traustan ábyrgðarmann ekki verið uppfyllt. Með gjaldþroti greiðanda vixilsins sé féð sóknaraðila glatað og beri varnaraðili ábyrgð gagnvart sóknaraðila á greiðslu þess.

Sóknaraðili byggir á því að B hafi ekki verið traust fyrirtæki í skilningi samnings aðila þá er keyptur var víxill af félaginu og alls ekki þegar víxillinn var framlengdur í október 2001. Bendir sóknaraðili í því sambandi á að afkoma fyrirtækisins og staða atvinnugreinarinnar hafi verið slæm í mörg ár þá er kaupin fóru fram. Hafi starfsfólki verið sagt upp, samdráttur ríkt í samfélaginu og fækkun farþega fyrirsjáanleg. Kveðst sóknaraðili hafa mátt treysta því að fjármunum hans yrði ekki varið til kaupa á vixlum nema að undangengnu ítarlegu mati á stöðu þeirra. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi mátt gera ráð fyrir því að sex mánaða uppgjör B gæfi ekki rétta mynd af eignastöðu félagsins á þeim tíma sem tekin var ákvörðun um víxilkaupin. Styðji gjaldþrot félagsins stuttu síðar það enn frekari rökum að kaupin uppfylli ekki 11. tölul. D-liðar samnings aðila um traust fyrirtæki.

Þá styður sóknaraðili mál sitt og þeim rökum að síðara skilyrði 11. tölul. D-liðar hafi ekki verið uppfyllt þar sem enginn ábyrgðarmaður hafi verið á vixlinum. Hafi þessu skilyrði verið ætlað að tryggja að fjárvörsluþegi yrði ekki fyrir tjóni reyndist aðalskuldari ógjaldfær. Hafi varnaraðili þegar af þessari ástæðu brotið gegn samningi aðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur einritaðan víxil útgefinn af fyrirtæki án ábyrgðarmanns hljóta að teljast sjálfsskuldarábyrgðarbréf (sic). Hafi kaup varnaraðila á víxli B f.h. sóknaraðila því fullkomlega verið í samræmi við fjárvörslusamning aðila, að því gefnu að félagið hafi verið traust fyrirtæki.

Varnaraðili kveður faglega hafa verið staðið að ákvörðun um kaup á vixlum B. Hafi ekkert í þeim gögnum sem lögð voru fram bent til þess að félagið væri nær gjaldþrota. Vekur varnaraðili sérstaka athygli á því að sex mánaða uppgjör félagsins 2001 hafi verið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Þá verði og að taka tillit til þess að félagið hafi verið skráð á Verðbréfaþingi sem geri ríkari kröfur um upplýsingar og

trúverðugleika þeirra. Þá bendir varnaraðili á að í árslok 2000 hafi hlutfé verið aukið um 350 milljónir króna og nýr aðili bæst í hóp hluthafa með 150 milljónir króna í hlutfé. Hafi honum ásamt öllum stærstu hluthöfum félagsins því þótt það vera vænlegur kostur og augljóslega haft trú á framtíð þess.

Varnaraðili vísar ennfremur til þess að forráðamenn B hafi óskað eftir framlengingu víxla í byrjun október 2001 og hafi varnaraðili þá óskað eftir frekari gögnum. Hafi varnaraðila borist greinargerð framkvæmdastjóra ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2001, sem m.a. hafi sýnt 30,5% eiginfjárlutfall í árslok.

## V.

### Niðurstaða.

Samkvæmt 10. tölul. D-liðar fjárvörslusamnings aðila, dagsetts 18. ágúst 2000, var varnaraðila heimilt að kaupa fyrir hönd sóknaraðila víxla „*traustra fyrirtækja með a.m.k. einum traustum ábyrgðarmanni*“. Víxill sá er varnaraðili keypti af B fyrir hönd sóknaraðila hefur ekki verið lagður fram. Það þykir hins vegar ekki koma að sök. Víxill, sem varnaraðili keypti af félaginu fyrir hönd sóknaraðila hinn 10. október 2001 og útgefinn var sama dag og sagður er hafa verið til framlengingar á hinum fyrri, var svokallaður eiginvíxill, sbr. 13. kapítula víxillaga nr. 93, 1933. Var hann án ábyrgðarmanna, en málatilbúnað varnaraðila verður að skilja svo að hann telji að um sjálfskuldarábyrgðarbréf félagsins hafi verið að ræða sem heimilt hafi verið að kaupa án ábyrgðarmanns, sbr. 11. tölul. D-liðar samnings aðila.

Fyrirgreint ákvæði 10. tölul. D-liðar samnings aðila verður ekki skilið öðruvísi en svo að til þurfi a.m.k. einn aðila sem ábyrgist greiðslu víxils komi til greiðslufalls þess sem greiða á víxil þann er varnaraðili kaupir fyrir hönd sóknaraðila. Er það og til að tryggja að sóknaraðili verði síður fyrir tjóni verði greiðslufall á hlutaðeigandi víxli. Útgefandi eiginvíxils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi víxils á hendur öðrum manni, sbr. 1. mgr. 78. gr. víxillaga. Ekki voru aðrir sem ábyrgðust greiðslu fyrirnefnds víxils, útgefinn af B, en í samningi aðila er enginn munur gerður á eiginvíxlum og öðrum víxlum. Varnaraðila var samkvæmt þessu óheimilt að kaupa umræddan víxil af B án ábyrgðar a.m.k. eins trausts ábyrgðarmanns. Með kaupunum fór varnaraðili út fyrir umboð sitt samkvæmt fjárvörslusamningi aðila. Þarf því ekki að leysa sérstaklega úr því álitaefni hvort B hafi verið traust fyrirtæki þá er kaup voru gerð.

Varnaraðili ber samkvæmt framansögðu bótaábyrgð á því tjóni sem sóknaraðili hefur orðið fyrir. Kaupverð víxilsins var kr. 2.399.399 hinn 10. október 2001 og ber varnaraðila að greiða sóknaraðila þá fjárhæð. Með hliðsjón af atvikum máls þykir rétt að fjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 10. október 2001 til greiðsludags.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, greiði sóknaraðila, M, kr. 2.399.399 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 10. október 2001 til greiðsludags.

Reykjavík, 1. ágúst 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, miðvikudaginn 2. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Ragnheiður Bragadóttir, varaformaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið mál nr. 8/2002:

M  
gegn  
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Sóknaraðili er M, en varnaraðili er fjármálafyrirtækið F.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. júní 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila dagsettri 21. júní 2002. Kvörtunin var send varnaraðila með bréfi nefndarinnar 25. júní 2002 og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 25. júlí 2002 með bréfi hans dagsettu 19. júlí 2002. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar 25. júlí 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. ágúst 2002. Nefndin óskaði eftir frekari gögnum og upplýsingum frá varnaraðila með bréfi 5. september 2002. Svar og umbeðin gögn bárust með bréfi varnaraðila dagsettu 13. september 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 4. og 18. september og 2. október 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 4. apríl 2000 gerðu málsaðilar með sér skiptasamning til sex mánaða. Viðmiðunargreiðsla sóknaraðila miðaðist við fjárhæðir í erlendum myntum, samtals að verðmæti 5.428.960 íslenskar krónur á samningsdegi, en viðmiðunargreiðsla varnaraðila miðaðist við hlut í A að nafnvirði 300.000 krónur, á genginu 18,0065, eða að markaðsvirði 5.401.950 krónur á samningsdegi. Í samningnum segir að viðmiðunarbréfin séu í eigu varnaraðila og að varnaraðili muni selja þau í einu lagi tveimur bankadögum

fyrir lokadag samningsins, hinn 6. október 2000, sem jafnframt var gjalddagi samningsgreiðslna. Þá segir að greiðslum málsaðila skuli skuldajafnað þannig að ekki komi til greiðslu á öðru en mismuninum á greiðsluskyldu samningsaðila. Væru samanlagðar greiðslur sóknaraðila hærri en samanlagðar greiðslur varnaraðila á lokadegi skiptasamningsins skyldi varnaraðili skuldfæra reikning sóknaraðila fyrir mismuninum. Væru samanlagðar greiðslur varnaraðila hins vegar hærri en samanlagðar greiðslur sóknaraðila skyldi varnaraðili greiða mismuninn inn á reikning sóknaraðila. Samkvæmt ákvæðum samningsins gat sóknaraðili óskað eftir framlengingu eða breytingu á samningnum, svo og að samningnum yrði lokað fyrir lokadag samningsins, allt gegn greiðslu sérstakrar þóknunar.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu sóknaraðila samkvæmt samningnum setti sóknaraðili að handveði hlutabréf í A að nafnvirði 250.000 krónur, en að markaðsvirði 3.500.000 krónur miðað við gengi 14,0. Samkvæmt skiptasamningnum skyldi verðmæti handveðsins vera að lágmarki 39% af verðmæti viðmiðunarbréfanna við gerð samningsins. Ef verðmæti handveðsins lækkaði niður fyrir fyrrgreint hundraðshlutfall gat varnaraðili krafist þess að sóknaraðili legði fram frekari tryggingu.

Um handveðsetningu fyrrgreindra hlutabréfa var gerður sérstakur samningur dagsettur 4. apríl 2002, sem nefnist: Samningur um handveðsetningu verðbréfa sem eru í vörslu verðbréfadeildar F. Í samningi þessum kemur fram að umrædd verðbréf séu sett veðhafa að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra skulda og annarra fjárskuldbindinga veðsala gagnvart veðhafa hverju nafni sem þær nefnast. Í samningnum segir að veðsala sé óheimilt að selja hin veðsettu viðskiptabréf nema andvirði þeirra komi til vörslu veðhafa eða andvirði seldra bréfa gangi til lækkunar á skuldum þeim, sem handveðið eigi að tryggja. Jafnframt segir að verði vanskil á fyrrgreindum skuldum sé veðsala heimilt að nota andvirði hinna veðsettu viðskiptabréfa til fullnustu áðurgreindra skulda og kostnaðar, enda hafi veðhafi áður skorað á veðsala að greiða vanskilin og gefið honum a.m.k. tveggja vikna frest til þess. Einnig kemur fram að ákveði veðhafi að ganga að hinum veðsettu verðbréfum til fullnustu á kröfum sínum skv. framangreindu geti hann látið selja veðandlagið, eins og það sé á hverjum tíma, og ráðstafað söluandvirði þess til greiðslu á kröfu þeirri sem veðandlagið tryggir. Þá segir að veðhafi skuli tilkynna veðsala skriflega um fyrirhugaða sölu hins veðsetta með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Að lokum segir að handveðsetning samkvæmt samningnum gildi frá og með undirritun hans og þar til allar skuldir og skuldbindingar, svo og allur kostnaður, sem veðið eigi að tryggja séu að fullu greiddar.

Við lok skiptasamningsins hinn 6. október 2000 hafði gengi bréfa í A lækkað verulega svo að hallaði mjög á sóknaraðila máls þessa við uppgjör á skiptasamningnum.



Málsaðilum ber ekki saman um það hvort sóknaraðili hafi óskað eftir framlengingu á skiptasamningnum. Varnaraðili heldur því fram að sóknaraðili hafi óskað eftir framlengingu á samningnum og hefur lagt fram afrit af tölvupóstbréfum starfsmanns hans til sóknaraðila á tímabilinu 19. október 2000 til 3. apríl 2001 þar sem fyrirhuguð framlenging samningsins og greiðslur í tengslum við hana eru til umræðu. Í ágúst 2001 hafi sóknaraðili tilkynnt varnaraðila að ekki yrði óskað eftir framlengingu og hafi samningnum þá verið lokað miðað við 6. október 2000 í samræmi við ákvæði samningsins. Varnaraðili hafi þá selt viðmiðunarbréfin í A, en gengi þeirra hafi þá verið mun lægra en á lokadegi samningsins og hafi varnaraðili borið það tap. Sóknaraðili mótmælir því hins vegar eindregið að óskað hafi verið eftir framlengingu á samningnum.

Með bréfi 15. október 2001 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila að skuld vegna uppgjörs á skiptasamningnum hafi verið í vanskilum frá 6. október 2000. Í bréfinu skorar varnaraðili á sóknaraðila að greiða kröfuna, sem þá nam 3.025.062,07 króna, þá þegar eða í síðasta lagi 30. október 2001, ella yrði gengið að tryggingum og eftirstandandi skuld send í innheimtu hjá lögfræðideild F. Ekki var orðið við greiðslu kröfunnar og hinn 9. nóvember 2001 seldi varnaraðili hin veðsettu hlutabréf í A á genginu 2,25 eða fyrir 571.932 krónur.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður varnaraðila skulda sér 315.589 krónur vegna uppgjörs á skiptasamningi málsaðila. Hann sundurliðar kröfu sína með eftirfarandi hætti:

Bréf seld 06.10. 2000, (nafnverð x gengi) 300.000 x 11.43 =	3.429.000 kr.
Bréf seld 21.10. 2000, (nafnverð x gengi) 254.192 x 9,11 =	<u>2.315.689 kr.</u>
Samtals	5.744.689 kr.
Kaupverð bréfa nam samtals	5.429.100 kr.
 Mismunur	 315.589 kr.

Sóknaraðili kveður kvörtun sína fyrst og fremst lúta að því að varnaraðili hafi ekki selt hin handveðsettu hlutabréf á sama tíma og skiptasamningi málsaðila var lokað. Með vísan til ákvæða handveðsamningsins hafi varnaraðila borið að selja hin veðsettu hlutabréf 15 dögum eftir lok skiptasamningsins eða hinn 21. október 2000 og að miða eigi við gengi bréfanna þann dag.

Hinn óhæfilegi dráttur sem orðið hafi á uppgjöri skiptasamningsins eigi sér enga stoð í samningnum. Í handveðsamningnum sé einungis kveðið á um réttindi varnaraðila og skyldur sóknaraðila, en í takmörkuðum mæli um réttindi sóknaraðila og skyldur varnaraðila. Samningurinn fari því í bága við 17. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Þá hljóti það að vera grundvallaratriði að í slíkum samningum sé kveðið á um það hvenær selja eigi handveðið eftir lokadag skiptasamningsins, en að öðrum kosti geti verðbréfafyrirtæki dregið það í mörg ár að ganga að handveðinu á meðan markaðsvirði þess hriðlækkaði. Með slíkum óskýrleika í samningum sé viðskiptamönnum verðbréfafyrirtækja búið mikið óöryggi. Óeðlilegt sé að sóknaraðili beri hallann af því að ekki var kveðið á um þetta atriði í handveðsamningi málsaðila. Eðlilegt sé því að skýra handveðsamninginn með þeim hætti að borið hafi að selja hin veðsettu hlutabréf þegar gengi þeirra fór niður fyrir 14,0, en það hafi verið gengið sem miðað hafi verið við gerð samningsins.

Sóknaraðili heldur því fram, í ljósi yfirburðastöðu varnaraðila við samningsgerðina, að skýra beri fyrrgreinda samninga sóknaraðila í vil og að miða eigi uppgjör þeirra við ofangreindar dagsetningar. Til stuðnings þessu vísar sóknaraðili til 17., sbr. 40. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti og meginreglu samningaréttar um að túlka beri samninga í óhag þess sem hefur yfirburðastöðu við samningsgerð vegna stöðu sinnar og sérþekkingar. Slík túlkun væri einnig í samræmi við 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Af hálfu sóknaraðila er því mótmælt að önnur sjónarmið eigi að gilda um handveðsamninga, sem gerðir séu í tengslum við skiptasamninga, en um skiptasamninginn sjálfan. Ófært sé að viðskiptamenn verðbréfafyrirtækja séu algerlega háðir geðþóttaákvörðunum vörsluaðila veðsins um sölu þess. Þá bendir sóknaraðili á það að hlutabréf, sem skráð séu á markaði, sé hægt að selja um leið og ákvörðun er tekin um sölu þeirra og sé sala þeirra því ekki bundin einhverjum hindrunum við afsetningu eins og t.d. fasteignaveð.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Af hálfu varnaraðila er á það bent að samkvæmt grein 8.1. í handveðsamningi málsaðila hafi varnaraðila verið heimilt að nota andvirði veðandlagsins til fullnustu skulda og kostnaðar sem handveðið átti að tryggja. Samkvæmt ákvæðum samningsins hafi varnaraðila borið að skora á sóknaraðila að greiða vanskilin og gefa til þess tveggja vikna frest. Þetta hafi varnaraðili gert með bréfi sínu 15. október 2001. Varnaraðila hafi ekki verið skylt að selja handveðsettar eignir við lok skiptasamningsins, en

handveðsamningurinn hafi sjálfstætt gildi gagnvart skiptasamningnum. Varnaraðila séu engin tímamörk sett í handveðsamningnum um það hvenær ganga beri að handveðinu til lúkningar skuldinni. Í máli sóknaraðila hafi auk þess verið óljóst hvort sóknaraðili hygðist framlengja samninginn eða ekki og skýri það þann drátt sem orðið hafi á innheimtu kröfunnar.

Varnaraðili bendir á að sú almenna regla gildi í kröfurétti að kröfuhafa beri að takmarka tjón sitt og að það séu hvorki hagsmunum veðhafa né veðsala hagfellt að láta veðsetta eign rýrna. Ekki hafi verið fyrirsjáanlegt að hlutabréfamarkaðurinn tæki þá dýfu, sem raun hafi orðið á, og því sé ekki hægt að halda því fram að varnaraðili hafi ekki reynt að takmarka tjón sitt eins og kostur var. Bent er á að sala veðsettra eigna sé nauðungaraðgerð sem ekki sé framkvæmd fyrr en innheimtuaðferðir hafi verið fullreyndar. Af hálfu varnaraðila er því mótmælt að honum hafi borið að selja hin veðsettu hlutabréf færi gengi þeirra niður fyrir það gengi sem skráð sé í handveðsamningnum. Ekki sé kveðið á um slíkt í samningum aðila og kveðst varnaraðili ítreka að eðli handveðsetningar sé ekki greiðsla kröfunnar heldur trygging, komi til vanefnda á þeirri kröfu, sem veðandlagið eigi að tryggja greiðslu á. Gengið, sem skráð sé í handveðssamningnum sé það gengi sem varnaraðili hafi miðað verðmæti tryggingarinnar við, en sé á engan hátt hægt að túlka sem bindandi.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðila hafi ávallt verið ljóst að staða samningsins var neikvæð og að honum bæri að greiða mismun samningsgreiðslanna. Þeirri röksemd sóknaraðila að varnaraðila hafi borið að selja hina handveðsettu eign þegar við lok skiptasamningsins sé mótmælt, enda verði það að vera mat veðhafa hverju sinni hvenær eðlilegt sé að grípa til slíkra aðgerða.

## V.

### Niðurstaða

Svo sem fyrr greinir gerðu málsaðilar hinn 4. apríl 2000 með sér þá tvo samninga, sem um ræðir í máli þessu. Annars vegar var um að ræða skiptasamning til sex mánaða þar sem greiðslur samningsaðila voru annars vegar í erlendri mynd og hins vegar í hlutabréfum í A. Samkvæmt samningnum var gjalddagi hans 6. október sama ár, en þann dag skyldi samningnum lokað nema óskað væri eftir að honum yrði lokað fyrr eða að hann yrði framlengdur eftir umsaminn lokadag. Verðmæti samningsgreiðslna skyldi annars vegar miðast við sölugengi viðkomandi gjaldmiðla og hins vegar við gengi viðkomandi hlutabréfa, hvorutveggja tveimur dögum fyrir lokadag samningsins. Hins vegar var um að ræða veðsamning þar sem sóknaraðili veitti varnaraðila handveð í hlutabréfum í A til tryggingar greiðslu á skuldum hans hjá varnaraðila, þ.á.m. hugsanlegri

skuld hans samkvæmt fyrrgreindum skiptasamningi. Um tvo sjálfstæða samninga er að ræða og er í hvorugum samningnum vísað til hins um túlkun eða gildi einstakra samningsákvæða.

Samkvæmt ákvæðum veðsamningsins var varnaraðila ekki skylt að ganga að veðinu innan ákveðins tíma, eins og sóknaraðili heldur fram, heldur er þar þvert á móttekið fram í 10. gr. að handveðsetningin gildi þar til allar skuldir og skuldbindingar, svo og allur kostnaður, sem handveðið eigi að tryggja, séu að fullu greiddar. Í grein 8.2. er og tekið fram að varnaraðila sé heimilt að selja veðandlagið, eins og það sé á hverjum tíma, og ráðstafa söluandvirði þess til greiðslu á kröfu þeirri, sem tryggð er með umræddu handveði. Í grein 8.3. veitir sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til þess að framselja fyrir hönd sóknaraðila hin handveðsettu hlutabréf, eins og þau eru á hverjum tíma, til hvers þess aðila sem varnaraðili ákveður, þ.m.t. til hans sjálfs. Af ákvæðum þessum er ljóst að varnaraðila voru engin tímamörk sett hvað varðar sölu á veðandlaginu, heldur var honum þvert á móti frjálst að ákveða hvenær hann gekk að veðinu og hvar og hverjum hann seldi hin veðsettu hlutabréf, svo fremi að vanskil hefðu orðið á skuld þeirri sem veðið átti að tryggja og skorað hefði verið á sóknaraðila að greiða vanskilin innan a.m.k. tveggja vikna frests, sbr. grein 8.1. Samkvæmt framlögðum gögnum fullnægði varnaraðili þessum skilyrðum veðsamningsins. Þá verða ákvæði veðsamningsins ekki skilin svo að varnaraðila hafi verið skylt að ganga að veðinu þegar gengi hinna veðsettu hlutabréfa fór niður fyrir gengið 14,0, þ.e. það gengi, sem skráð er í kvittun varnaraðila um móttöku á hinum veðsettu hlutabréfum. Þá ber og að hafa í huga að veðinu var ætlað að tryggja greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum sóknaraðila gagnvart varnaraðila en ekki einvörðungu greiðslu samkvæmt fyrrgreindum skiptasamningi. Þá verður ekki fram hjá því litið að samkvæmt grein 2.3., 4.1. og 7.1. í veðsamningnum gat sóknaraðili óskað eftir því að hin veðsettu hlutabréf yrðu seld og að andvirði þeirra yrði ráðstafað til lækkunar á skuldum þeim, sem tryggðar voru með handveðinu, eða að fjárfest yrði fyrir andvirði þeirra í öðrum verðbréfum og fjárverðmætum. Framlögð gögn benda ekki til þess að sóknaraðili hafi óskað eftir þessu við varnaraðila.

Sóknaraðili heldur því fram að varnaraðili eigi að bera hallann af því að ekki var kveðið á um það í veðsamningi málsaðila hvenær selja átti veðandlagið eftir lokadag skiptasamningsins. Ekki er unnt að fallast á þetta enda er það forsenda þess að fullnusturéttur veðhafa skapist að um vanefnd af hálfu skuldara sé að ræða. Hér verður að hafa í huga að veðréttindi eru tryggingarréttindi, sem gegna því hlutverki að tryggja það að greiðsla fari fram, eftir atvikum þegar skuldari er kominn í greiðsluþrot. Veðhafi og veðsali hafa báðir hag af því að veðbandalagið rýrni ekki í verði og er alls óvíst að

hagsmunum veðsala sé betur borgið ef veðhafa er gert skylt að ganga að veðinu innan ákveðins tíma.

Með vísan til alls ofangreinds er niðurstaða nefndarinnar sú að hafna beri kvörtun sóknaraðila í máli þessu.

**ú r s k u r ð a r o r ð :**

Kvörtun sóknaraðila, M á hendur fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 2. október 2002

Ragnheiður Bragadóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, miðvikudaginn 4. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 26. júní 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. júní 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 14. ágúst 2002 með bréfi hans, dagsettu 9. sama mánaðar. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. ágúst 2002, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 25. ágúst 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. ágúst og 4. september 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 9. júlí 1997 gerðu aðilar máls þessa með sér samning um greiðslureikning þar sem sóknaraðili óskaði eftir því að varnaraðili annaðist einu sinni í mánuði millifærslur af reikningi hennar nr. XXXXXX inn á greiðslureikning hennar nr. XXXXXX og skuldfærði af honum til greiðslu tiltekinna reikninga og afborgana samkvæmt greiðsluáætlun á tímabilinu frá ágúst 1997 til júlí 1998. Voru greiðslur inn á nefndan greiðslureikning áætlaðar kr. 92.000,- á mánuði eða 1.104.000,- á tímabilinu.

Í samningi aðila var kveðið svo á að endurskoða skyldi upphæðina sem millifæra ætti inn á greiðslureikninginn með gerð nýrrar greiðsluáætlunar yrði veruleg breyting á greiðslum samkvæmt fyrri áætlun. Að öðru leyti gildi samningurinn í eitt ár frá undirskrift. Samningi aðila var hægt að segja upp með skriflegum hætti með mánaðar fyrirvara. Þá var og mælt svo fyrir að samningurinn félli úr gildi fyrirvaralaust hættu reglulegar greiðslur að berast inn á reikning sóknaraðila nr. XXXXXX, svo og ef næg innistæða væri ekki fyrir hendi til að millifæra á greiðslureikninginn mánaðarlega.

Hinn 25. ágúst 1997 voru lagðar inn á greiðslureikning sóknaraðila kr. 1.178.300,- sem virðast hafa verið fengnar að láni hjá varnaraðila. Daginn eftir voru kr. 1.093.896,50 notaðar til greiðslu skulda sóknaraðila við varnaraðila ?. Sama dag er að sjá sem gerð hafi

verið ný greiðsluáætlun fyrir sóknaraðila, sem miðaði við að greiddar yrðu kr. 96.500,- mánaðarlega inn á greiðslureikninginn frá september 1997 til ágúst 1998. Samningur þar um er þó óundirritaður. Hinn 18. febrúar 1998 var enn gerð ný greiðsluáætlun til eins árs miðað við kr. 130.500,- sem mánaðarlega greiðslu. Miðað var við sömu fjárhæð á greiðsluáætlun, dagsettri 9. febrúar 1999, og á hinni fimmtu, dagsettri 5. apríl 2000. Skriflegur samningur þar að lútandi var þó ekki gerður með aðilum. Í málinu liggur ennfremur fyrir greiðsluáætlun, dagsett 20. júní 2000, þar sem gert er ráð fyrir kr. 124.020,- í mánaðargreiðslu. Er áætlunin árituð um að allt sé í biðstöðu og óundirrituð. Loks liggur fyrir greiðsluáætlun, dagsett 9. apríl 2001 þar sem gert er ráð fyrir kr. 124.190,- í greiðslur á mánuði frá febrúar 2001 til janúar 2002. Er hún einnig óundirrituð.

Alls námu innborganir á greiðslureikning frá júlí til desember 1997 kr. 618.181,- að meðtöldum vöxtum og því sem eftir stóð af ofangreindu láni inn á reikningnum. Svarar það til kr. 123.636,- að meðaltali þá síðustu fimm mánuði ársins sem greiðsluáætlunin miðaðist við. Á árinu 1998 voru greiddar inn á reikninginn 851.545,- eða að meðaltali 70.962,- á mánuði. Greiðslur á árinu 1999 námu að meðaltali kr. 100.833,- á mánuði eða samtals kr. 1.210.000,- og á árinu 2000 að meðaltali kr. 116.250,- á mánuði, eða alls kr. 1.395.000,-. Á árinu 2001 voru samtals greiddar inn á greiðslureikning sóknaraðila kr. 1.127.264 eða sem svarar kr. 93.939,- að meðaltali á mánuði. Á fyrstu þremur mánuðum þessa árs voru alls greiddar kr. 300.000,- inn á reikninginn eða að meðaltali kr. 100.000,- á mánuði. Engar greiðslur hafa borist síðan 4. mars 2002.

Staða á fyrrnefndum greiðslureikningi sóknaraðila var jákvæð um kr. 5.483,51 á árslok 1997, en neikvæð um kr. 214.330,19 í árslok 1998, kr. 217.980,89 í árslok 1999, kr. 293.817,82 í árslok 2000 og kr. 126.185,63 í lok árs 2001. Staðan var neikvæð um kr. 35.954,34 hinn 31. júlí 2002.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 23. maí 2002, kvartaði sóknaraðili yfir greiðsluþjónustunni. Kvað sóknaraðili þau hjón hafa þurft að greiða ýmsar skuldir sjálf sem varnaraðili hafi átt að sjá um greiðslu á. Af þessum sökum hafi ekki verið unnt að ætlast til að full greiðsla bærst á greiðslureikninginn í hverjum mánuði. Ekki er að sjá að bréfinu hafi verið svarað og var mál þetta lagt fyrir úrskurðarnefndina með kvörtun, dagsettri 26. júní 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðili greiði honum kr. 950.000,- ca. (sic).

Sóknaraðili kvartar yfir því að reikningar og lán hafi ekki verið greidd af greiðsluþjónustu varnaraðila eins og til hafi verið ætlast. Kveðst sóknaraðili af þessum sökum hafa orðið fyrir óþarfa lögfræði- og vaxtakostnaði, auk þess sem hún hafi greitt ýmsa reikninga sem varnaraðili hafi átt að sjá um greiðslu á. Sökum þessa hafi númer verið klippt af bílum, lokað fyrir rafmagn og síma og flest öll mál farið í lögfræðihheimtu. Segir sóknaraðili að samkvæmt útreikningum sem hún hafi látið gera hafi hún greitt of mikið í greiðsluþjónustu hjá varnaraðila og að hægt hefði verið að komast hjá vanskilum.

Sóknaraðili kveðst hafa keypt íbúð í janúar 1998. Hafi hún rætt við varnaraðila af því tilefni og þá verið tjáð að hún þyrfti að greiða kr. 130.000,- á mánuði til að allt gengi upp. Kveðst hún hafa reynt að greiða eins og hún gat en verið í illa launaðri vinnu. Hún

hafi hins vegar fengið betri vinnu á árinu 1999 en þá ekkert heyrð frá varnaraðila og talið mál sín þar í góðu lagi. Í byrjun árs 2000 hafi hins vegar verið hringt í hana frá varnaraðila og henni tjáð að tvö lán væru í verulegum vanskilum. Þau hjón hafi síðan tekið hluta af reikningum, sem ekki höfðu verið greiddir, út úr greiðsluþjónustunni og séð sjálf um greiðslu þeirra. Síðari hluta árs 2001 hafi þau enn lent í vandræðum þar sem lokað hafi verið fyrir hita og rafmagn.

Sóknaraðili kveðst aldrei hafa fengið neinar upplýsingar um stöðu mála nema að hafa beðið um þær. Hafi varnaraðili aldrei sent henni upplýsingar um mál sem væru á leið í lögfræðiiinnheimtu. Þá segist varnaraðili aldrei hafa séð aðrar greiðsluáætlanir en þá sem hún skrifaði undir 26. júlí 1997 og aldrei fengið tilkynningar frá varnaraðila um vanskil.

Sóknaraðili krefst bóta vegna allra aukaútgjalda sem hún kveðst hafa orðið fyrir en ekki hefði komið til að hennar mati hefði verið hugsað eðlilega um mál hennar hjá varnaraðila.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa byrjað í greiðsluþjónustu hjá F frá og með 1. ágúst 1997. Hafi samningur þar að lútandi staðist í einn mánuð en þá hafi verið gerður nýr samningur, þar sem m.a. hafi bæst við nýtt lán sem tekið hafi verið til greiðslu ýmissa reikninga. Segir varnaraðili sóknaraðila hafa keypt húsnæði í desember 1997. Greiðslur hafi síðan farið að berast óreglulega um mitt ár 1998 og ekki umsamin mánaðargreiðsla. Kveður varnaraðili samninginn hafa verið í biðstöðu (sic) árið 2000 enda allar forsendur þá breyttar. Gert hafi verið nýtt uppkast að samningi árið 2001.

Varnaraðili segir að fljótlega hafi komið í ljós að fjárhagsstaða sóknaraðila og eiginmanns hennar hafi verið slæm. Eftir því sem staðan versnaði kveðst sóknaraðili hafa lagt áherslu á að greiða fyrir þeirra hönd húsnæðislán, rafmagn og hita.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa fengið yfirlit yfir stöðu greiðslureiknings 12 sinnum á ári. Þá hafi öll bréf um að skuldir í vanskilum væru á leið í lögfræðiiinnheimtu verið send áfram á heimilisfang sóknaraðila. Varnaraðili kveðst fjórum sinnum frá því í júní 1999 til og með febrúar 2002 hafa sent sóknaraðila tilkynningu um vanskil. Þá hafi varnaraðili margoft verið í símasambandi við sóknaraðila og eiginmann hennar. Ennfremur segist varnaraðili hafa bent þeim hjónum á að hafa samband við Ráðgjafarstofu heimilanna þar sem þau hafi ekki verið nógu meðvituð um hversu fjárhagsstaða þeirra væri alvarleg.

Varnaraðili telur augljóst að hann hafi að fullu leyti staðið við sinn hluta samnings aðila.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Kröfu sóknaraðila þykir mega skilja svo að að hún geri kröfu um að varnaraðili greiði henni kr. 950.000,-. Málartilbúnaður varnaraðila verður ekki skilinn á annan veg en að F hafni öllum kröfum sóknaraðila.

Í máli þessu liggur fyrir undirritaður samningur um greiðslureikning, dagsettur 9. júlí 1997. Skyldi hann gilda í eitt ár frá undirskrift, nema honum hafi áður verið sagt upp eða hann fallið niður sökum þess að ekki var nægileg innistæða á reikningi sóknaraðila, sem millifært skyldi af inn á greiðslureikninginn. Ekki verður þó annað séð en að aðilar



hafi að meira eða minna leyti unnið eftir samningnum, eftir atvikum með breytingum á greiðslum, allt fram á þetta ár.

Samkvæmt ofangreindum samningi skyldu mánaðarlegar greiðslur sóknaraðila nema kr. 92.000,-. Ljóst má vera að sóknaraðila gat ekki dulist að í kjölfar lántöku í lok ágúst 1997 þyrftu greiðslurnar að hækka. Greiðsluerfiðleikar sóknaraðila virðast þó fyrst og fremst eiga rót sína í íbúðarkaupum öðru hvoru megin við áramótin 1997-1998, en í kjölfar þeirra jókst greiðslubyrði sóknaraðila og eiginmanns hennar mjög. Er og viðurkennt af sóknaraðila að henni hafi verið tjáð í ársbyrjun 1998 að hún þyrfti að greiða kr. 130.000,- á mánuði til að standa í skilum. Kemur það heim og saman við þá greiðsluáætlun sem varnaraðili virðist hafa gert á þeim tíma. Verður því að telja að samkomulag hafi verið þar um. Mánaðarlegar greiðslur sóknaraðila námu hins vegar að meðaltali aðeins kr. 70.962,- á árinu 1998 eða rétt rúmlega helmingi þess sem sóknaraðili sjálf hafði fallist á að greiða. Meðaltalsgreiðslur á árinu 1999 námu kr. 100.833,- kr. 116.250 árið 2000 og kr. 93.939,- árið 2001. Hefur sóknaraðili því aldrei náð að greiða þær 130.000 krónur sem henni var þó ljóst að til þyrfti til að standa í skilum.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að innistæða á reikningi sóknaraðila nr. XXXXXX var sjaldnast það há að hún dygði fyrir umsamdri millifærslu inn á greiðslureikning hennar. Á þetta einkum við á árinu 1998 sem þá þegar leiddi til verulegra vanskila. Gat sóknaraðili ekki vænst þess að varnaraðili fjármagnaði þann hluta sem upp á vantaði til að umsamdri millifærslu yrði náð, heldur miðaðist yfirdráttarheimild á greiðslureikningi við að unnt væri að millifæra umsamda fjárhæð af reikningi sóknaraðila inn á greiðslureikninginn.

Með vísan til framanritaðs verður meint tjón sóknaraðila rakið til hennar sjálfrar en ekki varnaraðila. Verður ekki ráðið af gögnum málsins að varnaraðili hafi sýnt af sér neina þá háttsemi sem varðað geti bótaábyrgð sjóðsins gagnvart sóknaraðila. Er því óhjákvæmilegt að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Það athugast að ekki verður annað séð en að varnaraðili hafi haldið áfram að vinna eftir samningi aðila, dagsettum 26. júlí 1997, eftir að gildistíma hans lauk án þess að hann væri framlengdur með skriflegum hætti eða nýr skriflegur samningur gerður. Er það aðfinnsluvert.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 4. september 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólög Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, miðvikudaginn 4. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2002**:

**M  
og  
R  
gegn  
fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og R, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 26. júní 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 25. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. júní 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 16. júlí 2002. Bréfið var sent sóknaraðilum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2002, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 7. ágúst 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. ágúst og 4. september 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 22. desember 1994 gaf sóknaraðili M út skuldabréf nr. XXXXXX að fjárhæð kr. 2.000.000 til varnaraðila. Bréfið var með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila R. Skyldi bréfið greiðast upp með 10 árlegum afborgunum. Ekki er að sjá að nokkru sinni hafi verið greitt af bréfinu og mun varnaraðili af þeim sökum hafa falið lögmanni sínum að annast innheimtu bréfsins. Var sóknaraðilum sent innheimtubréf frá lögmanni, dagsett 8. mars 2002. Lögmaður sóknaraðila sendi lögmanni varnaraðila bréf, dagsett 21. sama mánaðar, þar sem kröfu varnaraðila var mótmælt. Kvað lögmaðurinn varnaraðila aldrei hafa keypt bréfið og skoraði á varnaraðila að gera grein fyrir hvernig andvirði bréfsins var ráðstafað og leggja fram gögn þar að lútandi. Jafnframt sagði lögmaðurinn sóknaraðila áskilja sér rétt til að kæra málið til Fjármálaeftirlitsins yrði ekki sýnt fram á framangreint með fullnægjandi hætti. Ekki er að sjá að bréfi þessu hafi verið svarað, en sóknaraðilum var send greiðsluáskorun frá lögmanni varnaraðila, dagsett 23. maí 2002.

Með bréfi til Fjármálaeftirlitsins, dagsettu 7. júní 2002, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir að fram færi rannsókn á innheimtu varnaraðila á skuldabréfinu.

Fjármálaeftirlitið endursendi lögmanninum erindið með bréfi, dagsettu 18. júní 2002, þar sem eftirlitið taldi ágreining aðila þess eðlis að það hefði ekki úrskurðarvald í málinu.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 25. júní 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Um kvörtunarefni er í kvörtun sóknaraðila vísað til bréfs lögmanns sóknaraðila til Fjármálaeftirlitsins, dagsetts 7. júní 2002. Þar óskar lögmaðurinn rannsóknar á innheimtu varnaraðila á fyrrgreindu skuldabréfi. Er vísað til þess að skuldabréfið hafi aldrei verið keypt af varnaraðila. Hins vegar hafi verið fyrirhugað að varnaraðili keypti umrætt bréf að því tilskildu að sóknaraðilar hefðu haldið áfram ótilgreindum rekstri sem þau hafi þá haft með höndum á G og að þau héldu tiltekinni fasteign þar í bæ sem varnaraðili hefði keypt á uppboði og síðar selt aftur. Kveðast sóknaraðilar aldrei hafa séð neitt uppgjör vegna þeirrar sölu. Þá vísaði lögmaðurinn til þess að varnaraðili hefði ekki orðið við áskorun um að leggja fram gögn um hvernig andvirði nefnds skuldabréfs hefði verið ráðstafað.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður víst að andvirði ofangreinds skuldabréfs hafi farið til greiðslu eldri skulda sóknaraðila en annað hafi verið afskrifað. Telur varnaraðili ljóst að bréfið hafi verið undirritað vegna þess að sóknaraðilar hafi skuldað varnaraðila fé og afskrifist skuldirnar ekki þótt rekstri hafi verið hætt eða að þau hafi ekki eignast aftur þá fasteign sem þau hafi misst á uppboði. Varnaraðili bendir á að greiðsluseðlar og vanskilamiðar hafi verið sendir sóknaraðilum í átta ár án athugasemda þeirra. Varnaraðili vísar til þess að málið sé orðið eldra en sjö ára og því séu gögn málsins ekki lengur í vörslu hans. Loks bendir varnaraðili á að greitt hafi verið af bréfinu kr. 88.078,90 hinn 16. júlí 1996.

### V.

#### Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin m.a. til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband þar á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðilar njóta aðstoðar lögmanns við málarekstur þeirra fyrir nefndinni. Í kvörtun þeirra er vísað til bréfs lögmannsins til Fjármálaeftirlitsins, dagsetts 7. júní 2002, þar sem óskað er eftir rannsókn stofnunarinnar á innheimtu varnaraðila á fyrrgreindu skuldabréfi. Ekki verður ráðið af kvörtun sóknaraðila hverjar kröfur þeirra eru eða á hvaða grundvelli þær byggjast. Er málatilbúnaður sóknaraðila allur hinn óljósasti. Það er utan starfssviðs úrskurðarnefndarinnar og ekki hlutverk hennar að rannsaka sérstaklega innheimtu einstakra skuldabréfa eins og farið er fram á í fyrrgreindu bréfi til

Fjármálaeftirlitsins og kvörtun sóknaraðila byggir á, þ.m.t. að kanna hvernig andvirði skuldabréfsins var ráðstafað eða hver tilurð útgáfu þess var. Ekki liggur annað fyrir en að sóknaraðili M hafi gefið út umrætt skuldabréf til varnaraðila og að sóknaraðili R hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu þess. Hefur bréfið því sjálfstætt gildi óháð því hvernig viðskiptum að baki þess kann að hafa verið háttáð.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til þess hvernig kröfugerð og málatilbúnaði sóknaraðila er háttáð verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M og R, á hendur varnaraðila, F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 4. september 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, miðvikudaginn 18. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2002**:

**M**

**gegn**

**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. júlí 2002 með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 4. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. júlí 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi F, dagsettu 26. júlí 2002. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. ágúst 2002, og sóknaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 19. ágúst 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. ágúst og 4. og 18. september 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili mun hafa átt í viðskiptum við A á árum áður, en hann var sameinaður F á árinu 1994. Verðbréfaviðskipti A voru þó rekin áfram í sérstöku félagi til ársins 1996 en það félag þá sameinað varnaraðila.

Í málinu liggur m.a. fyrir umboð, dagsett 24. janúar 1991, til handa syni sóknaraðila til að ganga frá afsali og öðru sem við kæmi kaupum á íbúð í Reykjavík. Þá er og að finna kvittanir fyrir kaupum sóknaraðila á víxlum á árinu 1991 og innlausn eins slíks. Kemur nafn sonar sóknaraðila þar tvisvar við sögu. Þá er ennfremur að finna yfirlit yfir viðskipti sóknaraðila við A á árunum 1991-1993.

Með bréfi, dagsettu 14. maí 2001, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir upplýsingum um inneign sóknaraðila samkvæmt yfirliti, dagsettu 27. janúar 1994. Umrætt yfirlit er yfir viðskipti sóknaraðila við A á árinu 1993. Kemur þar m.a. fram að keyptir hafi verið fjórir víxlar í janúar, apríl, júlí og september 1993, samtals að nafnvirði kr. 4.317.046 en

kaupverð þeirra var kr. 3.248.095. Jafnframt var seldur einn víxill að nafnvirði kr. 77.300 í ágúst 1993 og var söluverð kr. 76.500.

Með bréfi til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 30. maí 2001, tilkynnti varnaraðili að félagið gæti ekki aðstoðað sóknaraðila frekar í málinu. Benti varnaraðili á að samkvæmt umræddu yfirliti hefði sóknaraðili síðast átt viðskipti við A 14. september 1993. Greindi varnaraðili svo frá að á yfirliti því sem um ræddi kæmi eingöngu fram kaupverð bréfa en ekki söluverð þeirra. Þá hefði öllum gögnum um viðskiptin verið eytt þar sem bókhaldsgögn A væru samkvæmt lögum einungis geymd í sjö ár. Var sóknaraðila jafnframt bent á að kanna yfirlit yfir reikninga sína frá umræddum tíma.

Lögmaður sóknaraðila sendi varnaraðila yfirlit yfir reikning sóknaraðila með bréfi, dagsettu 7. júní 2001. Kvað hann þar ekkert koma fram sem benti til þess að andvirði viðskiptabréfa, sem fram hefðu komið á áðursendum yfirlitum, hefðu verið greitt sóknaraðila. Kvað hann grun um að bréfin hefðu glatast í vörslu A og væri sá grunur á rökum reistur væri unnt að ógilda bréfin og greiða sóknaraðila andvirði þeirra. Erindið var ítrekað með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 10. september 2001.

Með bréfi til Fjármálaeftirlitsins, dagsettu 20. nóvember 2001, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir því að fram færi rannsókn á málinu. Fjármálaeftirlitið endursendi lögmanninum erindið með bréfi, dagsettu 17. apríl 2002, þar sem eftirlitið hefði ekki úrskurðarvald í málinu. Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, mótttekinni 8. júlí 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir aðallega þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða henni kr. 3.248.095 ásamt vöxtum og kostnaði. Til vara krefst sóknaraðili kr. 1.034.351 ásamt vöxtum og kostnaði.

Annars vegar virðist kvörtun sóknaraðila lúta að því að fé sem sóknaraðili kveðst hafa lagt inn á reikning hafi glatast og hafi hún ekki veitt umboð til úttekta af reikningnum. Kveðst sóknaraðili gera kröfu um að fá greitt út fé sem hún hafi lagt inn á reikninginn til ávöxtunar og haft í hyggju að nota á árinu 2000. Spyr sóknaraðili hver hafi tekið út af reikningi sóknaraðila umfram það sem upplýst sé að sóknaraðili sjálfur eða réttur (sic) umboðsmaður hafi tekið. Sóknaraðili telur kröfu sína ófyrnda.

Hins vegar virðist mega ráða af kvörtun sóknaraðila að kvartað sé yfir verðbréfaviðskiptum sem átt hafi sér stað í nafni sóknaraðila á árunum 1991-1993. Kveðst sóknaraðili hafa fengið afhent yfirlit yfir þau viðskipti en hvorki liggi fyrir umboð né undirskriftir sóknaraðila sem beri með sér að hún hafi óskað eftir umræddum viðskiptum. Sóknaraðili segist á einhverjum ótilgreindum tíma hafa selt fasteign sína og skyldi kaupsamningsgreiðsla að fjárhæð kr. 1.700.000 lögð inn á fyrrgreindan reikning. Það hafi hins vegar ekki gerst. Kveður sóknaraðili að samkvæmt yfirlitum hafi verið keypt verðbréf fyrir fjárhæðina hjá A og hafi sóknaraðila verið með öllu ókunnugt um þau viðskipti. Spyr sóknaraðili með hvaða hætti þau viðskipti hafi stofnast, svo og hvers vegna sé ekki hægt að ógilda verðbréfin séu þau skráð eign sóknaraðila og greiða honum andvirði þeirra.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili bendir á að yfirlit, dagsett 27. janúar 1994, sýni eingöngu hreyfingar á árinu 1993 en sé ekki yfirlit yfir eignastöðu sóknaraðila í lok þess árs. Þá tekur varnaraðili fram að um hafi verið að ræða kaup á víxli og svo virðist sem sömu fjárhæðinni hafi verið velt áfram þannig að nýr víxill hafi verið keyptur þegar komið var að gjalddaga eldri víxils. Virðist sem víxlarnir hafi verið keyptir til þriggja mánaða í senn. Samkvæmt yfirlitinu hafi síðustu viðskiptin átt sér stað hinn 14. september 1993 og hafi þau verið að fjárhæð kr. 1.034.351. Varnaraðili hafnar því að inneign sóknaraðila hafi í árslok 1993 numið kr. 3.248.095 eins og sóknaraðili haldi fram.

Varnaraðili vísar til þess að tæp átta ár hafi liðið frá því að síðustu viðskipti hafi átt sér stað samkvæmt umræddu yfirliti þar til fyrirspurn hafi borist frá lögmanni sóknaraðila um viðskiptin. Öllum gögnum vegna þeirra viðskipta sem um ræði hafi hins vegar verið eytt. Varnaraðili kveður þó að unnt hafi verið að prenta út úr tölvukerfi varnaraðila frá þeim tíma endurrit kvittunar fyrir útborgun víxla frá varnaraðila til A, dagsettrar 30. desember 1993. Komi þar fram að hinn 29. desember 1993 hafi síðastgreint félag innleyst hjá varnaraðila bankavíxla, samtals að fjárhæð kr. 6.823.101, þ.á m. víxil að fjárhæð kr. 1.034.351. Þar sem ekki hafi fundist frekari gögn þar um sé ekki unnt að rekja hvort um sama víxil sé að ræða og sóknaraðili keypti hinn 14. september 1993 en telja verði líklegt að svo sé. Þá kveður sóknaraðili að aflað hafi verið lista yfir hreyfingar á viðskiptareikningi A fyrir desember 1993 og 1994 hjá R en ekki hafi tekist að rekja þær fjárhæðir sem um ræðir á þann reikning. Þá hafi heldur ekki tekist að rekja hvernig síðastgreindri fjárhæð hafi verið ráðstafað af A þar sem öllum undirliggjandi (sic) gögnum hafi verið eytt. Líklegt verði þó að telja að andvirði víxilsins hafi verið greitt út til eiganda hans.

Loks bendir varnaraðili á að í gögnum málsins komi ekki fram hvort og þá með hvaða hætti sóknaraðili hafi talið umrædda fjármuni fram á skattskýrslum. Jafnframt liggja ekkert fyrir um það að sóknaraðili hafi gert athugasemdir við reikningsyfirlit sem viðskiptavinum séu send a.m.k. einu sinni á ári.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Svo sem fyrr greinir gerir sóknaraðili aðallega þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða henni kr. 3.248.095 ásamt vöxtum og kostnaði. Til vara krefst sóknaraðili kr. 1.034.351 ásamt vöxtum og kostnaði. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann geri kröfu um að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Sóknaraðili nýtur aðstoðar lögmanns við málarekstur sinn fyrir nefndinni. Þrátt fyrir það er málatilbúnaður sóknaraðila ekki svo skýr sem vera skyldi. Ekki þykir þó alveg nægilegt tilefni til að vísa máli þessu frá nefndinni.

Eins og fyrr er rakið virðist kvörtun sóknaraðila annars vegar snúa að meintri inneign sóknaraðila á reikningnum. Ekki er í kvörtun sóknaraðila tilgreint númer reiknings eða í hvaða banka hann er. Í gögnum málsins er að finna yfirlit yfir nokkra reikninga í eigu sóknaraðila, þ.á m. nokkur yfirlit yfir reikning nr. XXXXX í F. Verður að ætla að kvörtun sóknaraðila snúist um inneign á þeim reikningi og meintar úttektir án heimildar af reikningnum enda ekki um aðra reikninga að ræða. Kvörtun þar að lútandi verður sóknaraðili að beina gegn F en ekki varnaraðila sem er sjálfstæður lögaðili. Breytir

Þá engu hvernig eignaraðild F að varnaraðila er háttað eða þótt það félag hafi kosið að koma á framfæri athugasemdum fyrir hönd varnaraðila. Verður þegar af þessari ástæðu að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila varðandi ofangreindan reikning.

Hins vegar virðist kvörtun sóknaraðila beinast að meintri inneign sóknaraðila samkvæmt yfirliti, dagsettu 27. janúar 1994. Umrætt yfirlit er yfir viðskipti sóknaraðila við A á árinu 1993. Kemur þar m.a. fram að keyptir hafi verið fjórir víxlar í janúar, apríl, júlí og september 1993, samtals að nafnvirði kr. 4.317.046 en kaupverð þeirra var kr. 3.248.095. Er það sama fjárhæð og sóknaraðili gerir nú kröfu um að varnaraðili greiði sér en A var sameinað varnaraðila á árinu 1996. Krafan er ekki rökstudd sérstaklega.

Ekki verður annað séð en að yfirlit, dagsett 27. janúar 1994, sýni eingöngu hreyfingar á árinu 1993 svo sem varnaraðili hefur greint frá, þ.e. hafi að geyma samantekt yfir viðskipti sóknaraðila við A á árinu 1993, en sé ekki yfirlit yfir eignastöðu sóknaraðila í lok þess árs. Fallast ber á með varnaraðila að svo virðist sem sömu fjárhæðinni hafi verið velt áfram þannig að nýr víxill hafi verið keyptur þegar komið var að gjalddaga eldri víxils. Virðist sem víxlarnir hafi verið keyptir til þriggja mánaða í senn. Samanlagt kaupverð víxla á árinu 1993 var kr. 3.248.095 og er sú fjárhæð tilgreind á yfirlitinu. Engin rök eru til þess að skilja samtöluna svo að um hafi verið að ræða heildareign sóknaraðila sem geymd væru í vörslu A eins og málatilbúnaður sóknaraðila virðist lúta að. Er því óhjákvæmilegt að hafna aðalkröfu sóknaraðila.

Til vara krefst sóknaraðili kr. 1.034.351 sem er sama fjárhæð og nafnverð víxils sem sóknaraðili keypti 14. september 1993 fyrir kr. 1.009.462. Krafan er ekki fremur en aðalkrafa sóknaraðila rökstudd sérstaklega. Varnaraðili hefur borið að gögnum tengdum viðskiptum þessum hafi verið eytt enda hafi liðið tæp átta ár frá því að þau áttu sér stað þar til sóknaraðili gerði athugasemdir við þau. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga um bókhald nr. 145, 1994 er óskilyt að geyma bókhaldsgögn og fylgiskjöl lengur en í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Var varnaraðila því ekki skylt að varðveita gögn vegna viðskipta á árinu 1993 lengur en til ársloka 2000. Engar sönnur hafa verið færðar fyrir því að sóknaraðili hafi ekki fengið umræddan víxil eða andvirði hans í hendur á árinu 1993 og því síður, hafi svo ekki verið, að um sé að kenna saknæmri háttsemi sem varnaraðili verði nú látinn bera ábyrgð á. Með vísan til þessa, tómlætis sóknaraðila og málatilbúnaðar hans að öðru leyti er ekkert tilefni til annars en að hafna varakröfu sóknaraðila sömuleiðis.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða málsins að öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F er hafnað.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F er hafnað.

Reykjavík, 18. september 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólög Embla Einarsdóttir

Sölvi

Sölvason



# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, þriðjudaginn 5. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 9. september 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 6. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. september 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 23. september 2002. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. október 2002, og sóknaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 10. október 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. október og 5. nóvember 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 14. apríl 2002 gerði sóknaraðili framvirkan samning við A, um sölurétt á hlutafé í B. Samkvæmt samningi aðila var sóknaraðili skuldbundinn til að kaupa í síðustu viku maímánaðar 2002 7.500.000 nafnverðseiningar í B af A á genginu 10,0 ef A óskaði eftir að nýta þann sölurétt sinn.

Samkvæmt 6. gr. samnings aðila skyldi sóknaraðili í fyrstu (sic) viku aprilmánaðar leggja fram tryggingarvixil að fjárhæð kr. 75.000.000, þ.e sem svaraði til þeirrar fjárhæðar, sem greiða skyldi fyrir umsamdar nafnverðseiningar, ákvæði A að nýta sér sölurétt sinn. Í málinu liggur fyrir ljósrit framhliðar vixileyðublaðs með árituninni „Tryggingarvixill“. Er eyðublaðið óútfyllt að því er varðar útgáfudag og gjalddaga. Útgefandi er C, greiðandi varnaraðili og ábekingur tilgreindur D. Á ljósritinu er að finna áritun f, sem er til húsa á sama stað og varnaraðili, fyrir móttöku þó ekki komi fram hvenær sú móttaka á að hafa átt sér stað. Ekki er deilt um að varnaraðili hafi tekið við vixileyðublaðinu en aðilum ber ekki saman hvernig svo háttaði til eða í hvaða tilgangi það var.

Hinn 27. júní 2002 var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur mál nefnds A á hendur varnaraðila, útgefanda og ábekingi víxilsins. Gerði A þar kröfu um að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum víxilfjárhæðina ásamt dráttarvöxtum frá 6. júní 2002 til greiðsludags. Í stefnu er víxillinn sagður útgefinn 5. júní 2002 en gjalddagi 6. sama mánaðar. Ekki er þar tilgreint hvernig nánar var staðið að formgildingu víxilsins eða hver nánari aðdragandi hennar var. Ljósrit víxilsins fylgir ekki málgögnum. Ekki liggur fyrir hvort og þá hverjar lyktir málsins hafa orðið í héraðsdómi.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 20. ágúst 2002, kvartaði lögmaður sóknaraðila, fyrir hans hönd og útgefanda og ábekingis umrædds víxils, yfir heimildarlausri afhendingu tryggingarvíxilsins. Kvað lögmaðurinn víxillinn hafa verið afhentan f fyrir hönd varnaraðila að undirlagi C. Varnaraðili hafi tekið við víxlinum og síðar afhent hann þriðja manni (sic), A, án þess að hafa til þess heimild. Var í bréfinu farið fram á að varnaraðili hlutaðist til um að víxillinn yrði afhentur útgefanda, greiðanda og ábekingi víxilsins eða gengi með öðrum hætti frá samningi við handhafa víxilsins þannig að hinir þrír fyrrnefndu yrðu ekki fyrir tjóni vegna málsins.

Með bréfi til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 30. ágúst 2002, var því lýst yfir af hálfu varnaraðila að hann teldi sig ekki geta haft milligöngu um að leysa úr ágreiningi milli umbjóðenda lögmannsins og nefnds A.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 6. september 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili hefur ekki uppi neinar kröfur í málinu.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að sú meginregla gildi um fjármálafyrirtæki sem taki við verðmætum að þau afli sér skýlausrar heimildar til að afhenda þriðja manni peninga eða viðskiptabréf sem þeim hafi verið treyst fyrir til varðveislu. Hafi því ekki verið til að dreifa í máli þessu. Hafi varnaraðili þverbrotið ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Þá kveður sóknaraðili varnaraðila hafa átt að útvega sér umboð áður en félagið afhenti A umræddan tryggingarvíxil. Í ljósi fjárhæðar víxilsins sé ennfremur eðlilegt að leggja þá skyldu á varnaraðila að félagið sýni fram á skýlausa heimild til afhendingar og/eða framsals.

Sóknaraðili vísar til þess að samkomulag hafi verið með aðilum um að víxillinn skyldi afhentur hjá varnaraðila. Breyti þá engu þótt ekki sé minnst á varnaraðila í samningi aðila. Um leið og afhending víxilsins hafi átt sér stað hafi stofnast varðveisluskylda (sic) hjá varnaraðila, sem hann hafi brotið gegn með heimildarlausri afhendingu víxilsins. Hafi varnaraðili ekki viljað varðveita víxillinn hafi hann átt að skila honum til þess er fól honum víxillinn en ekki til 3ja manns (sic).

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveðst aldrei hafa fallist á að varðveita margumræddan víxil. Þjóði varnaraðili ekki upp á þá þjónustu að varðveita víxla, sem aðilar ótengdir varnaraðila hafi gefið út til tryggingar viðskiptasamningum sín á milli, án aðildar varnaraðila eða vitneskju hans þar um. Noti varnaraðili víxla eingöngu í þeim tilgangi að kaupa þá sem

skuldaskjöl. Staðhæfingu sóknaraðila um að varðveisluskylda (sic) hafi myndast hjá varnaraðila vegna móttöku víxilsins er mótmælt sem órökstuddri.

Varnaraðili viðurkennir að hafa tekið á móti téðum víxli. Hafi nefndur A haft samband við útibússtjóra varnaraðila og beðið hann um að taka við vixlinum fyrir sína hönd og hafi útibússtjórinn fallist á það. Hafi það eingöngu verið í greiðaskyni við A sem útibúið tók við vixlinum úr hendi sóknaraðila. Engin fyrirmæli eða takmarkanir hafi verið settar á afhendingu víxilsins til A af hálfu útgefanda, greiðanda eða ábekings víxilsins. Sé því ótvírætt að varnaraðila hafi ekki verið unnt að synja A um afhendingu víxilsins þegar eftir því var leitað af hans hálfu. Þá hafi varðveisla víxilsins aldrei verið rædd við varnaraðila og þaðan af síður hafi varnaraðili verið upplýstur um efni samnings A og sóknaraðila um hugsanleg hlutabréfkaup í B. Þar af leiðandi hafi varnaraðila ekki verið kunnugt um hvaða tilgangi nefndur víxill gegndi í viðskiptum sóknaraðila og A.

Varnaraðili telur ákvæði laga nr. 13, 1996 ekki eiga við í máli þessu þar sem ekki hafi verið um verðbréfavíðskipti að ræða í skilningi laganna.

## V.

### Niðurstaða.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettum 8. júní 2000, sem tóku gildi 15. júní það ár, tekur nefndin meðal annars til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband á milli aðila. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár, breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja, ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms og loks mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili nýtur aðstoðar lögmanns við málarekstur sinn fyrir nefndinni. Þrátt fyrir það er í kvörtun sóknaraðila hvergi að finna neinar kröfur á hendur varnaraðila. Er málið þegar af þeirri ástæðu ótækt til úrskurðar.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 5. nóvember 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólög Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, mánudaginn 2. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Ragnheiður Bragadóttir, varaformaður, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólafur Haraldsson, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið mál nr. 13/2002:

M

gegn

fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Sóknaraðili er M, en varnaraðili er fjármálafyrirtækið F.

Málið barst úrskurðarnefnd 30. september 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila dagsettri 26. september 2002. Kvörtunin var send varnaraðila með bréfi nefndarinnar 1. október 2002 og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 22. október 2002 með bréfi hans dagsettu sama dag. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar 23. október 2002 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust 5. nóvember 2002 með bréfi dagsettu 4. nóvember 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. nóvember og 2. desember 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili er erlent fyrirtæki, sem um nokkurra ára skeið hefur átt bankaviðskipti við fyrirtækjasvið varnaraðila vegna viðskipta sinna hér á landi. Með bréfi dags. 10. júlí 2000 óskaði sóknaraðili eftir því að verðbréfasvið varnaraðila millifærði 300.000 bandaríkjadali af gjaldeyrisreikningi sóknaraðila hjá varnaraðila og ráðstafaði til kaupa á hlutum í alþjóðlegum sjóðasjóðum. Fyrir hönd sóknaraðila keypti varnaraðili í alþjóðlegu sjóðasjóðunum A fyrir 1.285.256,15 evrur á genginu 0,196918, í A fyrir 182.079,06 evrur á genginu 0,089810 og í C fyrir 234.117,96 evrur á genginu 0,204730, samtals 317.374,00 evrur. Um viðskipti þessi var ekki gerður skriflegur fjárvörslusamningur í skilningi 17. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

Málsaðilum ber ekki saman um aðdraganda þess að sóknaraðili óskaði eftir viðskiptum þessum. Sóknaraðili heldur því fram að þau hafi farið fram að áeggjan starfsmanns varnaraðila, en varnaraðili kveður sóknaraðila hafa haft frumkvæði að viðskiptunum. Þá heldur sóknaraðili því fram að fyrirsvarsmaður hans hafi gert starfsmanni varnaraðila grein fyrir því strax í upphafi að varnaraðili hefði enga þekkingu á þeim fjárfestingum sem varnaraðili ráðlagði og að sóknaraðili hafi óskað eftir því að valdar yrðu traustar fjárfestingarleiðir. Sóknaraðili hafi hvorki verið upplýstur um það að almennt væri gerður skriflegur fjárvörslusamningur um viðskipti sem þessi né heldur hafi honum ekki verið haldið upplýstum um þróun fjárfestingarinnar. Varnaraðili heldur því hins vegar fram að gætt hafi verið fyllstu óhlutdrægni í ráðgjöf til sóknaraðila á þeim fundum, sem haldnir hafi verið með honum og að allar upplýsingar hafi verið gefnar eftir bestu vitund. Upplýst hafi verið um þá áhættu sem felist í kaupum á verðbréfum, sem yrði að líta á sem langtímafjárfestingu, og að ráðgjöfin hafi verið í samræmi við mat bankans á þekkingu, fjárhagslegri stöðu og væntingum sóknaraðila.

Sóknaraðili kom á fund með starfsmönnum varnaraðila í október 2000, en þá hafði gengi áður greindra sjóðasjóða lækkað frá upphaflegu kaupverði. Sóknaraðili kveður starfsmann varnaraðila ekki hafa upplýst sóknaraðila um það á fundi þessum að tap væri á fjárfestingu sóknaraðila. Varnaraðili kveður erlenda hlutabréfamarkaði og þar með ofangreinda sjóði hafa lækkað mikið eftir fundinn í október en á þeim tíma hafi ekkert bent til þess að um áframhaldandi lækkun yrði að ræða svo sem raun varð á.

Sóknaraðili kveðst fyrst hafa fengið upplýsingar um stöðu fjárfestingarinnar er hann var staddur hér á landi um mitt ár 2001 og hafi hann þá umsvifalaust tekið ákvörðun um að selja bréfin til að takmarka tjón sitt. Hinn 27. júlí 2001 voru áðurgreind verðbréf seld fyrir 227.043,00 evrur og nam lækkun bréfanna á umræddu tímabili því 90.331,00 evrum.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila 93.586 evrur með dráttarvöxtum af peningakröfum í evrum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. júlí 2002 til 1. júlí 2001, en skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað skv. mati nefndarinnar.

Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila þóknun vegna viðskiptanna að fjárhæð 3.255 evrur. Samtals sé því krafa sóknaraðila að fjárhæð 93.586 evrur.

Sóknaraðili heldur því fram að viðskiptahættir varnaraðila gagnvart sóknaraðila fari í bága við 15. og 17. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Sóknaraðili hafi ekki verið upplýstur um möguleika þess að gera skriflegan samning um vörslur fjár hans þrátt fyrir að sóknaraðili hafi gert starfsmönnum varnaraðila grein fyrir því þegar í upphafi að hann hefði enga þekkingu á fjárfestingunum. Í athugasemdum með 15. gr. frumvarps til áður gildandi laga um verðbréfavíðskipti, sem svari til 17. gr. í núgildandi lögum, en hún sé óbreytt frá fyrri lögum, segi að almennt beri að líta svo á að því viðmeiri, lengri eða reglulegri sem samskipti fyrirtækis og viðskiptamanns séu þeim mun meiri ástæða sé til samningsgerðar samkvæmt ákvæðinu. Víðskipti fyrir 300.000 bandaríkjadali hljóti að teljast viðamikil í skilningi ákvæðisins. Í athugasemdum með frumvarpi til áður gildandi laga um verðbréfavíðskipti sé um það fjallað að ekki sé ætlast til sérstakrar samningsgerðar um einstök tilfallandi víðskipti, t.d. milligöngu um kaup og sölu einstakra verðbréfa. Þetta eigi ekki við um víðskipti málsaðila, enda hafi sóknaraðili falið varnaraðila fé til ráðstöfunar til kaupa á hlutum í erlendum verðbréfasjóðum án þess að tilgreina ákveðna sjóði. Skyldan til samningsgerðar falli hins vegar niður þegar um sé að ræða kaup fyrir tiltekna fjárhæð í tilteknum hlutabréfum eða hlutabréfasjóðum, eftir atvikum á tilteknu gengi.

Þá segir í kvörtun sóknaraðila að svo virðist sem varnaraðili ekki hafa uppfyllt þær skyldur sem 27.gr. laganna leggi fyrirtækinu á herðar, þ.e. að leggja mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu víðskiptavinar. Á því og gerð skriflegs fjárvörslusamnings hafi verið sérstök þörf í ljósi þess að sóknaraðili er aðili frá annarri heimsálfu, sem búi við allt annað víðskiptaumhverfi en tíðkist hér á landi. Þá heldur sóknaraðili því fram að framkoma varnaraðila gagnvart sóknaraðila stangist freklega á við góða víðskiptahætti. Í bréfi varnaraðili til sóknaraðila frá 25. september 2001 sé sú skýring gefin á því að ekki var gerður skriflegur samningur við sóknaraðila, að varnaraðili gerði einungis slíka samninga við víðskiptamenn sína, sem búsettir séu á Íslandi. Varnaraðili hafi ekki haft tækifæri til að gera slíka samninga við aðila utan Íslands fyrr en í júní 2001 er varnaraðili hafi opnað útibú erlendis. Bendir sóknaraðili á að þessi ástæða sé ólögmat, enda eigi varnaraðili ekki að taka að sér fjárfestingu eða fjárvörslur fyrir erlenda aðila geti hann ekki uppfyllt kröfur íslenskra laga gagnvart þeim.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Af hálfu varnaraðila er á það bent að ekki hafi verið óskað eftir því að gerður yrði fjárvörslusamningur og því hafi engin skylda hvílt á bankanum að upplýsa sóknaraðila um þróun verðbréfa. Þá bendir varnaraðili á að fjármálafyrirtækjum sé ekki skylt að bjóða

viðskiptavinum fjárvörslusamning eins og hann sé skilgreindur í 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, enda setji flest fjármálafyrirtæki ákveðin skilyrði fyrir slíkum samningum. Fullyrðingum sóknaraðila þess efnis að ólögætt hafi verið að bjóða ekki viðskiptavini bankans fjárvörslusamning sé því vísað á bug.

Varnaraðili mótmælir þeirri kröfu sóknaraðila að varnaraðila verði gert að endurgreiða þóknun þá, sem tekin var vegna viðskiptanna. Í ljósi þess að óskað hafi verið eftir viðskiptunum og gjaldskrá bankans kynnt sóknaraðila standi engin rök til þess að taka kröfu þessa til greina.

Fullyrðingar sóknaraðila um að varnaraðili hafi brotið gegn hinum ýmsu ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti, svo og góðum siðum í verðbréfavíðskiptum sé mótmælt, enda séu fullyrðingar þessa órökstuddar. Bent er á að sóknaraðili hafi óskað eftir viðskiptunum skriflega. Í athugasemdum með frumvarpi til áður gildandi laga um verðbréfavíðskipti, en núgildandi 17. gr. sé óbreytt frá fyrr lögum, komi fram að ekki sé raunhæft að ætlast til sérstakrar samningsgerðar um einstök tilfallandi samskipti fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, t.d. milligöngu um kaup eða sölu einstakra verðbréfa. Í umræddu tilfelli hafi einungis verið um að ræða þessi einu víðskipti sóknaraðila við verðbréfasvið varnaraðila og því ekki um að ræða viðvarandi víðskiptasamband.

Að lokum bendir varnaraðili á að ákvæði 27. gr. laga um verðbréfavíðskipti eigi við um sölu óskráðra verðbréfa þar sem ekki hafi áður verið gefin út útboðslýsing. Þar sem umrædd víðskipti hafi verið í verðbréfasjóðum, þar sem gefnar höfðu verið út útboðslýsingar, eigi ákvæði þetta ekki við um víðskipti málsaðila. Þá hafi ákvæði 27. gr. laganna komið inn í lög um verðbréfavíðskipti hinn 1. janúar 2001 eða eftir að umrædd kaup áttu sér stað.

Með vísan til alls ofangreinds verði varnaraðili ekki gerður ábyrgur fyrir lækkun verðbréfa sóknaraðila.

## V.

### Niðurstaða

Í 17. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti segir að taki fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að sér þjónustu sem því sé heimilt samkvæmt lögum þessum skuli, eftir því sem við á, gerður sérstakur samningur milli fyrirtækisins og víðskiptamanns þess þar sem m.a. skuli kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila. Í athugasemdum með 15. gr. áður gildandi laga um verðbréfavíðskipti, en 17. gr. núgildandi laga er samhljóða henni, segir að almennt beri að líta svo á að því víðameiri, lengri eða reglulegri sem samskipti fyrirtækis og víðskiptamanns séu þeim mun meiri ástæða sé til samningsgerðar samkvæmt ákvæðinu. Hins vegar sé ekki raunhæft að ætlast til sérstakrar samningsgerðar

um einstök tilfallandi samskipti fyrirtækis og viðskiptamanna, t.d. milligöngu um kaup eða sölu einstakra verðbréfa.

Svo sem fyrr greinir óskaði sóknaraðili eftir því með bréfi dagsettu 10. júlí 2000 að varnaraðili millifærði 300.000 bandaríkjadali af gjaldeyrisreikningi sóknaraðila hjá varnaraðila og ráðstafaði til kaupa á hlutum í alþjóðlegum sjóðasjóðum. Um frekari viðskipti milli sóknaraðila og verðbréfasviðs varnaraðila var ekki að ræða. Samskipti málsaðila voru eingöngu fólgin í milligöngu um kaup á nánar tilgreindum verðbréfum, þ.e. hlut í alþjóðlegum sjóðasjóðum, og er því ekki unnt að fallast á það með sóknaraðila að um viðamikil samskipti málsaðila hafi verið að ræða, sbr. fyrrgreindar athugasemdir með frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti, þrátt fyrir að um nokkuð háa fjárhæð hafi verið að ræða. Víðskipti þessi voru því síður löng eða regluleg. Í ljósi framangreinds var því um einstök, tilfallandi samskipti málsaðila að ræða og bar varnaraðila því ekki skylda til að gera sérstakan samning við sóknaraðila um víðskiptin, sbr. 17. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Þá verður 17. gr. laganna ekki skýrð svo að ríkari skyldur hvíli á fjármálafyrirtækjum til að gera sérstakan samning um víðskiptin ef víðskiptamaður er erlendum aðili. Þar sem víðskipti málsaðila voru þess eðlis að ekki var skylt að gera um þau sérstakan samning, sbr. 17. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, og málsaðilar gerðu ekki með sér slíkan samning, hvíldi ekki sú skylda á varnaraðila að upplýsa sóknaraðila um þróun á gengi þeirra alþjóðlegu sjóðasjóða, sem sóknaraðili hafði fjárfest í. Varnaraðili verður því ekki gerður ábyrgur fyrir því tapi sem varð á fjárfestingu sóknaraðila.

Lögum nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti var breytt með lögum nr. 163/2000, sem tóku gildi 1. janúar 2001. Með lögum þessum var m.a. nýjum kafla, IV. kafla, sem hefur að geyma 25.-29. gr., bætt inn í lögin. Ákvæði 27. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 163/2000, hafði því ekki tekið gildi þegar víðskipti málsaðila fóru fram. Á ákvæði þessu verður því þegar af þeirri ástæðu ekki byggt í máli þessu. Þá þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, gegn andstæðum fullyrðingum varnaraðila, að varnaraðili hafi brotið gegn 15. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

Með vísan til alls ofangreinds er niðurstaðan sú að hafna beri kvörtun sóknaraðila í máli þessu.



**ú r s k u r ð a r o r ð :**

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er hafnað.

Reykjavík, 2. desember 2002

Ragnheiður Bragadóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólafur Haraldsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 6. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Helgi Sigurðsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2002:**

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 30. október 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. október 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 25. nóvember 2002. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 4. desember 2002. Með bréfi, dagsettu 11. desember 2002, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Þær bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 17. desember 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. og 19. desember 2002 og 6. janúar 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Mál þetta er sprottið af viðskiptum A og forsvarsmanns félagsins, B, við varnaraðila. Hinn 22. mars 1996 tókst sóknaraðili á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni varnaraðila til félagsins samkvæmt skuldabréfi að fjárhæð kr. 1.500.000,-. Áður hafði félagið gefið út kr. 1.250.000,- tryggingarbréf til varnaraðila sem m.a. var tryggt með veði í fasteign. Hinn 19. febrúar 1998 tókst sóknaraðili á hendur sjálfsskuldarábyrgð á kr. 800.000,- láni varnaraðila til nefndrar B samkvæmt skuldabréfi útgefnu þann dag og hinn 10. október 2000 á kr. 1.300.000,- láni til hennar.

Þann 9. desember 1998 afhenti A varnaraðila tryggingarvixil að fjárhæð kr. 1.250.000,- útgefinn af B, samþykktan til greiðslu af fyrrgreindu félagi og ábektan af sóknaraðila. Hinn 29. mars 1999 afhenti félagið varnaraðila annan tryggingarvixil að fjárhæð kr. 500.000,- og var hann útgefinn, samþykktur og ábektur af sömu aðilum. Samkvæmt viðfestum yfirlýsingum voru báðir vixlarnir afhentir varnaraðila til tryggingar viðskiptum við varnaraðila, sem voru vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi A nr.

XXXXX. Var varnaraðila veitt umboð til þess að formgilda víxlana með því að rita á þá útgáfudaga og gjalddaga yrði um vanskil að ræða af hálfu tékkareikningshafa og innheimta hann með venjulegum hætti. Mátti víxilfjárhæðin aldrei varða aðra skuld en samkvæmt tékkareikningnum, auk vaxta og kostnaðar. Gögn málsins bera ekki með sér hvenær umræddir víxlar voru formgiltir.

A. mun hafa rekið verslun. Mun reksturinn ekki hafa gengið sem skyldi og var versluninni lokað undir lok árs 2001. Yfirdráttarskuld félagsins við varnaraðila nam um 3,0 m.kr. í ársbyrjun 2001. Mun reikningnum hafa verið lokað 7. mars 2001 og var skuldin þá kr. 2.897.091,-. Hinn 18. apríl 2001 nam skuldin rúmum 2,3 m.kr. en þá voru greiddar kr. 250.000,- út af reikningunum. Hinn 27. sama mánaðar var sama fjárhæð greidd út af reikningnum en áður en til hennar kom var skuldin um 2,5 m.kr. Þann 11. maí 2001 voru kr. 300.000,- greiddar út af reikningnum og var skuldin þá komin í 2,9 m.kr. Hinn 28. sama mánaðar voru greiddar kr. 190.000,- út af reikningnum og nam skuldin þá rúmum 2,9 m.kr. Þá voru greiddar kr. 380.000,- af reikningnum 21. júní 2001 og aftur kr. 200.000,- 28. sama mánaðar. Var skuldin tæpar 3,0 m.kr. að lokinni hvorri greiðslu. Loks voru greiddar kr. 380.000,- af reikningnum hinn 6. júlí 2001 og var skuldin þá komin í rúmar 3,2 m.kr. Í árslok 2001 nam skuldin um 2,4 m.kr. Samkvæmt reikningsyfirliti var yfirdráttarskuldin kr. 480.554,87 hinn 3. desember 2002.

Hinn 9. október 2001 gerði varnaraðili fjárnám í fasteign sóknaraðila vegna sjálfsskuldarábyrgðar hans á skuldabréfi, útgefnu 19. febrúar 1998, að fjárhæð kr. 800.000,-. Bréfinu var komið í skil með greiðslu sóknaraðila hinn 14. janúar 2002. Eftirstöðvar skuldar samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 22. mars 1996, námu samkvæmt upplýsingum varnaraðila, kr. 82.973,80 hinn 17. desember 2002 og mun fjárnámsbeiðni yfirvofandi. Skuld samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 10. október 2000, kveður varnaraðili sama dag hafa numið kr. 2.253.980,50. Þá kveður varnaraðili sóknaraðila vera ábeking á tveimur trygginarvixlum, samtals að fjárhæð kr. 850.000,- vegna yfirdráttar á tékkareikningi nr. 10021 og hafi eftirstöðvar greindan dag verið samtals kr. 721.135,-.

Upp reis ágreiningur með aðilum um uppgjör vegna ábyrgðarskuldbindinga sóknaraðila. Ekki náðust sættir og var málinu skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 30. október 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili fer í kvörtun sinni fram á að úrskurðarnefndin fjalli um afgreiðslu varnaraðila vegna ábyrgðar hans á skuldbindingum A og fyrrgreindrar B. Kveðst sóknaraðili hafa farið fram á það á fundi sumarið 2002 að varnaraðili leysti hann undan ábyrgð á skuldabréfi nr. XXXXX, að höfuðstóli kr. 1.300.000,- útgefnu af B, eða lækkaði kröfu sína um a.m.k. 2,0 m.kr. Hafi því verið hafnað.

Sóknaraðili kvartar í fyrsta lagi yfir meintu heimildarleysi varnaraðila til að greiða samtals kr. 1.950.000,- út af tékkareikningi A í sjö greiðslum á tímabilinu 18. apríl - 6. júlí 2001 en reikningurinn hafi þá verið lokaður. Hafi fyrirsvarsmenn félagsins tilkynnt ábyrgðarmönnum um lokunina og jafnframt að andvirði seldra vara, sem greidd yrði með debetkortum, yrði lagt inn á reikninginn og kæmi til lækkunar yfirdráttar. Hafi varnaraðili ekki sýnt fram á að fyrrnefndar sjö greiðslur hafi leitt til þess að þær skuldir félagsins, sem sóknaraðili hafi verið í ábyrgðum fyrir, hafi lækkað. Á sama tíma hafi skuldir verið í lögfræðilegri innheimtu með tilheyrandi kostnaði, auk þess sem farið hafi verið fram á

fjárnám hjá sóknaraðila og öðrum ábyrgðarmanni. Hafi þetta allt valdið ábyrgðarmönnum tjóni.

Í öðru lagi hafi tryggingarvígill sem gefinn var út til tryggingar skuld á tékkareikningi A. nr. XXXXX ekki verið löglegur þar sem hann hafi ekki verið undirritaður af prókúruhafa félagsins. Hafi umræddur vígill verið þinglýstur (sic) á tiltekinni fasteign. Heildarupphæð með kostnaði og dráttarvöxtum hafi numið kr. 1.757.357,70. Hafi víxlinn við úthlutun andvirðis eignarinnar, sem seld var nauðungarsölu, greiðst á undan öðrum skuldum áður nefndrar B sem sóknaraðili sé í ábyrgðum fyrir. Telur sóknaraðili að fyrrgreind fjárhæð hefði komið til greiðslu þeirra hefði varnaraðili ekki greitt út af lokuðum tékkareikningi.

Í þriðja lagi kvartar sóknaraðili yfir seinagangi varnaraðila við að svara forsvarsmönnum greinds félags um hvort því yrði veitt frekari fyrirgreiðsla, svo og ýmsum samskiptum sínum við varnaraðila.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili telur kr. 1.950.000,- sem teknar voru út af tékkareikningi XXXXX hafa runnið til innlausnar á vörukaupum A. Hafi þetta verið gert að beiðni eigenda félagsins sem hefðu talið að með sölu innleysta varningins mætti bæta stöðu þess gagnvart varnaraðila.

Þá segir varnaraðili að kvörtun vegna meints ógildis tryggingarvígills vegna tékkareiknings nr. XXXXX vegna skorts á undirritun prókúruhafa A eigi væntanlega við tryggingabréf að fjárhæð kr. 1.250.000,- sem útgefið var af félaginu til tryggingar hvers konar skuldum þess við varnaraðila. Sé bréfið undirritað af tveimur stjórnarmönnum A, þeim C og B, og hafi því fullt gildi. Hafi undirskrift prókúruhafa því ekki þurft til. Tryggingin hafi verið með veði í fasteigninni og hafi kr. 1.757.356,70 greiðst inn á skuldina sem tryggt var við sölu þeirrar eignar. Umrædd skuld hafi verið yfirdráttur á tékkareikningi nr. XXXXX. Hafi því ekki verið um það að ræða að einn vígill hafi verið tekinn fram yfir annan sóknaraðila til tjóns svo sem hann virðist álíta.

Varnaraðili hafnar hvers kyns ásökunum um seinagang að sinni hálfu og kveðst hafa lagt sig fram við að leysa úr vandræðum A og aðstandenda félagsins svo sem honum hafi framast verið unnt. Er öllum staðhæfingum um að varnaraðili hafi staðið með óeðlilegum eða óhæfilegum hætti alfarið vísað á bug.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Kröfugerð sóknaraðila og málatilbúnaður er ekki svo skýr sem kostur væri. Þrátt fyrir annmarka þar á þykir mega ætla að hann geri sömu kröfur á hendur varnaraðila og hann kveðst hafa haft uppi á fundi með varnaraðila á liðnu sumri. Verður því að ætla að hann fari aðallega fram á að verða leystur undan sjálfsskuldarábyrgð samkvæmt skuldabréfi upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000,- útgefnu af B hinn 10. október 2000. Ógreiddar eftirstöðvar bréfsins námu kr. 2.253.980,50 um miðjan desember 2002. Til vara þykir mega ætla að sóknaraðili krefjist 2,0 m.kr. lækkunar á ábyrgðarskuld sinni við varnaraðila.

Ekki verður séð að neinir annmarkar séu á tilurð eða efni sjálfsskuldarábyrgðar sóknaraðila á ofangreindu skuldabréfi. Er aðalkröfu sóknaraðila því hafnað.

Varakrafa sóknaraðila um lækkun krafna varnaraðila á hendur honum byggist annars vegar á því að varnaraðili hafi á tímabilinu frá 18. apríl - 6. júlí 2001 sjö sinnum heimilað forsvarsmönnum A að auka við yfirdráttarskuld sína á tékkareikningi nr. XXXXX þrátt fyrir að reikningnum hafi verið lokað og án þess að gera ábyrgðarmönnum viðvart. Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað en að umræddum tékkareikningi hafi verið lokað 7. mars 2001 og hafi yfirdráttarskuld á reikningnum þá verið kr. 2.897.091,-. Verður því að miða við þá málavaxtalýsingu sóknaraðila að reikningurinn hafi verið lokaður hinn 18. apríl 2001 þegar forsvarsmönnum tékkareikningsins var í fyrsta sinn heimilað að auka við skuld sína með þeim hætti sem gert var. Samkvæmt skýringum varnaraðila var þetta heimilað í því skyni að A gæti leyst til sín vörur en forsvarsmenn félagsins hafi talið að með sölu innleysta varningins mætti bæta stöðu þess gagnvart varnaraðila.

Til tryggingar yfirdráttarskuld A voru m.a. tveir tryggingarvixlar sem sóknaraðili var ábekingur á. Var annar þeirra að fjárhæð kr. 1.250.000,- og hinn að fjárhæð kr. 500.000,-. Þá bera gögn gögn málsins enn fremur með sér að sóknaraðili hafi verið ábekingur að þriðja tryggingarvixlinum, sem sé að fjárhæð kr. 350.000,-. Nam samanlögð fjárhæð vixlanna því kr. 2.100.000,-. Skuldin á tékkareikningnum var um 3,0 m.kr. í ársbyrjun 2001, tæpar 2,9 m.kr. þegar reikningnum var lokað 7. mars 2001 og rúmar 2,3 m.kr. þegar fyrsta greiðslan, sem sóknaraðili kvartar yfir, átti sér stað 18. apríl 2001. Hafði skuldin þá ekki verið lægri það árið og varð ekki lægri það ár. Hún var lengst af frá 2,7-3,0 milljónir króna en fór lækkandi eftir því sem leið á árið og var rúmar 2,3 m.kr. í árslok en verslun A hafði þá eftir því sem best verður séð verið lokað.

Samkvæmt framansögðu nam yfirdráttarskuld A, þegar fyrsta greiðsla sem kvartað er yfir átti sér stað, hærri fjárhæð en samanlögð fjárhæð þeirra tryggingarvixla, sem sóknaraðili var ábekingur á og voru til tryggingar yfirdráttarskuldinni. Virðist innlausn vara til sölu í verslun félagsins því ekki hafa skilað þeim árangri sem að var stefnt. Ósannað er að tekjur félagsins og þar með innborganir inn á tékkareikning þess hefðu orðið hinar sömu ef ekki hefði komið til innlausnar áðurgreindra vara. Verður heldur ekki annað ráðið af gögnum málsins en að erfiðleikar í rekstri félagsins hafi þá verið orðnir verulegir og stutt í lokun verslunar þess. Hefur því ekki verið sýnt fram á að sóknaraðili hafi orðið fyrir tjóni vegna fyrrgreindra ráðstafana. Er þessari málsástæðu hans því hafnað.

Hins vegar byggir sóknaraðili kröfu sína um lækkun á því að ótilgreindur tryggingarvixill hafi ekki verið fullgildur þar sem hann hafi ekki verið undirritaður af prókúruhafa félagsins. Ekki er nánar tilgreint í kvörtun sóknaraðila við hvaða vixil hér er átt. Varnaraðili telur hins vegar að hér sé átt við tryggingarbréf sem þinglýst hafi verið á fasteign. Þó svo að eitthvað kunni að hafa verið áfátt við nafnritun á tryggingarvixli þeim, sem sóknaraðili telur sig vera að vísa til, breytir það engu um vixilskuldbindingu hans, sbr. 7. og 8. gr. vixillaga nr. 93, 1933. Verður því enn fremur að hafna þessari málsástæðu sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa að öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 6. janúar 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Helgi Sigurðsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, mánudaginn 6. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Gunnar Viðar, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 1. nóvember 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. október 2002. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. nóvember 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 25. nóvember 2002. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. nóvember 2002, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. og 19. desember 2002 og 6. janúar 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 12. janúar 1999 gerði sóknaraðili samning við A, um viðbótarsparnað. Með samningi um lífeyrissparnað við B, sem rekinn er á kennitölu varnaraðila, dagsettum 6. mars 2000, skuldbatt sóknaraðili sig til að greiða 2% af heildarfjárhæð inn á bundinn vörslureikning hjá varnaraðila. Hætti sóknaraðili þar með að greiða í A og óskaði eftir því að inneign sín þar yrði flutt í B ásamt vöxtum.

Hinn 17. október 2002 flutti sóknaraðili inneign sína í C. Nam frjáls séreign hennar þá kr. 921.357. Við flutninginn voru dregnar frá kr. 447.825 og kr. 473.532 því fluttar sem séreign í C.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 30. október 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili vísar til gagna sem fylgja kvörtun krefst útskýringar á neikvæðri ávöxtun á séreignarsjóði sínum um kr. 447.825 og greiðslu. Kveðst sóknaraðili kvarta yfir

neikvæðri ávöxtun, óskýrleika í framsetningu yfirlita frá varnaraðila og því að hún hafi ekki fengið fullnægjandi útskýringar. Vísar sóknaraðili til þess að neikvæð ávöxtun hafi numið 18,92% en það útskýri ekki fyrrgreinda fjárhæð.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni með vísan til 5. gr. og b. og e. liðar 1. mgr. 6. gr. samþykktu fyrir nefndina. Verði ekki fallist á þá kröfu gerir varnaraðili þá kröfu að þeim kröfum sóknaraðila sem metnar verði til fjár, sé um það að ræða, verði hafnað.

Varnaraðili segir að svo virðist sem umkvörtunarefni sóknaraðila beinist einkum að meintum ófullnægjandi útskýringum varnaraðila. Kveður varnaraðili að svo virðist sem mál sóknaraðila hafi ekki borist inn á borð hjá varnaraðila fyrr en með kvörtun sóknaraðila til úrskurðarnefndarinnar. Kannist hlutaðeigandi starfsmenn varnaraðila ekkert við að hafa hafnað að veita sóknaraðila upplýsingar eða útskýringar um lífeyrissparnað hennar hjá varnaraðila.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá nefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Engin gögn hafa verið lögð fram því til stuðnings að sóknaraðili hafi leitað meints réttar síns hjá varnaraðila og því síður að félagið hafið hafnað kröfum sóknaraðila. Hefur fullyrðingum varnaraðila þessa efnis því ekki verið hnekkt. Er nefndinni því ekki unnt að taka má þetta til úrskurðar, sbr. 5. gr. samþykktu fyrir nefndina. Verður því þegar af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Hefur þá ekki verið tekin afstaða til þess hvort kröfur sóknaraðila eru tækar til efnismeðferðar.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 6. janúar 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason



# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2002, fimmtudaginn 19. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Helgi Sigurðsson, Íris Ösp Ingjaltdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2002:**

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 4. nóvember 2002 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 30. október 2002. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. nóvember 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sin. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 6. desember 2002. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. desember 2002, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 11. desember 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. og 19. desember 2002.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 12. júní 1997 afhenti A, varnaraðila tryggingarvixil að fjárhæð kr. 6.000.000, samþykktan til greiðslu af honum sjálfum. Var víxillinn útgefinn og framseldur af B, og ábektur af C, og sóknaraðila. Var víxileyðublaðið óútfyllt að því er varðaði útgáfudag og gjalddaga. Var víxillinn afhentur varnaraðila til tryggingar viðskiptum vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi greinds A nr. XXX hjá varnaraðila. Samkvæmt yfirlýsingu sem var viðfest víxileyðublaðið veitti sóknaraðili, ásamt fyrrgreindum A, B og C, varnaraðila umboð til að formgilda víxillinn með því að rita á hann útgáfudag og gjalddaga yrði um vanskil að ræða af hálfu tékkareikningshafa, svo og að innheimta víxillinn með venjulegum hætti. Í yfirlýsingunni var tekið fram að víxilfjárhæðin mætti aldrei varða aðra skuld en samkvæmt fyrrgreindum tékkareikningi, auk vaxta og kostnaðar.

Með bréfi varnaraðila, dagsettu 15. ágúst 2001, var sóknaraðila tilkynnt að skuld á tékkareikningnum væri kr. 516.453 og var honum gefinn tíu daga frestur til að greiða yfirdráttinn. Með bréfi varnaraðila til fyrrgreinds A, dagsettu 2. apríl 2002, sem sóknaraðila var sent afrit af, var tilkynnt að skuld á tékkareikningnum næmi kr.

25.949.681,87 og var A gefinn 10 daga frestur til að greiða skuldinna, ella yrði hún send lögfræðingi varnaraðila til innheimtu.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 22. apríl 2002, var farið fram á að sóknaraðili yrði losaður (sic) undan ábyrgð sinni, en áður hafði sóknaraðili gengið á fund starfsmanna varnaraðila. Erindi sóknaraðila var ítrekað með bréfi lögmannsins til varnaraðila, dagsettu 14. ágúst 2002. Með bréfi lögmanns varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 15. ágúst 2002, var því lýst yfir af hálfu varnaraðila að hann teldi ábyrgð sóknaraðila í fullu gildi. Hafi umræddur víxill verið afhentur varnaraðila á sínum tíma til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi fyrrnefnds A og kannaðist varnaraðili ekki við að hann hefði verið afhentur í öðrum tilgangi. Um tengsl A og sóknaraðila kvaðst varnaraðili ekkert vita og væru þau sér óviðkomandi. Þá kannaðist varnaraðili ekki við að hafa lofað að aflétta ábyrgð sóknaraðila eins og sóknaraðili hafi haldið fram.

Hinn 27. ágúst 2002 var sóknaraðila send leiðrétt tilkynning um gjalddaga víxilsins. Var þar sagt að víxillinn yrði sýndur til greiðslu hinn 10. september 2002 og næstu tvo virka daga þar á eftir í afgreiðslu varnaraðila í Garðabæ.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til Fjármálaeftirlitsins, dagsettu 5. september 2002, var þess óskað að stofnunin tæki viðskipti sóknaraðila við varnaraðila til skoðunar. Fjármálaeftirlitið endursendi erindið með bréfi, dagsettu 18. september 2002, og taldi ágreining aðila þess eðlis að stofnunin hefði ekki úrskurðarvald í málinu.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 30. október 2002, var þess óskað að sóknaraðili yrði losaður (sic) undan víxilskuldbindingunni gegn því að hann greiddi kr. 516.453, sem væri sú upphæð sem honum hafi verið tilkynnt um að skuldin stæði í rúmum fjórum árum eftir að hann undirgekkst skuldbindingu sína. Var tekið fram í bréfinu að sóknaraðili væri að öðru leyti tilbúinn til frekari samningaumleitana, þó að hámarki kr. 1.500.000 sem næmi fjórðungi upphaflegrar fjárhæðar víxilsins. Varnaraðili hafnaði þessu erindi sóknaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 30. október 2002.

Hinn 27. nóvember 2002 var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness mál varnaraðila á hendur sóknaraðila og fyrrgreindum A, B og C til greiðslu víxilskuldarinnar. Er það enn til meðferðar í dómnum.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir aðallega þá kröfu að viðurkennt verði að ábyrgð hans sem ábekinga á tryggingarvíxli að fjárhæð kr. 6.000.000 vegna yfirdráttarheimildar A, hjá varnaraðila sé niður fallin. Til vara er þess krafist að varnaraðili losi (sic) sóknaraðila undan ábyrgð sinni sem ábekingur á ofangreindum tryggingavíxli. Þá er þess ennfremur krafist að varnaraðili greiði sóknaraðila kostnað vegna lögfræðiaðstoðar í samræmi við tímaskýrslu lögmanns sem fylgdi kvörtun sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður umboð vegna yfirdráttarheimildar vera dagsett 12. júní 1997 en fyrsta tilkynning sem honum hafi borist hafi verið með bréfi, dagsettu 15. ágúst 2001. Hafi þá verið liðin fjögur ár frá útgáfudegi. Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 skuli skuldaábyrgð eða veð fyrir yfirdráttarheimild tékkareiknings ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi. Telur sóknaraðili samkomulagið gilda um skuldbindingar

sem gengið var undir fyrir gildistöku þess. Sama eigi við um eldra samkomulag frá 27. janúar 1998 verði það talið eiga við um ágreining aðila.

Sóknaraðili kveður sig og samþykkjanda umrædds tryggingarvísils vera alls óskylda og ótengda. Hafi þeir unnið saman að verkefni á árstímabili en að öðru leyti engin samskipti haft síðan árið 1997. Hafi víxilskuldbindingin verið til komin vegna þess að sóknaraðili gerðist meistari á íbúðarhúsi samþykkjanda og hafi skrifað upp á víxil fyrir hann vegna væntanlegra húsbrefa. Séu þau viðskipti löngu liðin og því óeðlilegt að halda til streitu svo árum skipti ábyrgð einstaklings á yfirdráttarláni algjörlega ótengds aðila.

Ennfremur vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi hækkað skuld (sic) á umræddum tékkareikningi úr kr. 516.453 í kr. 25.949.682 á rúmum sjö mánuðum án þess að hafa samband við sóknaraðila. Verði að telja það í hæsta máta óvarlegt af varnaraðila að hækka (sic) svo skuldina án þess að afla sér nægilegra trygginga hjá eiganda reikningsins.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa staðið við loforð um að aflétta ábyrgð sóknaraðila þrátt fyrir að hafa viðurkennt að hafa fullnægjandi fasteignaveð fyrir kröfunni. Hafi þetta komið fram á fundi með varnaraðila í apríl 2002 og í bréfi lögmanns hans, dagsettu 15. ágúst 2002. Þrátt fyrir þetta hafi varnaraðili hafið innheimtuadgerðir gegn sóknaraðila og það án þess að ganga fyrst að þeim veðum sem þó séu til tryggingar skuldinni. Hafi engin tilkynning borist sóknaraðila frá því að víxillinn var sýndur hinn 10. september 2002.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili ákvað að senda ekki athugasemdir til úrskurðarnefndarinnar vegna kvörtunar sóknaraðila enda væri mál hans til umfjöllunar dómstóla. Kvað varnaraðili ekki ástæðu til að reka málið á tveimur stöðum.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Samkvæmt gögnum málsins rekur varnaraðili nú mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur sóknaraðila og fleirum til innheimtu skuldar samkvæmt víxli þeim sem um er þrætt í máli þessu. Var málið höfðað eftir að kvörtun sóknaraðila barst nefndinni. Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla. Í 7. gr. samþykktanna er kveðið á um að nefndin vísi máli frá sem tekið hafi verið til meðferðar hjá nefndinni en mál vegna þess hafi síðar verið tekið til meðferðar fyrir dómi. Breytir engu í þessu sambandi hvort mál sætir hefðbundinni meðferð samkvæmt lögum um meðferð einkamála nr. 91, 1991 eða afbrigðilegri meðferð samkvæmt XVII. - XIX. kafla laganna. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að þegar um slíka afbrigðilega meðferð er að ræða getur stefndi getur haft uppi kröfu til heimtu skaðabóta fari hann á mis við að koma vörnum að í máli, sbr. 2. mgr. 119. gr.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 19. desember 2002.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Helgi Sigurðsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, föstudaginn 10. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Helgi Sigurðsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. nóvember 2002 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. nóvember 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 12. desember 2002. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. desember 2002, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 27. desember 2002.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 19. desember 2002 og 6. og 10. janúar 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 25. september 2000 gerði sóknaraðili fjárvörslusamning við A. Tók félagið að sér samkvæmt samningnum að varðveita og ávaxta fjármuni sóknaraðila. Var þjónusta A skilgreind í samningnum. Samkvæmt ákvæðum hans heimlaði sóknaraðili félaginu „*að gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar og eðlilegar eru til þess að gegna hlutverki sínu við framkvæmd samningsins*“. Þá var þess getið í samningnum að fjármunir sóknaraðila gætu verið í virkri stýringu eða í stýringu samkvæmt fyrirmælum sóknaraðila allt eftir ákvörðun hans hverju sinni. Skyldi eignastýringarsvið A sjá um ávöxtun fjármuna sóknaraðila sem skilgreindir (sic) hefðu verið í virka stýringu. Í samningnum var að finna ákvæði þess efnis að bótaábyrgð A næði ekki til þess tjóns sem sóknaraðili kynni að verða fyrir í beinum eða óbeinum tengslum við efni samningsins, t.d. vegna verðfalls verðbréfa eða þjónustu félagsins, nema að því leyti sem slíkt kynni að leiða af vanefndum sem rekja mætti til stórfellds gáleysis eða ásetnings félagsins eða aðila tengdum honum. Loks var að finna ýmis önnur ákvæði, m.a. um aðgang sóknaraðila að stöðu eigna í fjárvörslu á veraldarvefnum. Þá var mælt fyrir um að samningurinn væri uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Samhliða gerð fyrrgreinds samnings veitti sóknaraðili A fullt og ótakmarkað umboð til kaupa á verðbréfum, hlutdeildarskirteinum verðbréfasjóða eða öðrum fjármálalegum afurðum (sic) í sínu nafni fyrir þá fjármuni er félagið hefði fengið eða myndi fá afhenta á grundvelli fjárvörslusamningsins. Þá tók umboðið að auki til nokkurra annarra tengdra aðgerða.

Formatted: German (Germany)

Sóknaraðili mun hinn 26. september 2000 hafa falið varnaraðila kr. 2.000.000 til vörslu í svokallaða virka stýringu. Ekki varð ávöxtun fjármuna sóknaraðila með þeim hætti sem hann hafði vonast eftir. Kvartaði hann hinn 19. febrúar 2001 yfir rýrnun höfuðstóls með rafpósti til A og spurðist þá jafnframt fyrir um með hvaða hætti félagið hygðist bæta honum það tjón sem hann kvaðst hafa orðið fyrir vegna óviðunandi frammistöðu sérfræðinga félagsins og lélegrar upplýsingagjafar. Hefur sóknaraðili síðan margoft gert athugasemdir við ávöxtun fjármuna sinna, sem hann fól A til vörslu. Hinn 25. apríl 2001 lýsti sóknaraðili því yfir að hann gerði sér grein fyrir að nokkur áhætta feldist í þátttöku á hlutabréfamarkaði. Kvaðst hann hafa gert samkomulag við A um að aðhafast ekki frekar vegna þeirra krafna sem hann hefði beint að fyrirtækinu í rafpósti vegna fjárvörsluþjónustu frá 25. september 2000 til 25. apríl 2001. Greiddi félagið sóknaraðila kr. 100.000. Með bréfi, dagsettu 22. ágúst 2002, beiddist sóknaraðili þess að varnaraðili greiddi honum kr. 2.000.000 ásamt vöxtum frá 26. september 2000 til greiðsludags. Erindi hans var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 6. september 2002, sem sent var sóknaraðila að nýju með bréfi, dagsettu 11. október 2002. Máli þessu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 13. nóvember 2002.

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Varnaraðili mun nú hafa tekið við öllum skuldbindingum A og er ekki ágreiningur um að hann sé réttur aðili til varna í máli þessu.

Formatted: German (Germany)

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir kröfu um „útgreiðslu 2 mkr. höfuðstóls ásamt vöxtum sambærilegum vöxtum verðbréfaveltu“ varnaraðila frá 26. september 2000 til greiðsludags, ásamt endurgreiðslu þeirra þóknana, sem hann hefur greitt fyrir fjárvörslu á tímabilinu.

Sóknaraðili byggir á því að framkvæmd fjárvörslu hafi ekki verið í samræmi við samning hans við A. Hafi hagsmunir hans ekki verið hafðir að leiðarljósi, auk þess sem ekki hafi verið unnið í samræmi við fyrirmæli hans og óskir. Þá hafi upplýsingagjöf ekki verið í samræmi við samning aðila, auk þess sem sóknaraðili hafi ekki fengið lykilorði úthlutað og því ekki haft aðgang að stöðu eigna í fjárvörslu á veraldarvefnum. Loks hafi ekki verið brugðist við margítrekuðum athugasemdum sóknaraðila um framkvæmd fjárvörslunnar og fyrirspurnum hans ekki svarað innan eðlilegra tímamarka.

Formatted: German (Germany)

Sóknaraðili vísar til þess að fé hans í vörslu A hafi rýrnað um tæpar 300.000 kr. á fyrstu þremur mánuðunum og rétt um kr. 500.000 á fyrsta hálfu árinu. Þá kveður hann eign sína hafa staðið í um kr. 1.200.000 í ágúst 2002, en hefði miðað við eðlilega ávöxtun á verðbréfaveltu átt að vera nálægt kr. 2.400.000. Hafi hann því tapað nálægt kr. 1.100.000 að teknu tilliti til greiðslu frá A á árinu 2001. Megi alfarið rekja það tjón til villandi upplýsinga í kynningarbæklingi og mistaka og rangrar ráðgjafar sem varnaraðili beri ábyrgð á.

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

#### IV.

##### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón sóknaraðila verði rakið til stórfellds gáleysis eða ásetnings af hálfu starfsmanna sinna eða aðila tengdum honum svo sem áskilið sé í samningi aðila. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili sé menntaður rekstrarfræðingur og gegni aukinheldur trúnaðarstörfum fyrir lífeyrissjóði. Ennfremur vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi enn ekki sagt upp fjárvörslusamningi sínum við bankann sem honum hefði þó verið í lófa lagið. Þá vísar varnaraðili einnig til yfirlýsingar sóknaraðila, dagsettrar 25. apríl 2001, þar sem sóknaraðili lýsi því yfir að hann muni ekki gera frekari kröfur á hendur varnaraðila vegna málsins. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi getað fylgst með verðmæti eignar sinnar rýrna á veraldarvefnum í 20 mánuði áður hann hafi ákveðið að leggja málið fyrir úrskurðarnefndina. Loks kveður sóknaraðili að fjárfestingastefnu þeirri, sem fjárvörslusamningur aðila hafi verið gerður samkvæmt, hafi verið fylgt út í hörgul af hálfu varnaraðila. Hafi sóknaraðila á hvaða tíma sem er verið heimilt að taka fé sitt úr virkri stýringu og setja það í svokallaða stýringu samkvæmt sínum fyrirætlunum og þannig geta tekið eigin ákvarðanir um fjárfestingar og um leið tekið aukna ábyrgð á ávöxtun inneignar sinnar.

Fer varnaraðili fram á það við úrskurðarnefndina að staðfestur verði sá skilningur hans að fjárvörslusamningi hafi verið framfylgt samkvæmt efni sínu og að starfsmenn varnaraðila hafi ekki gerst sekir um að hafa brotið gegn ákvæðum samningsins á neinn máta.

#### V.

##### Niðurstaða.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann geri kröfu um að varnaraðili bæti honum mismun á þeim kr. 2.000.000, sem hann fól varnaraðila vörslu á hinn 26. september 2000, og verðmæti vörslufjárins á uppgjörstími, auk vaxta. Þá verður málatilbúnaður varnaraðila ekki skilinn á annan veg en svo að hann geri kröfu um að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Ekki er ágreiningur með aðilum um að sóknaraðili hafi falið A til vörslu kr. 2.000.000 hinn 26. september 2000, sbr. fjárvörslusamning og umboð, dagsett 25. september 2000. Með yfirlýsingu, dagsettri 25. apríl 2001, var því lýst yfir að hálfu sóknaraðila að hann hefði gert samkomulag við A um að aðhafast ekki frekar vegna þeirra krafna sem hann hefði beint að félaginu vegna fjárvörslu þess frá 25. september 2000 til og með 25. apríl 2001. Mun hann þá hafa fengið greiddar kr. 100.000 frá varnaraðila án þess að í því fælist að sögn varnaraðila nokkur viðurkenning á bótaskyldu félagsins. Við samkomulag þetta er sóknaraðili bundinn og getur því ekki haft uppi frekari fjárkröfur vegna þessa tímabils á hendur varnaraðila, sem ágreiningslaust er með aðilum að tekið hafi við réttindum og skyldum A. Verður þegar af þessari ástæðu að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila vegna rýrnunar á vörslufénu á fyrrgreindu tímabili.

Kemur þá næst til skoðunar hvort háttsemi varnaraðila við vörslu fjár sóknaraðila frá og með 26. apríl 2001 hafi verið með þeim hætti að hann hafi bakað sér bótaábyrgð gagnvart sóknaraðila. Samkvæmt gögnum málsins nam eign sóknaraðila hinn 2. apríl 2001 kr. 1.578.644, hinn 4. maí 2001 kr. 1.723.056 og hinn 19. febrúar 2002 kr.

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

Formatted: German (Germany)

1.584.578. Samkvæmt upplýsingum sóknaraðila var eign hans í vörslu varnaraðila um kr. 1.200.000 síðla í ágúst 2002. Ekki hafa verið lagðar frekari upplýsingar fyrir nefndina um þróun verðmætis eða samsetningu eignar sóknaraðila.

Fjármunir sóknaraðila munu hafa verið í svokallaðri virkri stýringu A og síðar varnaraðila, þ.e. að félögin hafa alfarið séð um ávöxtun umræddra fjármuna sóknaraðila. Með fyrrgreindu umboði, dagsettu 25. september 2000, veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til kaupa og framsals á verðbréfum og til ýmissa annarra fjármálaráðstafana í sínu nafni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ráðstafanir varnaraðila í umboði sóknaraðila hafi að fullu verið í samræmi við umboðið. Hefur sóknaraðili ekki afturkallað það umboð og hvorki sagt upp fjárvörslusamningi aðila né óskað eftir því að ráðstöfun vörslufjárins yrði samkvæmt fyrirmælum hans sjálfs. Varnaraðili skuldbatt sig ekki til að tryggja sóknaraðila einhverja lágmarksávöxtun vörslufjárins og getur ekki borið ábyrgð á þróun markaða. Hefur sóknaraðili og lýst því yfir að honum væri ljós áhætta við þátttöku á hlutabréfamarkaði. Þá gat sóknaraðili ekki gengið út frá því sem vísu að höfuðstóll fjárins kynni ekki að rýrna í vörslu varnaraðila.

Formatted: German (Germany)

Úrskurðarnefndin hafnar því að til þurfi stórfellt gáleysi eða ásetning til að fella bótaskyldu á varnaraðila, sbr. 6. tölul. samnings aðila. Slík takmörkun ábyrgðar fær ekki staðist og er ákvæðið því ekki bindandi fyrir sóknaraðila heldur nægir í þessum efnum einfalt gáleysi varnaraðila. Í máli þessu hefur hins vegar ekki verið sýnt fram á að rýrnun fjármuna sóknaraðila verði rakin til saknæmrar háttsemi varnaraðila eða manna sem hann ber ábyrgð á.

Formatted: German (Germany)

Með vísan til framanritaðs og að öðru leyti til gagna málsins verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Það athugast að í fjárvörslusamningi aðila er ekki tekið fram að skjóta megi ágreiningi vegna hans til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki svo sem heppilegt hefði verið.

Formatted: German (Germany)

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 10. janúar 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingaldsdóttir

Helgi Sigurðsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason



# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, þriðjudaginn 18. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Helgi Sigurðsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 18/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 27. nóvember 2002 með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu sama dag, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 18. desember 2002. Bréfið var sent sóknaraðila og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 19. desember 2002 og 6. og 10. janúar og 13. og 18. febrúar 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 28. desember 1995 gaf A, út skuldabréf nr. XXXX að fjárhæð kr. 30.000.000 til varnaraðila. Skyldi lánið endurgreiðast með 30 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. mars 1996. Var B settur að veði til tryggingar skilvísium greiðslum. Veðið var síðan flutt á C (síðar D) hinn 30. apríl 1997 og hinn 8. ágúst 1998 var einnig tekið veð í B. Hinn 22. desember 1997 voru gerðar breytingar á greiðsluskilmálum bréfsins, m.a. þess efnis að lánið skyldi eftirleiðis tengt gengi þýsks marks (DEM). Voru eftirstöðvar þann dag DEM 679.908,37 og bréfið þá nr. XXXX. Hinn 25. febrúar 1999 var D leyst úr veðböndum og nýtt veð tekið í E (síðar C). Hinn 27. október 1999 var samið um veðflutning, skuldskeytingu og skilmálabreytingu og yfirtók sóknaraðili þá skyldur skuldara samkvæmt fyrrgreindu skuldabréfi. Jafnframt var veðið flutt af B og síðargreindum C og lánið tryggt með 7. veðrétti í F og 3. veðrétti í G (síðar H). Hinn 5. október 2001 var I sett að veði og H

Hinn 22. desember 1997 gaf A út tvö skuldabréf nr. XXXX og XXXX til varnaraðila, annars vegar að fjárhæð 124.498.358,26 japönsk jen og hins vegar DEM 1.060.412,21, sem greiða skyldi að fullu með 48 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 5. júlí 1998. Voru lánin tryggð með 3. og 4. veðrétti í C (síðar D), en síðar var einnig tekið veð í B. Hinn 25. febrúar 1999 var tekið nýtt veð í E (síðar C). Hinn 27. október 1999 var samið um veðflutning, skuldskeytingu og skilmálabreytingu og yfirtók sóknaraðili þá skyldur skuldara samkvæmt fyrrgreindu skuldabréfi. Jafnframt var veðið

flutt af B og síðargreindum C og lánin tryggð með 6. og 8. veðrétti í F og 2. og 4. veðrétti í G (síðar H). Hinn 5. október 2001 var I sett að veði og H í framhaldinu leystur úr veðböndum.

Hinn 21. september 2001 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila bréflaga um að varnaraðili hygðist í samræmi við ákvæði skuldabréfanna breyta vaxtaálagi samkvæmt þeim „úr LIBOR plús 2,20% álag í LIBOR plús 3,50% álag“. Var sóknaraðila veittur 30 daga frestur til að greiða lánið upp að fullu með því álagi sem í gildi var fram að breytingunni. Þá sagði jafnframt að bærist ekki tilkynning um slíkt frá sóknaraðila tæki breyting á vaxtaálagi gildi að liðnum 30 dögum. Ennfremur var þess getið að ekki kæmi til uppgreiðsluþóknunar kysi sóknaraðili að greiða lánin upp.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi verið ósáttur við hækkun vaxtaálags og hafi í því skyni leitað leiða til að endurfjármagna lánin. Með rafpósti, dagsettum 5. maí 2002, spurðist sóknaraðili fyrir um það hvort varnaraðili væri fánlegur til að framselja J umrædd skuldabréf í því skyni að spara sóknaraðila stimpilgjöld. Svaraði varnaraðili því til daginn eftir að það ætti að vera hægt enda yrðu bréfin greidd upp.

J hafði síðan milligöngu um uppgreiðslu lánanna. Í rafpósti varnaraðila til starfsmanns þess fjármálafyrirtækis kemur m.a. fram að varnaraðili muni framselja J bréfin þegar þau hefðu verið greidd að fullu. Var jafnframt í póstinum gefið upp uppgreiðsluverðmæti viðkomandi skuldabréfa. Bréfin voru greidd upp 6. júní 2002 og framseld J. Gaf varnaraðili þá út kvittanir fyrir greiðslu lánanna og er þar tilgreindur sem kostnaður uppgreiðsluþóknunar af öllum bréfunum, alls 9.491,35 evrur og 1.327.983 japönsk jen eða sem svarar kr. 1.772.428 miðað við sölugengi hlutaðeigandi gjaldmiðla þann dag.

Með rafpósti, dagsettum 13. september 2002, kvartaði starfsmaður J við varnaraðila yfir umræddri uppgreiðsluþóknun. Hið sama gerði sóknaraðili með rafpósti 14. og 18. október 2002 og óskaði þá eftir því að þóknunin yrði endurgreidd félaginu. Með bréfi, dagsettu 4. nóvember 2002, hafnaði varnaraðili þessari kröfu sóknaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með ódagsettri kvörtun, móttækinni 27. nóvember 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili vísar til þess að engin ákvæði séu í umræddum skuldabréfum um uppgreiðsluþóknun og aldrei hafi komið fram sá skilningur varnaraðila að um slíka þóknun yrði að ræða. Hafi varnaraðili samþykkt án skilyrða um uppgreiðsluþóknun að viðkomandi skuldabréf yrðu greidd upp fyrir en gert var ráð fyrir í bréfunum og viðaukum þeirra.

Sóknaraðili mótmælir því að tilkynning varnaraðila um breytingu á vaxtaálagi hafi einhverja þýðingu í þessu sambandi. Geti texti þar um uppgreiðsluþóknun ekki veitt varnaraðila rétt sem hann hafi ekki haft fyrir. Þá sé ennfremur um framsal krafna að ræða en ekki uppgreiðslu á skuldinni. Þá mótmælir sóknaraðili því að varnaraðili geti byggt rétt sinn á texta í skuldabréfunum um kostnað samkvæmt gjaldskrá enda komi fram í bréfi varnaraðila að hann sé að innheimta umrædda þóknun fyrir því að verða af ávöxtun fjár síns. Þá sé ekki að finna í gjaldskrá varnaraðila ákvæði um að greiða skuli sérstaka þóknun til varnaraðila við framsal á skuld til annars fjármálafyrirtækis eða bætur vegna tapaðrar ávöxtunar.

Sóknaraðili kveðst vísa málinu til úrskurðarnefndarinnar í því skyni að hún hlutist til um leiðréttingu málsins.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili vísar öllum málatilbúnaði sóknaraðila á bug og telur sig hafa verið í fullum rétti þá er hann innheimti umdeilda uppgreiðsluþóknun.

Varnaraðili vísar til þess að í tilkynningu sinni til sóknaraðila, dagsettri 21. september 2001, komi skýrt fram að varnaraðili hygðist innheimta uppgreiðsluþóknun kæmi til uppgreiðslu umræddra skuldabréfa af öðrum ástæðum en vegna vaxtahækkunar eða eftir þann frest sem veittur var í tilkynningunni. Fælist því áskilnaður um uppgreiðsluþóknun í tilkynningunni kæmi til uppgreiðslu við aðrar aðstæður en leiddu af hækkun vaxtaálags. Kveður varnaraðili gjaldskrá sína gera ráð fyrir slíkri þóknun eða sem svari 0,2% fyrir hvert ár sem eftir sé af lánstíma. Hafi átta ár verið eftir af lánstíma skuldabréfa þeirra sem hér um ræðir og sé uppgreiðsluþóknun því 1,6% eins og fram komi á kvittunum sem sendar voru sóknaraðila 6. júní 2002.

Varnaraðili kveður sóknaraðila ekki hafa nýtt sér heimild til uppgreiðslu án kostnaðar eins og honum hafi verið heimilt innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar sóknaraðila. Hafi sóknaraðili síðar leitað eftir því við varnaraðila að bréfin yrðu framseld J í því skyni að spara sóknaraðila stimpilgjöld. Hafi sóknaraðila verið tjáð að það ætti að vera unnt yrðu bréfin greidd upp. Hafi skilyrði fyrir afhendingu bréfanna því verið sett með skýrum hætti.

Varnaraðili segir það leiða af almennum reglum kröfu- og samningaréttar að borið hafi að efna þann samning sem í skuldabréfunum fólst á þeim tíma og með þeim hætti sem efni þeirra beri með sér. Hafi því verið óheimilt án sérstaks samþykkis kröfuhafa að breyta þeim samningi. Óski skuldari eftir breytingu á efndatíma eða efndahætti setji varnaraðili í tilvikum sem þessum það skilyrði að greidd sé uppgreiðsluþóknun samkvæmt gjaldskrá sem sé öllum aðgengileg.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við innheimtu uppgreiðsluþóknunar fyrr en rúmum þremur mánuðum eftir að hann fékk sendar kvittanir fyrir greiðslu skuldabréfanna. Í það minnsta hafi honum mátt vera ljóst með hliðsjón af fyrri samskiptum aðila að krafist yrði uppgreiðsluþóknunar.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Af gögnum málsins verður ráðið að umdeild uppgreiðsluþóknun sem varnaraðili innheimti hinn 6. júní 2002 hafi numið alls 9.491,35 evrum og 1.327.983 japönskum jenum eða sem svarar kr. 1.772.428 miðað við sölugengi hlutaðeigandi gjaldmiðla þann dag. Þykir mega skilja málatilbúnað sóknaraðila svo að hann krefjist þess að varnaraðili greiði honum þá fjárhæð en varnaraðili hefur ekki gert athugasemdir við málatilbúnað sóknaraðila að þessu leyti. Málatilbúnaður varnaraðila verður ekki skilinn á annan veg en að hann krefjist þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Í kröfurétti gildir sú meginregla að skuldari skuli efna skyldur sínar á þeim stað og tíma og með þeim hætti sem samið er um hverju sinni. Kjósi skuldari að efna skyldur sínar fyrr en um er samið þarf að semja þar um við kröfuhafa sem kann að setja fram skilyrði fyrir slíkum efndum, þ. á m. greiðslu sérstakrar uppgreiðsluþóknunar. Gera verður kröfur til þess að slík uppgreiðsluþóknun sé sett fram með skýrum hætti.

Í umræddum þremur skuldabréfum er kveðið á um að skuldari skuldbindi sig til að greiða á hverjum umsaminna gjalddaga kostnað af innheimtu hvernar greiðslu af viðkomandi bréfi samkvæmt gjaldskrá varnaraðila. Þar er jafnframt að finna ákvæði um færslu skuldabréfanna milli vaxtaflokka. Er þar mælt fyrir um það að vilji skuldari ekki una við breytinguna sé honum heimilt að greiða skuldina upp með því vaxtaálagi sem í gildi var fram að breytingunni enda hafi hann að fullu greitt skuldina innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar fjármálagfyrirtækisins. Í tilkynningu varnaraðila til sóknaraðila um breytingu á vaxtaálagi, dagsettri 21. september 2001, var tiltekið að uppgreiðsluþóknun kæmi ekki til kysis sóknaraðili að greiða lánin upp.

Ekki er að finna í téðum skuldabréfum nein ákvæði um uppgreiðslu þeirra. Þá verður fyrrgreind tilkynning varnaraðila ekki skilin svo að sóknaraðili hafi mátt ætla að uppgreiðsluþóknunar yrði skilyrðislaust krafist kæmi til uppgreiðslu bréfanna eftir umræddan 30 daga frest og breytingu á vaxtaálagi. Verður innheimta slíkrar þóknunar rúmum átta og hálfum mánuði eftir dagsetningu umræddrar tilkynningar ekki réttlætt með vísan til hennar. Er þá og til þess að líta að hækkun á vaxtaálagi hafði þá þegar verið í gildi um nokkurt skeið.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að varnaraðili hafi nokkru sinni gert sóknaraðila kunnugt um að sérstakrar þóknunar yrði krafist við uppgreiðslu skuldabréfanna og þar með gefið sóknaraðila færi á að meta hvort hann vildi greiða upp bréfin þrátt fyrir umrædda þóknun. Í þessu sambandi er þess sérstaklega að geta að í málinu liggja fyrir afrit af rafpósti milli starfsmanns J, sem hafði milligöngu um uppgreiðslu lánsins fyrir hönd sóknaraðila, og varnaraðila þar sem varnaraðili er sérstaklega inntur eftir því hvort hann muni ekki gefa upp stöðu lánanna í viðkomandi myntum, þ.e. höfuðstól og vexti, og yrði sú fjárhæð greidd inn á reikning varnaraðila. Í svari varnaraðila er tilgreint uppgreiðsluverðmæti viðkomandi skuldabréfa í einni ósundurliðaðri fjárhæð fyrir hvert skuldabréf. Mátti sóknaraðili miðað við fyrrgreind samskipti ekki vænta annars en að tilgreind fjárhæð skuldar samkvæmt hverju skuldabréfanna tæki einungis til höfuðstóls og vaxta eins og reiknað hafði verið með af hans hálfu. Var því sérstök ástæða fyrir varnaraðila að vekja athygli sóknaraðila á því að hann hygðist krefjast sérstakrar uppgreiðsluþóknunar enda mátti honum vera ljóst að af hálfu sóknaraðila var einungis reiknað með greiðslu höfuðstóls og vaxta. Verður varnaraðili, sem hefur atvinnu af bankaviðskiptum og býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu á því sviði, að bera allan halla af því hvernig staðið var að málum af hans hálfu við uppgreiðslu bréfanna og að hafa ekki sett fram með skýrum hætti kröfu um sérstaka þóknun af því tilefni.

Með vísan til alls framanritaðs og að öðru leyti til atvika máls þykir rétt að taka kröfu sóknaraðila til greina og gera varnaraðila að greiða honum kr. 1.772.428. Eins og málatilbúnaði sóknaraðila er háttað þykir ekki koma til álita að kveða á um vexti og/eða dráttarvexti af þeirri fjárhæð.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, fjármálafyrirtækið F, greiði sóknaraðila, M, kr. 1.772.428.

Reykjavík, 18. febrúar 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Helgi Sigurðsson

Ólög Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, fimmtudaginn 13. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Helgi Sigurðsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 19/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefnt varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 22. nóvember 2002 með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 15. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. desember 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 16.12. 2002. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20.12. 2002, og sóknaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 02.01. 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 19. desember 2002 og 6. og 10. janúar og 13. febrúar 2003.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 14. apríl 2002 gerði sóknaraðili framvirkan samning við A um sölurétt á hlutafé í B. Samkvæmt samningi aðila var sóknaraðili skuldbundinn til að kaupa í síðustu viku maímánaðar 2002 7.500.000 nafnverðseiningar í B af A á genginu 10,0 ef A óskaði eftir að nýta þann sölurétt sinn.

Samkvæmt 6. gr. samnings aðila skyldi sóknaraðili í fyrstu (sic) viku aprílmánaðar leggja fram tryggingarvixil að fjárhæð kr. 75.000.000, þ.e sem svaraði til þeirrar fjárhæðar, sem greiða skyldi fyrir umsamdar nafnverðseiningar, ákvæði A að nýta sér sölurétt sinn. Í málinu liggur fyrir ljósrit framhliðar víxileyðublaðs með árituninni „Tryggingarvixill“. Er eyðublaðið óútfyllt að því er varðar útgáfudag og gjalddaga. Útgefandi er C, greiðandi varnaraðili og ábekingur tilgreindur D. Á ljósritinu er að finna áritun E, sem er til húsa á sama stað og varnaraðili, fyrir móttöku þó ekki komi fram hvenær sú móttaka á að hafa átt sér stað. Ekki er deilt um að varnaraðili hafi tekið við víxileyðublaðinu en aðilum ber ekki saman hvernig svo háttáði til eða í hvaða tilgangi það var.

Hinn 27. júní 2002 var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur mál nefnds A á hendur varnaraðila, útgefanda og ábekingi víxilsins. Gerði A þar kröfu um að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum víxilfjárhæðina ásamt dráttarvöxtum frá 6. júní 2002 til greiðsludags. Í stefnu er víxillinn sagður útgefinn 5. júní 2002 en gjalddagi 6. sama mánaðar. Ekki er þar tilgreint hvernig nánar var staðið að formgildingu víxilsins eða hver nánari aðdragandi hennar var. Ljósrit víxilsins fylgir ekki málgögnum.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 20. ágúst 2002, kvartaði lögmaður sóknaraðila, fyrir hans hönd, útgefanda og ábekingis umrædds víxils, yfir heimildarlausri afhendingu tryggingarvíxilsins. Kvað lögmaðurinn víxillinn hafa verið afhentan E fyrir hönd varnaraðila að undirlagi C. Varnaraðili hafi tekið við víxlinum og síðar afhent hann þriðja manni (sic), A, án þess að hafa til þess heimild. Var í bréfinu farið fram á að varnaraðili hlutaðist til um að víxillinn yrði afhentur útgefanda, greiðanda og ábekingi víxilsins eða gengi með öðrum hætti frá samningi við handhafa víxilsins þannig að hinir þrír fyrrnefndu yrðu ekki fyrir tjóni vegna málsins.

Með bréfi til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 30. ágúst 2002, var því lýst yfir af hálfu varnaraðila að hann teldi sig ekki geta haft milligöngu um að leysa úr ágreiningi milli umbjóðenda lögmannsins og nefnds A.

Með samkomulagi sóknaraðila og nefnds A, dagsettu 30. september 2002, féllst sóknaraðili á að greiða A kr. 5.000.000 gegn því að A félli frá öllum hugsanlegum kröfum sem hann kynni að eiga á hendur sóknaraðila vegna samnings aðila, dagsetts 14. apríl 2002, um kaup á hlutabréfum í B. Kemur fram í samkomulaginu að deilur hafi staðið milli aðila um gildi og túlkun umrædds samnings. Samkvæmt samkomulaginu skyldi A skila sóknaraðila umþrættum tryggingarvíxli að fjárhæð kr. 75.000.000. Var því jafnframt lýst yfir af hálfu A að hann myndi ekki gera kröfur vegna samningsins á hendur fyrrnefndum D og C. Þá lýstu aðilar því yfir að þeir ættu engar frekari kröfur hvor á annan í tengslum við fyrrnefndan samning.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 6. september 2002 (mál nr. 12/2002). Málinu var vísað frá úrskurðarnefndinni með úrskurði uppkveðnum 5. nóvember 2002. Sóknaraðili hefur nú lagt mál sitt að nýju fyrir úrskurðarnefndina með kvörtun, dagsettri 15. nóvember 2002.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 5.000.000 með dráttarvöxtum frá 30. september 2002 til greiðsludags.

Að hálfu sóknaraðila er á því byggt að sú meginregla gildi um fjármálafyrirtæki sem taki við verðmætum að þau afli sér skýlausrar heimildar til að afhenda þriðja manni peninga eða viðskiptabréf sem þeim hafi verið treyst fyrir til varðveislu. Hafi því ekki verið til að dreifa í máli þessu. Hafi varnaraðili þverbrotið ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 13, 1996. Þá kveður sóknaraðili varnaraðila hafa átt að útvega sér umboð áður en sóknaraðili afhenti A umræddan tryggingarvíxil. Í ljósi fjárhæðar víxilsins sé enn fremur eðlilegt að leggja þá skyldu á varnaraðila að hann sýni fram á skýlausa heimild til afhendingar og/eða framsals.

Sóknaraðili vísar til þess að samkomulag hafi verið með aðilum um að víxillinn skyldi varðveittur hjá varnaraðila. Hafi sóknaraðili sérstaklega haft samband við varnaraðila þessu til staðfestingar. Breyti engu í þessu sambandi þótt ekki sé minnst á

varnaraðila í samningi aðila. Um leið og afhending víxilsins hafi átt sér stað hafi stofnast varðveisluskylda (sic) hjá varnaraðila, sem hann hafi brotið gegn með heimildarlausri afhendingu víxilsins. Hafi varnaraðili ekki viljað varðveita víxilinn hafi hann átt að skila honum til þess er fól honum víxilinn en ekki til þriðja manns (sic).

Sóknaraðili kveðst hafa metið stöðu sína svo að til að forða frekara tjóni hafi verið vænlegast að gera fyrrgreint samkomulag við A og greiða honum kr. 5.000.000. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi valdið sér tjóni sem þeirri fjárhæð nemur með því að afhenda margnefndan tryggingarvixil án heimildar.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili kveðst aldrei hafa fallist á að varðveita margumræddan víxil. Þjóði varnaraðili ekki upp á þá þjónustu að varðveita víxla, sem aðilar ótengdir varnaraðila hafi gefið út til tryggingar viðskiptasamningum sín á milli, án aðildar varnaraðila eða vitneskju hans þar um. Noti varnaraðili víxla eingöngu í þeim tilgangi að kaupa þá sem skuldaskjöl. Staðhæfingu sóknaraðila um að varðveisluskylda (sic) hafi myndast hjá varnaraðila vegna móttöku víxilsins er mótmælt sem órökstuddri.

Varnaraðili viðurkennir að hafa tekið á móti téðum víxli. Hafi nefndur A haft samband við útibússtjóra varnaraðila og beðið hann um að taka við víxlinum fyrir sína hönd og hafi útibússtjórinn fallist á það. Hafi það eingöngu verið í greiðaskyni við A sem útibúið tók við víxlinum. Engin fyrirmæli eða takmarkanir hafi verið settar á afhendingu víxilsins til A af hálfu útgefanda, greiðanda eða ábekings víxilsins. Sé því ótvírætt að varnaraðila hafi ekki verið unnt að synja A um afhendingu víxilsins þegar eftir því var leitað af hans hálfu. Þá hafi varðveisla víxilsins aldrei verið rædd við varnaraðila og þaðan af síður hafi varnaraðili verið upplýstur um efni samnings A og sóknaraðila um hugsanleg hlutabréfakaup í B. Þar af leiðandi hafi varnaraðila ekki verið kunnugt um hvaða tilgangi nefndur víxill gegndi í viðskiptum sóknaraðila og A.

Varnaraðili telur ákvæði laga nr. 13, 1996 ekki eiga við í máli þessu þar sem ekki hafi verið um verðbréfavíðskipti að ræða í skilningi laganna.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Úrskurðarnefndin hefur ákveðið að líta svo á að um nýtt mál milli aðila máls þessa sé að ræða. Koma því ekki til frekari skoðunar röksemdir varnaraðila varðandi heimild til endurupptöku máls nr. 12/2002.

Samkvæmt samningi sóknaraðila og A, dagsettum 14. apríl 2002, skyldi sóknaraðili leggja fram fyrstu vikuna í apríl (sic) tryggingarvixil að fjárhæð kr. 75.000.000. Í téðum samningi er kveðið á um skyldu sóknaraðila til að kaupa 7.500.000 nafnverðseiningar í B af A á genginu 10,0 kysi hann að nýta sölurétt sinn sem einungis gilti síðustu viku maímánaðar 2002. Skyldu umræddir hlutir í félaginu þá afhentir sóknaraðila gegn greiðslu umsamins kaupverðs, kr. 75.000.000.

Samningur aðila verður ekki skilinn öðruvísi en svo að umræddur víxill hafi verið til tryggingar réttum efnendum af hálfu sóknaraðila gagnvart A kæmi til þess að hann nýtti rétt sinn til sölu hlutabréfa í B. Í samningnum er hvergi minnst á vörslu umrædds víxils og er ekkert þar sem styður fullyrðingar sóknaraðila um að fela hafi átt varnaraðila víxilinn til varðveislu. Þegar litið er til samnings aðila og eðlis umrædds víxils, sem var



til að tryggja A fyrir tjóni vegna hugsanlegra vanefnda sóknaraðila, verður þvert á móti að telja eðlilegt og í samræmi við almenna viðskiptahætti að A fengi víxillinn í sínar hendur. Hvað sem framangreindu líður er ljóst að E veitti umræddum tryggingarvíxli viðtöku án þess að fram komi hvenær það var. Er og viðurkennt af hálfu varnaraðila að víxillinn hafi verið í vörslu hans. Það hafi hins vegar verið fyrir tilstuðlan A og vegna persónulegra kynna hans og eins útibússtjóra varnaraðila. Hvorki kemur hins vegar fram í gögnum málsins hvenær varnaraðili tók við víxlinum og af hverjum né hvenær hann var afhentur A. Er það aðfinnsluvert. Varnaraðili var ekki aðili að samningi sóknaraðila og A og er ósannað að honum hafi verið kunnugt um gerð hans fyrr en eftir að tryggingarvíxillinn komst í hans vörslu. Með hliðsjón af framansögðu og eins og málið liggur fyrir verður sóknaraðili, sem býr yfir þekkingu og reynslu í viðskiptum, að bera hallann af sönnunarskortu í þessum efnum, enda stóð það sóknaraðila nær að tryggja sér sönnun um fyrrgreind efni við gerð samnings við A.

Ekki liggur fyrir með skýrum hætti hvort A nýtti sér sölurétt sinn samkvæmt samningi aðila og hvort og þá hvenær hann fékk andvirði umræddra hluta í B greitt frá sóknaraðila. Hins vegar liggur fyrir að hann höfðaði mál til heimtu víxilfjárhæðarinnar á hendur sóknaraðila, sem var greiddandi umrædds tryggingarvíxils, og útgefanda og ábekingi víxilsins. Virðist hann þar með hafa fyllt út víxileyðublaðið að því er varðar útgáfu og greiðsludag og þar með formgilt víxilinn. Máli aðila lauk með samkomulagi, dagsettu 30. september 2002, með því að sóknaraðili greiddi A kr. 5.000.000. Eins og málið liggur fyrir úrskurðarnefndinni hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi efnt að fullu samning sinn við A og ekki skuldað honum fjármuni. Hefði meint óheimil afhending varnaraðila á tryggingarvíxlinum til A engu breytt um skuld sóknaraðila við A eða gert stöðu sóknaraðila gagnvart honum verri á nokkurn hátt. Er því enn ósannað að sóknaraðili hafi orðið fyrir nokkru raunverulegu tjóni af meintri saknæmri háttsemi varnaraðila jafnvel þótt sannað þætti að varnaraðili hefði ekki haft heimild til að afhenda A umræddan víxil.

Með vísan til alls framanritaðs og atvika máls að öðru leyti er kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila hafnað.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 13. febrúar 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Helgi Sigurðsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2003, fimmtudaginn 20. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Helgi Sigurðsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Ólöf Embla Einarsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2002**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hins vegar, hér eftir nefndur varnaraðili.

Málið barst úrskurðarnefnd 2. desember 2002 með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 29. nóvember 2002. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. desember 2002, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 9. janúar 2003. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. janúar 2003, og sóknaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 22. janúar 2003.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6. og 10. janúar, 13., 18. og 20. febrúar.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 6. september 1999 sótti A, hér eftir nefnd lántaki, um svonefnt launalán hjá varnaraðila að fjárhæð kr. 1.100.000. Skyldi lánstími vera þrjú og hálf ár með mánaðarlegum gjalddögum, hinum fyrsta 5. október 1999. Til tryggingar láninu kvaðst lántaki vilja setja að handveði tryggingarbréf. Þá myndu sóknaraðilar og sonur lántaka, sem þá var tæpra 18 ára, takast á hendur sjálfskuldarábyrgð. Óskaði lántaki eftir því að varnaraðili millifærði greiðslur hennar á afborgunum og vöxtum af væntanlegu láni af sparisjóðsbók hjá varnaraðila. Varnaraðili samþykkti að veita lántaka lánið hinn 16. september 1999 með áritun á umsóknina og var þá merkt við viðeigandi reiti þess efnis að til tryggingar væri handveð auk sjálfskuldarábyrgðar.

Hinn 16. september 1999 gaf áðurnefndur lántaki í samræmi við ofangreint út skuldabréf til varnaraðila að fjárhæð kr. 1.100.000. Er þar tilgreint að varnaraðila sé sett að veði með 1. veðrétti tryggingarbréf nr. XXX. Til tryggingar skilvisri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vísitöluálags, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða og skuldara bæri að greiða að skaðlausu tókust sóknaraðilar og sonur lántaka á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Gilti ábyrgðin jafnt þótt

greiðslufrestur yrði veittur á láninu, einu sinni eða oftari og eins þótt skipt yrði um ábyrgðaraðila, uns skuldin væri að fullu greidd. Þá var og tekið fram að ábyrgðin gildi þótt breyting yrði gerð á vaxtakjörum, þ.m.t. vaxtaálagi. Ágreiningslaust er með aðilum að sonur lántaka hafi verið ófjárráða þá er hann tókst á hendur umrædda sjálfskuldarábyrgð.

Hinn 17. september 1999, degi eftir útgáfu skuldabréfsins, rituðu sóknaraðilar og áðurgreindur sonur lántaka undir staðlaða yfirlýsingu á vegum varnaraðila þar sem þau staðfestu að þau hefðu kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir. Í yfirlýsingunni er að finna ákvæði um greiðslumat þar sem ábyrgðarmönnum er gefinn kostur á að merkja við reiti merktá já og nei sem svar við spurningunni hvort þeir óski eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði metin. Er tekið fram að greiðslumatið taki eingöngu til könnunar á fjármálum greiðanda hjá varnaraðila og uppfléttingar í vanskilaskrá. Hafi varnaraðili ekki aðrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu greiðanda undir höndum. Sérstaklega var tekið fram í stöðluðum texta yfirlýsingarinnar að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Sóknaraðilar merktu við hvorugan fyrrgreindra reita.

Hinn 17. september gaf B, út svonefnt tryggingarbréf með handveði þar sem hann setti varnaraðila að handveði fimm húsbréf, hvert að nafnvirði 100.000, samtals þá að markaðsvirði kr. 1.045.018 og tryggingarvixil að fjárhæð kr. 100.000 fyrir áðurgreindu láni til lántaka. Var varnaraðila heimilað hvenær sem væri að taka sér greiðslu af handveðinu eins og þörf krefði að hans mati til lúkningar skuld lántaka við varnaraðila, auk vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða.

Hinn 31. mars 2000 var gerð breyting á greiðsluskilmálum umrædds skuldabréfs. Hækkuðu eftirstöðvar nafnverðs bréfsins og var gjalddögum þess fjölgað úr 42 í 72. Að öðru leyti skyldu ákvæði skuldabréfsins haldast óbreytt. Samþykktu sóknaraðilar og sonur útgefanda, sem þá var orðinn fjárráða, breytinguna fyrir sitt leyti.

Hinn 25. apríl 2001 var sóknaraðilum tilkynnt að skuldabréfið hefði verið sent í innheimtu til lögfræðings vegna vanskila. Var þeim sent innheimtubréf hinn 30. maí 2001 og greiðsluáskorun 10. júní 2002. Með bréfi, dagsettu 29. ágúst 2002, óskaði lögmaður sóknaraðila upplýsinga um hvort húsbréf og tryggingarvixill, sem varnaraðili hefði að handveði samkvæmt áðurnefndu tryggingarbréfi, hefðu verið hagnýttar til greiðslu skuldarinnar. Var enn fremur óskað skýringa á því hvernig á því stæði hefði það ekki verið gert. Í bréfi lögmanns varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 24. september 2002, var tekið fram að ekkert benti til þess að ábyrgð sóknaraðila hafi átt að vera til vara, þ.e. að varnaraðila hafi verið skylt að ganga fyrst að handveðinu. Í bréfi sínu til lögmanns varnaraðila, dagsettu 4. október 2002, kvaðst lögmaður sóknaraðila ráða það af svari lögmanns varnaraðila að handveðsettar tryggingar hafi ekki verið hagnýttar og óskaði hann upplýsinga um hvort þær væru ekki enn til staðar.

Með bréfi sínu, dagsettu 5. nóvember 2002, gerði lögmaður sóknaraðila lögmanni varnaraðila grein fyrir því að tilraunir sóknaraðila til að afla trygginga vegna aðfarabeidna varnaraðila hefðu ekki tekist. Hafði aðfarargerðum þá verið frestað í tvígang að sögn lögmannsins. Var lögmanni varnaraðila tilkynnt að sóknaraðilar hefðu falið lögmanni sínum að skjóta málinu til úrskurðarnefndarinnar. Árangurslaust fjárnám var gert hjá sóknaraðilum hinn 26. nóvember 2002.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 29. nóvember 2002.

### III.

### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess „að litið verði svo á að sjálfskuldarábyrgð á veðskuldabréf sé ógild“.

Sóknaraðilar byggja málatilbúnað sinn á því að forsendur fyrir sjálfskuldarábyrgð þeirra hafi brostið. Benda sóknaraðilar í fyrsta lagi á að varnaraðili hafi fallið einhliða frá veðtryggingu skulda með því að afla ekki samþykkis veðsala fyrir skuldbreytingu hinn 31. mars 2000. Hafi honum verið óheimilt að gefa þá tryggingu eftir án samþykkis kærenda. Kveða sóknaraðilar veðtrygginguna hafa verið ákvörðunarástæðu fyrir sjálfskuldarábyrgð sinni og síðar fyrir samþykki skuldbreytingar. Hafi forsendur ábyrgðarinnar þar með brostið og leiði það til ógildis ábyrgðaryfirlýsingar þeirra. Segja sóknaraðilar breytingu á greiðsluskilmálum skuldabréfsins hvorki hafa borið með sér að fallið hefði verið frá veðtryggingunni né að þau hefðu samþykkt það. Hafi sérstaklega verið tekið fram í skjalinu að önnur ákvæði skuldabréfsins en vörðuðu gjaldlega héldust óbreytt. Telja sóknaraðilar varnaraðila hafa leynt þau upplýsingum sem hafi haft grundvallarþýðingu við undirritun skjalsins. Hafi veðtryggingin ekki eingöngu verið varnaraðila til hagsbóta heldur ennfremur sóknaraðilum.

Í öðru lagi vísa sóknaraðilar til þess að forsenda hafi brostið fyrir ábyrgð þeirra þar sem í ljós hafi komið að þriðja ábyrgðarmanninn hafi skort gerhæfi til að taka slíka ábyrgð á sínar herðar. Hafi sjálfskuldarábyrgðarmenn því verið færri en til stóð í upphafi. Þá hafi ennfremur skipt miklu máli við ákvörðun sóknaraðila að um son lántaka hafi verið að ræða.

Í þriðja lagi kveða sóknaraðilar varnaraðila hafa brotið gegn reglum fjármálastofnana um notkun sjálfskuldarábyrgða. Hafi varnaraðili virt að vettugi skyldu til að meta greiðslugetu aðalskuldara og kynna sóknaraðila niðurstöðu þess mats. Þá hafi varnaraðili ekki upplýst sóknaraðila um fjárhagsvanda aðalskuldara, m.a. um að tvívegis hefði verið gert hjá honum árangurslaust fjárnám, annars vegar árið 1995 og hins vegar árið 1996. Ennfremur hafi sóknaraðilar ekki verið upplýstir um að fallið hefði verið frá veði í tryggingarbréfi. Loks hafi varnaraðili brotið gegn reglunum með því að heimila 17 ára syni lántaka að gangast í sjálfskuldarábyrgð.

Loks vísa sóknaraðilar til ákvæða laga um neytendalán nr. 121, 1994 og 36. gr. samningalaga nr. 7, 1936.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður viðskiptavin sinn til margra ára, fyrrgreindan B, hafa farið þess á leit við sig í byrjun september 1999 að varnaraðili lánaði lántaka kr. 1.100.000 til einhverra ára en lántaki hafi skuldað B húsaleigu. Hafi hún verið í ágætri vinnu og getað útvegað ábyrgðarmenn. Myndi B gera baksamning (sic) við varnaraðila til tryggingar greiðslu skuldarinnar um að leggja að handveði húsbref og tryggingarvixil. Hafi lántaki í framhaldi af þessu ritað undir lánsúmsókn og þar tilgreint væntanlega ábyrgðarmenn. Hafi henni verið tjáð að formlega yfirlýsingu ábyrgðarmanna þyrfti um að þeir hefðu kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila um ábyrgðarmenn. Hafi hvorki væntanlegum lántaka né ábyrgðarmönnum verið kunnugt um bakábyrgð (sic) B á þessari stundu og hún því ekki verið ákvörðunarástæða fyrir undirritun þeirra.

Varnaraðili kveður ábyrgðarmenn hafa undirritað yfirlýsingu um að hafa kynnt sér fyrrgreindan bækling og að ekki hafi verið merkt við á yfirlýsingunni að óskað væri eftir mati á greiðslugetu lántaka. Segir varnaraðili ábyrgðarmenn vera vini hennar og því

kunnugt um aðstæður hennar. Síðan hafi verið ritað undir umrætt skuldabréf og andvirði þess notað til greiðslu á skuld lántaka við B. Kveður varnaraðili að reynt hafi verið í upphafi að ganga að aðalskuldara þegar bréfið lenti í vanskilum og hafi aðfarargerð lokið með árangurslausu fjárnámi. Hafi af þeirri ástæðu verið tekin ákvörðun um að ganga að ábyrgðarmönnum með aðfarargerð.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi hvorki gert kröfu um að gert yrði sérstakt mat á greiðslugetu lántaka, né að fá niðurstöðu þess. Hafi það hvorki verið ákvörðunarástæða fyrir því að sóknaraðilar tókust á hendur ábyrgð á umræddu láni að fyrir lægi handveð til tryggingar skuldinni né hver staða lántaka hafi verið við lánveitinguna enda hafi þeim mátt vera það ljóst. Hafi upplýsingar um handveðið fyrst komið í ljós á skuldabréfinu fyrir mistök starfsmanns varnaraðila sem hafi sett upplýsingar um trygginguna í form bréfs en hún hafi hins vegar aðeins átt að vera bakábyrgð milli varnaraðila og handveðsala. Heldur varnaraðili því fram að það sé ekki mál ábyrgðarmanna hvort fallið hafi verið frá veðtryggingunni, auk þess sem þeim hafi ekki verið kunnugt um efni hennar fyrr en eftir að innheimtuaðgerðir beindust að þeim. Hafi sóknaraðilar og ritað undir skuldbreytingu án athugasemda þrátt fyrir að samþykki handveðsala lægi ekki fyrir.

Varnaraðili telur það ekki leysa sóknaraðila undan ábyrgð þótt ábyrgð sonar sóknaraðila hefði fallið niður sökum þess að hann hafi verið ófjárráða við útgáfu skuldabréfsins. Vísar varnaraðili til fyrrgreinds kynningarbæklings sem sóknaraðilar hafi kynnt sér þar sem fram komi að miða skuli við að ábyrgðarmenn séu ekki yngri en tvítugir. Hafi þeim mátt vera ljóst að hann hafi verið of ungur og auk þess ófjárráða. Þá bendir varnaraðili á að sonur lántaka hafi verið orðinn fjárráða þá er hann ritaði undir skuldbreytingu lánsins. Hafi hann með þeirri undirritun tekist á hendur ábyrgð á greiðslu lánsins.

Varnaraðili mótmælir því sem röngu að hann hafi brotið reglur fjármálastofnana um notkun sjálfskuldarábyrgðar. Þá brjóti hin umdeildu skuldabréfaviðskipti hvorki í bága við lög um neytendalán nr. 124, 1994 né 36. gr. samningalaga nr. 7, 1936.

## V.

### Niðurstaða.

Í málinu gera sóknaraðilar kröfu um að sjálfskuldarábyrgð þeirra á greiðslu láns samkvæmt tilteknu skuldabréfi verði ógilt. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt 5. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá nefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Gögn málsins bera ekki með sér að sóknaraðilar hafi krafist þess að varnaraðili felldi niður sjálfskuldarábyrgð þeirra, hvorki á grundvelli brostinna forsenda né annarra ástæðna. Varnaraðili hefur hins vegar ekki gert athugasemdir við málatilbúnað sóknaraðila að þessu leyti og þykja því ekki efni til að vísa málinu frá nefndinni af þessum sökum.

Óumdeilt er í málinu að sóknaraðilar gengust í sjálfskuldarábyrgð fyrir láni að fjárhæð kr. 1.100.000. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. þágildandi samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsetts 27. janúar 1998, var fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda þegar óskað væri sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem næmi meira en kr. 1.000.000, sbr. nú 3. mgr. 3. mgr. samkomulags

um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001. Er og tekið fram í stöðluðum texta í yfirlýsingu sjálfskuldarábyrgðaraðila að greiðslumat fari ávallt fram ef lánsfjárhæð er hærri en kr. 1.000.000. Samkvæmt þágildandi samkomulagi skyldi tryggt að viðskiptamaður gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengist í ábyrgðina enda lægi fyrir að greiðandi hefði samþykkt það. Þá bæri fjármálafyrirtæki að upplýsa ábyrgðarmann ef niðurstaða greiðslumats benti til að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Samkvæmt framansögðu hvíldi sú skylda á varnaraðila að meta greiðslugetu lántaka áður en sóknaraðilar gengust í ábyrgð til tryggingar skuldbindingum hennar við varnaraðila. Fyrir liggur að varnaraðili fullnægði ekki þessari skyldu sinni. Var skylda þessi óháð því hvort sóknaraðilar óskuðu eftir slíku greiðslumati eður ei. Þá breytir meint vinfengi sóknaraðila við lántaka hér engu um.

Þá liggur fyrir að umrætt skuldabréf var gefið út 16. september 1999 en yfirlýsing sóknaraðila um að þau hefðu kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgð og þar sem vikið er að fyrrgreindu greiðslumati var gefin degi síðar hinn 17. september 1999. Liggur ekki annað fyrir en að þau hafi þá þegar verið búin að rita undir sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Ljóst er að greiðslumat það, sem varnaraðila var skylt að framkvæma, hefði leitt í ljós að gert hefði verið árangurslaust fjárnám í tvígang hjá lántaka örfáum árum áður, auk þess sem upplýst hefði verið um önnur vanskil hans. Verður varnaraðili að bera allan halla í þeim efnum enda hlaut honum að vera ljós fjárhagsstaða lántaka eða mátti altjont vera hún ljós. Má draga stórlega í efa að niðurstaða greiðslumats hefði getað orðið önnur en sú að lántaki gæti ekki efnt skuldbindingar sínar en sú niðurstaða hefði eðli máls samkvæmt haft verulega þýðingu fyrir ákvörðun sóknaraðila um hvort þau skyldu gangast í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar þeim skuldbindingum.

Samkvæmt frásögn varnaraðila sjálfs var fyrrgreint lán veitt að beiðni viðskiptavinar varnaraðila sem lántaki skuldaði húsaleigu og rann andvirði þess til þessa viðskiptavinar varnaraðila. Lagði hann að handveði til tryggingar láninu viðskiptabréf að verðmæti 1.145.018 sem var hærri fjárhæð en lánsfjárhæðin. Gaf hann út tryggingarbréf vegna þessa hinn 17. september 1999, degi eftir útgáfu skuldabréfsins. Í lánsúmsókn, dagsettri 6. september 1999, kemur fram að væntanlegur lántaki, vilji setja að veði „*TR.BRÉF XXX*“ og í skuldabréfinu sjálfu, sem sóknaraðilar undirrituðu sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar, segir að varnaraðila sé sett að veði með 1. veðrétti „*Tryggingarbréf no. XXX*“. Verður því við það að miða að sóknaraðilar hafi staðið í þeirri trú að auk sjálfskuldarábyrgðar þeirra hefði varnaraðili handveð til tryggingar efnudum lántaka. Breytir þá engu hvaða hugmyndir varnaraðili hafði um þýðingu fyrrgreinds handveðs eða hvernig standi á tilgreiningu þess í skuldabréfinu. Verður varnaraðili, sem hefur atvinnu af bankaviðskiptum og býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu á því sviði, að bera allan halla af því hvernig staðið var að málum af hans hálfu við umrædda lánveitingu.

Varnaraðili hefur ekki mótmælt þeim fullyrðingum sóknaraðila að hann hafi létt handveði sínu af fyrrgreindum viðskiptabréfum. Eins og atvikum er háttað í máli þessu verður að telja að það hefði verið í samræmi við góða og eðlilega viðskiptahætti að fyrst yrði gengið að handveði áður en sjálfskuldarábyrgðarmenn yrðu krafðir um greiðslu skuldarinnar. Má því ætla, ekki hvað síst þegar litið er til tilurðar lánveitingarinnar, að

umrætt handveð hafi haft verulega þýðingu við ákvörðun sóknaraðila um að gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir lántaka.

Með vísan til alls framanritaðs og eins og atvikum máls þessa er að öðru leyti háttað þykir mega fallast á með sóknaraðilum að forsendur hafi brostið fyrir sjálfskuldarábyrgð þeirra á láni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af lántaka, hinn 16. september 1999, upphaflega að fjárhæð kr. 1.100.000, og sé ábyrgðin af þeim sökum ógild. Koma þá ekki til skoðunar ákvæði 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7, 1936 eða aðrar málsástæður sóknaraðila.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á láni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af A, hinn 16. september 1999, upphaflega að fjárhæð kr. 1.100.000, er ógild.

Reykjavík, 20. febrúar 2003.

Guðjón Ólafur Jónsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Helgi Sigurðsson

Ólöf Embla Einarsdóttir

Sölvi Sölvason